STJÓRNARTÍÐINDI A 11 — 1968

31. maí 1968. 143 Nr. 63.

LÖG

um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Að ég samkvæmt 3. gr. laga nr. 3 15. febrúar 1968, um breyting á lögum nr. 7 1963, um tollskrá o. fl., hef látið fella meginmál þeirra, ásamt meginmáli eldri laga um breyting á lögum nr. 7 1963, um tollskrá o. fl., að því leyti, sem þau eru enn í gildi, inn í meginmál laga nr. 7 1963, um tollskrá o. fl., og gef þau út hér með svo breytt:

I. KAPÍTULI

Tollskráin o. fl.

1. gr.

Af öllum vörum, sem koma eða eru fluttar inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða aðflutningsgjöld, nema annað sé tekið fram í lögum þessum eða öðrum sérstökum lögum, og skulu gjöldin vera eins og fyrir er mælt í eftirfarandi

tollskrá:

Almennar reglur um túlkun tollskrárákvæða.

Við skýringar á tollskránni skal fylgt eftirfarandi reglum:

1. Fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Tollflokkunin skal byggð á orðalagi tollskrárnúmera, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla, og fari það ekki í bága við orðalag tollskrárnúmeranna eða athugasemdanna, skal fylgt eftirfarandi reglum:
2. Þegar talað er um tiltekið efni í tollskrárnúmeri, tekur það ekki einungis til efnisins óblandaðs, heldur einnig til þess í blöndum eða í samböndum við önnur efni. Sérhver tilvísun til vara úr tilteknu efni tekur til vara, sem að öllu eða nokkru leyti eru úr því efni. Um tollflokkun blandaðra og samsettra vara fer eftir reglum 3. liðs hér á eftir.
3. Nú kemur það til álita skv. 2. lið að framan eða af öðrum ástæðum, að telja vörur til tveggja eða fleiri tollskrárnúmera, og skal þá tollflokkurinn fara eftir því, sem hér segir:
   a. Tollskrárnúmer, sem felur í sér nákvæmasta vörulýsingu, skal tekið fram yfir tollskrárnúmer með almennari vörulýsingu.
   b. Blöndur og samsettar vörur, sem eru úr ýmsum efnum eða eru samsettar af mismunandi hlutum og ekki verða flokkaðar eftir reglunni í a, skulu flokkaðar eftir því efni eða þeim hluta, sem helzt einkennir vöruna, enda verði slíku mati komið við.
   c. Ef ekki er hægt að flokka vörur eftir reglunum í a eða b hér á undan, skal telja þær til þess tollskrárnúmers, sem ber hæstan toll.

Reykjavík. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.

4. Ef svo er fyrir mælt í athugasemd við flokk eða kafla, að tilteknar vörur skuli ekki taldar til þess flokks eða kafla og vísað er til annars flokks eða kafla eða í ákveðið tollskrárnúmer, þá skal athugasemdin, nema annað leiði af samhenginu, einnig eiga við allar þær vörur, sem teljast til þess flokks, kafla eða tollskrárnúmers, sem vísað er til, þó aðeins sé talað um nokkuð af vörunum í athugasemdinni.
5. Vörur, sem ekki falla undir neitt tollskrárnúmer, skulu taldar til sama tollskrárnúmers og þær vörur, sem þeim eru líkastar.

I. flokkur.

Lifandi dýr og afurðir úr dýraríkinu.

1. kafli.

Lifandi dýr.

Athugasemd:

Til kaflans teljast öll lifandi dýr, nema fiskar, krabbadýr, lindýr og smáverugróður.

01.01	**00**	**Hestar, asnar, múlasnar og múldýr**	50%
01.02	**00**	**Nautgripir**	50%
01.03	**00**	**Svín**	50%
01.04	**00**	**Sauðfé og geitfé**	50%
01.05	**00**	**Alifuglar (hænsni, endur, gæsir, kalkúnar og perluhænsni)**	50%
01.06		**Önnur lifandi dýr:**	
	10	*Einkum ætluð til neyzlu handa mönnum*	50%
	20	*Annað (þar á meðal dýr í dýragarða, hundar og kettir)*	50%

2. kafli.

Kjöt og ætir hlutar af dýrum.

Athugasemd:

Til kaflans telst ekki:

a. Vörur þær, er teljast til nr. 02.01—02.04 og nr. 02.06, ef þær eru óhæfar til neyzlu handa mönnum.
b. Þarmar, blöðrur og magar (nr. 05.04), og dýrablóð (nr. 05.15).
c. Dýrafeiti, önnur en óbrædd og ópressuð feiti af svínum og alifuglum (15. kafli).

02.01		**Kjöt og ætir hlutar af dýrum þeim, er teljast til nr. 01.01-01.04, nýtt, kælt eða fryst:**	
	10	*Af nautgripum*	50%
	20	*Af sauðfé og geitum*	50%
	30	*Af svínum*	50%
	40	*Af hrossum, ösnum, múlösnum og múldýrum*	50%
	50	*Kjötúrgangur*	50%
02.02	**00**	**Kjöt og ætir hlutar (þó ekki lifur) af alifuglum (hænsnum, öndum, gæsum, kalkúnum og perluhænum), nýtt, kælt eða fryst**	50%
02.03	**00**	**Lifur úr alifuglum, ný, kæld, fryst, söltuð eða í saltlegi**	50%

02.04		**Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst:**	
	01	Hvalkjöt og hvalrengi	0
	09	Annars	50%
02.05	00	**Óbrædd svínafita án kjöts og óbrædd alifuglafita, ný, kæld, fryst, söltuð, í saltlegi, þurrkuð eða reykt**	50%
02.06		**Kjöt og ætir hlutar af dýrum (þó ekki alifuglalifur), saltað, í saltlegi, þurrkað eða reykt:**	
	10	*„Bacon", svínslæri og annað svínakjöt*	50%
	20	*Annað*	50%

3. kafli.

Fiskur, krabbadýr og lindýr.

Athugasemdir:

1. Til kaflans telst ekki:
   a. Sjávarspendýr (nr. 01.06) og kjöt af þeim (nr. 02.04 eða 02.06).
   b. Fiskur, krabbadýr og lindýr, dautt, óhæft til manneldis (5. kafli).
   c. Styrjuhrogn, einnig eftirlikingar (nr. 16.04).
2. Orðið *fiskur* í þessum kafla tekur einnig til lifrar og neyzluhæfra hrogna úr fiski.

03.01		**Fiskur, nýr (lifandi eða dauður), ísvarinn, kældur eða frystur:**	
	01	Lifandi fiskur í fiskibúri eða öðru íláti	50%
	02	Síld ný	0
	03	Annar fiskur nýr	0
	04	Síld, ísvarin, kæld eða fryst	0
	09	Annar fiskur, ísvarinn, kældur eða frystur	0
03.02		**Fiskur, saltaður, í saltlegi, þurrkaður eða reyktur:**	
	01	Síld	0
	09	Annar	0
03.03		**Krabbadýr og lindýr, með eða án skeljar, ný (lifandi eða dauð), kæld, fryst, söltuð, í saltlegi eða þurrkuð; krabbadýr með skel, aðeins soðin í vatni:**	
	01	Smokkfiskur og skelfiskur til beitu	0
	09	Önnur	50%

4. kafli.

Mjólkurafurðir; fuglaegg; býflugnahunang.

Athugasemdir:

1. Til *mjólkur* telst nýmjólk, undanrenna, áfir, mysa, kefir, jóghúrt og þess háttar gerjuð mjólk.
2. Mjólk og rjómi, sem aðeins hefur verið pasteuríserað, dauðhreinsað eða peptoníserað, telst ekki niðursoðið.

04.01	00	**Mjólk og rjómi, nýtt, þó ekki þurrkað eða sykrað**	50%
04.02		**Mjólk og rjómi, niðursoðið, þurrkað eða sykrað:**	
	10	*Fljótandi eða hálffljótandi*	50%
	20	*Í föstu formi, svo sem kökur eða duft*	50%
04.03	00	**Smjör**	70%

04.04	00	**Ostur og ostahlaup**	70%
04.05	00	**Fuglaegg og eggjarauður, nýtt, rotvarið, þurrkað, sykrað eða ósykrað**	70%
04.06	00	**Náttúrlegt hunang**	50%

5. kafli.

Afurðir úr dýraríkinu, ót. a.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Ætar afurðir (að undanteknum þörmum, blöðrum og mögum úr dýrum, heilum eða í stykkjum, enn fremur dýrablóð, fljótandi eða þurrkað).
   b. Húðir og skinn (þar með talin loðskinn), að undanteknum vörum þeim, er teljast til nr. 05.05—05.07 (41. eða 43. kafli).
   c. Spunaefni úr dýraríkinu, að undanteknu hrosshári og hrosshársúrgangi (XI. flokkur).
   d. Hárknippi tilsniðin til burstagerðar (nr. 96.03).
2. Mannshár, flokkað eftir lengd, telst vera óunnið (nr. 05.01), enda sé það ekki jafnframt flokkað þannig, að rótarendarnir séu allir sömu megin.
3. Til *fílabeins* teljast alls staðar í tollskránni vígtennur úr fílum, mammútum, mastódonum, rostungum, náhvelum og villisvínum, horn af nashyrningum og tennur úr öllum dýrum.
4. Hvarvetna í tollskránni er með *hrosshári* átt við hár af makka eða svíra og tagli eða hala dýra, er teljast til hrossa- eða nautgripaætta.

05.01	00	**Mannshár óunnið, einnig þvegið eða affitað; úrgangur af mannshári**	80%
05.02	00	**Hár og burstir af tömdum svínum og villisvínum; greifingjahár og annað hár til burstagerðar; úrgangur af slíkum burstum og hári**	30%
05.03	00	**Hrosshár og hrosshársúrgangur, einnig sett á undirlag eða á milli laga, úr öðrum efnum**	30%
05.04	00	**Þarmar, blöðrur og magar, heilt eða í stykkjum, úr öðrum dýrum en fiskum**	35%
05.05	00	**Fiskúrgangur**	0
05.06	00	**Sinar og taugar; afklippur og þess háttar úrgangur af óunnum húðum og skinnum**	35%
05.07		**Hamir og aðrir hlutar af fuglum, með áföstum fjöðrum eða dún, fiður, einnig þótt fjöðurstafurinn eða hluti af fjaðrahryggnum hafi verið tekinn burtu, fjaðrir klofnar í tvennt eftir endilöngu, dúnn, fanir (þar með taldar fanir með hluta af fjaðrahryggnum, einnig með jöfnum jöðrum), fjöðurstafir og fjaðrahryggir, óunnið, hreinsað, sótthreinsað eða varið gegn skemmdum við geymslu, en ekki frekar unnið**	40%
05.08	00	**Bein og hornsló, óunnið, affitað, lauslega lagað, en ekki formað, sýrumeðfarið eða gelatínsneytt; mjöl og úrgangur úr beinum og hornsló**	35%
05.09	00	**Horn, hófar, neglur, klaufir, klær og nef af dýrum, óunnið eða lauslega lagað en ekki formað, og úrgangur og mjöl úr þessum vörum; hvalskíði og þess háttar, óunnið eða lauslega lagað til, en ekki formað, og skíðishár og úrgangur frá þessum vörum**	35%
05.10	00	**Fílabein, óunnið eða lauslega lagað til, en ekki formað; mjöl og úrgangur frá fílabeini**	35%
05.11	00	**Skjaldbökuskeljar (skildir og plötur), óunnið eða lauslega lagað til, en ekki formað; klær og úrgangur frá skjaldbökuskel**	35%

05.12	00	**Kórallar og slík vara, óunnin eða lítils háttar búin undir vinnslu, en ekki frekar unnin; skeljar, óunnar eða lítils háttar búnar undir vinnslu, en ekki formaðar; mulningur og úrgangur úr skeljum**	35%
05.13	00	**Svampar náttúrlegir**	100%
05.14	00	**Ambra, bifurbelgur, desmerkattardeig og moskus; spanskflugur; gall, einnig þurrkað; afurðir úr dýraríkinu af því tagi, sem notaðar eru við lyfjagerð, nýjar, kældar, frystar eða meðfarnar á annan hátt til bráðabirgða vegna geymslu**	35%
05.15	00	**Afurðir úr dýraríkinu, ót. a., dauð dýr þeirra tegunda, sem 1. og 3. kafli tekur til, óhæf til manneldis**	35%

II. flokkur.

Afurðir úr jurtaríkinu.

6. kafli.

Lifandi trjáplöntur og aðrar jurtir; blómlaukar, rætur og þess háttar; afskorin blóm og blöð til skrauts.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla teljast aðeins lifandi trjáplöntur og vörur (þar með taldir græðlingar), sem gróðrarstöðvar og garðyrkjuskólar venjulega hafa á boðstólum til gróðursetningar eða til skreytingar. Til kaflans teljast þó ekki kartöflur, skalotlaukur, hvítlaukur og annar matlaukur (7. kafli).
2. Til nr. 06.03 eða 06.04 teljast einnig blómvendir, blómakörfur, kransar og þess háttar að öllu eða nokkru gert úr vörum, sem teljast til þessara númera, og hafa fylgihlutar ekki áhrif á flokkunina, þó þeir séu úr öðrum efnum.

06.01	00	**Blómlaukar, rótar- og stöngulhnýði, jarðstönglar og aðrir forðastönglar í dvala, í vexti eða í blóma**	80%
06.02		**Aðrar lifandi jurtir, þar með taldar trjáplöntur, runnar, rætur, græðlingar og gróðurkvistir:**	
	01	Trjáplöntur og runnar	40%
	09	Annað	40%
06.03	00	**Afskorin blóm og blómknappar í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, íborið eða meðfarið á annan hátt**	100%
06.04		**Laufblöð, greinar og aðrir plöntuhlutar (þó ekki blóm og blómknappar) af trjám, runnum og öðrum jurtum, og mosi, skófir og gras nothæft í vendi eða til skrauts, lifandi, þurrkað, litað, bleikt, íborið eða sérstaklega meðfarið á annan hátt:**	
	01	Jólatré (án rótar) og jólatrésgreinar	100%
	09	Annað	100%

7. kafli.

Grænmeti, rætur og hnýði til neyzlu.

Athugasemd:

Með orðinu *grænmeti* í nr. 07.01 er einnig átt við ætisveppa, jarðsveppa, ólívur, kapers, tómata, kartöflur, rauðrófur, gúrkur, grænar ertur, grasker, eggplöntur (aubergínur),

capsicum grossum (sætt capsicum), finkul, steinselju, kjörvel, esdragon, karsa, majóran, piparrót og hvítlauk. *Grænmeti* samkvæmt nr. 07.02—07.04 tekur til allra þeirra grænmetistegunda, sem nýjar teljast til nr. 07.01. Þurrkaðir afhýddir belgávextir teljast þó til nr. 07.05, mulið capsicum grossum (sætt capsicum) til nr. 09.04, mjöl úr þurrkuðum belgávöxtum (sem teljast til nr. 07.05) til nr. 11.03, og mjöl, grjón og flögur úr kartöflum til nr. 11.05.

07.01		**Grænmeti, nýtt eða kælt:**		
	10	*Kartöflur*	100 kg	20 kr
	20	*Tómatar*		70%
		Annað grænmeti:		
	31	Laukur		50%
	39	Annars		70%
07.02	00	**Grænmeti (einnig soðið), fryst**		70%
07.03	00	**Grænmeti lagt í saltlög, brennisteinssýrling eða önnur efni til varnar skemmdum um stundar sakir, en ekki tilbúið til neyzlu strax**		70%
07.04	00	**Grænmeti þurrkað eða eimað, einnig sundurskorið, mulið eða steytt í duft, en ekki frekar unnið**		70%
07.05	00	**Belgávextir, þurrkaðir og afhýddir, einnig flysjaðir eða klofnir**		*0
07.06	00	**Maníókarót, arrowrót, salop, jarðartískokka, batatar og þess háttar rætur og rótarhnýði, sem innihalda mikið af sterkju eða inúlíni, nýtt eða þurrkað, heilt eða skorið sundur; mergur sagópálmans**		70%

8. kafli.

Ætir ávextir og hnetur; hýði af melónum og sítrusávöxtum.

Athugasemdir:

1. Til kaflans teljast ekki ávextir og hnetur, sem eru óhæfar til neyzlu.
2. Kældir ávextir flokkast á sama hátt og nýir.

08.01		**Döðlur, bananar, kókoshnetur, parahnetur, akajuhnetur, ananas, avokathnetur, mangóaldin, guavaber, nýtt eða þurrkað, einnig afhýtt:**	
	10	*Bananar nýir*	15%
		Kókoshnetur, parahnetur og akajuhnetur, nýjar eða þurrkaðar:	
	21	Kókosmjöl	70%
	29	Annað	90%
	30	*Aðrir framangreindir ávextir, nýir*	40%
	40	*Aðrir framangreindir ávextir, þurrkaðir*	70%
08.02		**Sítrusávextir, nýir eða þurrkaðir:**	
	10	*Appelsínur, tangarínur, mandarínur og clementínur*	15%
		Aðrir sítrusávextir:	
	21	Sítrónur	15%
	29	Annars	15%
08.03		**Fíkjur, nýjar eða þurrkaðar:**	
	10	*Nýjar*	40%
	20	*Þurrkaðar*	70%

08.04		**Vínber, ný eða þurrkuð:**	
	10	*Vínber ný*	40%
		Vínber þurrkuð:	
	21	Rúsínur	*20%
	22	Kúrennur	20%
08.05	00	**Hnetur aðrar en þær, sem teljast til nr. 08.01, nýjar eða þurrkaðar, með eða án hnotskurnar**	90%
08.06		**Epli, perur eða kveður, nýtt:**	
	10	*Epli*	*12%
	20	*Perur og kveður*	15%
08.07	00	**Steinaldin ný**	40%
08.08	00	**Ber ný**	40%
08.09		**Aðrir ávextir, nýir:**	
	01	Melónur	40%
	09	Annars	40%
08.10	00	**Ávextir (einnig soðnir), frystir, en ekki sykraðir**	70%
08.11	00	**Ávextir lagðir í saltlög, brennisteinssýrling eða önnur efni til varnar skemmdum um stundar sakir, en ekki tilbúið til neyzlu strax**	40%
08.12		**Aðrir þurrkaðir ávextir en þeir, sem teljast til nr. 08.01-08.05:**	
	01	Sveskjur	*20%
	02	Apríkósur	*40%
	03	Ávextir blandaðir	*40%
	09	Annars	*40%
08.13	00	**Hýði af melónum eða sítrusávöxtum, nýtt, fryst, þurrkað eða lagt í saltlög, brennisteinssýrling eða í önnur efni til varnar skemmdum um stundar sakir**	70%

9. kafli.

Kaffi, te, maté og krydd.

Athugasemdir:

1. Blöndur af vörum, sem teljast til nr. 09.04—09.10, flokkast þannig:
   a. Blöndur af tveimur eða fleiri vörum, sem teljast til sama númers, flokkast í það númer.
   b. Blöndur af tveimur eða fleiri vörum, sem teljast til tveggja eða fleiri númera, flokkast í nr. 09.10.

   Hafi verið bætt öðrum efnum í blöndur þær, sem um getur í a- og b-lið að ofan, hefur það ekki áhrif á flokkunina, nema það breyti eðli þeirra. Sé svo, teljast blöndurnar ekki til þessa kafla. Þannig teljast samsett bragðefni til nr. 21.04.
2. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Capsicum grossum (sætt capsicum), ómalað (7. kafli).
   b. Pipar af afbrigðinu cubeba officinalis miquel og piper cubeba (nr. 12.07).

09.01		**Kaffi, óbrennt eða brennt, einnig kaffeinsneytt; kaffiskurn og kaffihýði; kaffilíki, sem inniheldur eitthvað af kaffi:**	
		Kaffi og kaffilíki, sem inniheldur eitthvað af kaffi:	
	11	Í smásöluumbúðum 2 kg eða minna	10%
	12	Í öðrum umbúðum	0
	20	*Kaffiskurn og kaffihýði*	0

09.02	**00**	**Te**	10%
09.03	**00**	**Maté**	50%
09.04	**00**	**Pipar af tegundinni Piber, piment (allrahanda) af tegundunum Capsicum eða Pimenta**	100%
09.05	**00**	**Vanilla**	100%
09.06	**00**	**Kanill og kanilblóm**	100%
09.07	**00**	**Negull, heill, negulnaglar og negulstilkar**	100%
09.08	**00**	**Múskathnetur, múskatblóm og kardamómur**	100%
09.09	**00**	**Anís, stjörnuanís, finkull, kóríandri, rómverskt kúmen, kúmen og einiber**	100%
09.10		**Blóðberg, safran, lárviðarlauf; annað krydd:**	
	01	Síldarkrydd, blandað, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%
	09	Annars	100%

10. kafli.

Korn ómalað.

Athugasemd:

Til kaflans telst ekki afhýtt korn eða korn unnið á annan hátt. Til nr. 10.06 telst þó, auk óunnins ríss, ris án ytra hýðis og silfurhýðis, póleraður ris og brotris, en ekki frekar unninn ris.

10.01	**00**	**Hveiti og meslín**	0
10.02	**00**	**Rúgur**	0
10.03	**00**	**Bygg**	0
10.04	**00**	**Hafrar**	0
10.05	**00**	**Maís**	0
10.06		**Ris:**	
		Ris, með eða án ytra hýðis, en ekki frekar unninn:	
	11	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0
	19	Í öðrum umbúðum	0
		Annar ris:	
	21	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0
	29	Í öðrum umbúðum	0
10.07	**00**	**Bókhveiti, hirsi, kanarífuglafræ og dúrra; annað korn**	0

11. kafli.

Malaðar afurðir; malt; sterkja; glúten; inúlín.

Athugasemd:

Til kaflans telst ekki:

a. Brennt malt, er nota má sem kaffilíki (nr. 09.01 eða 21.01).
b. Mjöl, sem (t. d. með hitun) er tilreitt sem fæða fyrir börn eða sem sjúkrafæða (nr. 19.02). Mjöl, sem aðeins hefur sætt hitameðferð til þess að auka bökunarhæfni þess, telst hins vegar til þessa kafla.
c. Steiktar maísflögur (corn flakes) og aðrar vörur, sem teljast til nr. 19.05.
d. Lyfjavörur (30. kafli).
e. Sterkja, sem hefur einkenni ilmvara, snyrtivara eða hreinlætisvara og telst til nr. 33.06.

11.01		**Mjöl úr korni:**	
		Mjöl úr hveiti eða úr meslini:	
	11	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0
	12	Í öðrum umbúðum	0
		Annað mjöl úr korni:	
	21	Byggmjöl	0
	22	Maísmjöl	0
	23	Rísmjöl í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0
	24	Rísmjöl í öðrum umbúðum	0
	25	Rúgmjöl í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0
	26	Rúgmjöl í öðrum umbúðum	0
	29	Annars	0
11.02		**Grjón úr korni og annað unnið korn, t. d. valsað, flatt út, fágað, gróf-mulið eða afhýtt (þó ekki afhýddur eða póleraður ris eða brotris), en ekki frekar unnið; kornfrjóangar, heilir, valsaðir, flattir út eða malaðir:**	
	10	*Hveitigrjón og meslingrjón*	0
		Önnur grjón úr korni:	
	21	Maís kurlaður	0
	22	Hafragrjón í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0
	23	Hafragrjón í öðrum umbúðum	0
	29	Annars	0
	30	*Annað unnið korn (þó ekki mjöl og grjón), t. d. valsað, flatt út, fágað, gróf-mulið eða afhýtt (þó ekki afhýddur eða póleraður ris eða brotris), en ekki frekar unnið; frjóangar úr korni, heilir, valsaðir, flattir út eða malaðir*	0
11.03		**Mjöl úr belgávöxtum, sem teljast til nr. 07.05:**	
	01	Mjöl úr þurrkuðum, afhýddum, flysjuðum eða klofnum belgávöxt-um, í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0
	09	Mjöl úr þurrkuðum, afhýddum, flysjuðum eða klofnum belgávöxt-um, í öðrum umbúðum	0
11.04	00	**Mjöl úr ávöxtum, sem teljast til einhvers númers í 8. kafla**	50%
11.05		**Mjöl, grjón og flögur úr kartöflum:**	
	01	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	15%
	09	Í öðrum umbúðum	15%
11.06		**Mjöl og grjón úr sagó, maníókahnýði, arrowrót, saleprót og öðrum rótum og rótarhnýðum, sem teljast til nr. 07.06:**	
	01	Maníókamjöl til skepnufóðurs	0
	09	Annað	15%
11.07	00	**Malt, óbrennt eða brennt**	35%
11.08		**Sterkja og inúlín:**	
	01	Kartöflusterkja í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	15%
	02	Kartöflusterkja í öðrum umbúðum	15%
	03	Önnur sterkja og inúlín í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	15%
	09	Önnur sterkja og inúlín í öðrum umbúðum	15%
11.09	00	**Glúten og glútenmjöl, einnig brennt**	15%

12. kafli.

Olíufræ og olíurík aldin; ýmis önnur fræ og aldin; plöntur til notkunar í iðnaði og til lyfja; hálmur og fóðurplöntur.

Athugasemdir:

1. Til nr. 12.01 teljast m. a. jarðhnetur, sojabaunir, mustarðsfræ, olíuvalmúafræ og kopra. Kókoshnetur (nr. 08.01) teljast ekki til þessa númers og ekki heldur olívur (7. eða 20. kafli).
2. a. Til nr. 12.03 telst m. a. rófnafræ, grasfræ og annað grænfóðurfræ, blómafræ, matjurtafræ, trjáfræ, ávaxtafræ, fræ af umfeðmingsgrasi og úlfabaunum.
   b. Eigi flokkast í nr. 12.03 vörur þær, sem teljast til nr. 07.05 (þurrkaðir belgávextir), til 9. kafla (m. a. krydd), til 10. kafla (korn), til nr. 12.01 (olíurík fræ og aldin) né fræ og aldin, er teljast til nr. 12.07.
3. Til nr. 12.07 teljast m. a. eftirtaldar plöntur og plöntuhlutar: Basilikum, borasurt, ísópur, allar tegundir myntu, rósmarín, ruda, salvía og malurt.
   Til nr. 12.07 teljast hins vegar ekki:
   a. Olíufræ og olíurík aldin (nr. 12.01).
   b. Lyfjavörur, er teljast til 30. kafla.
   c. Ilm- og snyrtivörur, er teljast til 33. kafla.
   d. Efni til sótthreinsunar, til varnar gegn skordýrum, sveppum og illgresi og þess háttar efni, er teljast til nr. 38.11.

12.01		**Olíufræ og olíurík aldin, heil eða sundurskorin:**	
	10	*Jarðhnetur*	20%
	20	*Kopra*	20%
	30	*Pálmahnetur og kjarnar*	20%
	40	*Sojabaunir*	20%
	50	*Línfræ*	20%
	60	*Baðmullarfræ*	20%
	70	*Rísínusfræ*	20%
	80	*Önnur*	20%
12.02	00	**Mjöl ófitusneytt, úr olíufræum eða olíuríkum aldinum, þó ekki mustarðsmjöl**	20%
12.03		**Fræ, aldin og sporar til sáningar:**	
	01	Grasfræ í 10 kg umbúðum og stærri	0
	09	Annað	0
12.04	00	**Sykurrófur, heilar eða sundurskornar, nýjar, þurrkaðar eða malaðar; sykurreyr**	40%
12.05	00	**Síkoríurætur, nýjar eða þurrkaðar, heilar eða sundurskornar, óbrenndar**	0
12.06	00	**Humall og humalmjöl (lúpúlín)**	35%
12.07	00	**Plöntur og plöntuhlutar (þar með talin fræ og aldin af trjám, runnum og öðrum plöntum), sem aðallega eru notaðir til framleiðslu á ilmvörum, lyfjavörum eða efnum til varnar gegn skordýrum, sveppum eða þess háttar, nýir eða þurrkaðir, heilir, sundurskornir, malaðir eða muldir**	40%
12.08	00	**Jóhannesarbrauð, nýtt eða þurrkað, einnig mulið eða malað, en ekki frekar unnið; aldinkjarnar og önnur jurtaefni, sem aðallega eru notuð til manneldis, ót. a.**	70%
12.09	00	**Hálmur og hýði af korni, óunnið eða saxað, en ekki frekar unnið**	35%
12.10	00	**Beðjur, kálrófur og aðrar fóðurrófur, hey, lucerne, smári, esparsettur, fóðurkál, úlfabaunir, umfeðmingsgras og þess háttar fóðurefni**	0

13. kafli.

Hráefni úr jurtaríkinu til litunar og sútunar; jurtalakk; kolvetnisgúmmí, náttúrlegur harpix og aðrir jurtasafar og extraktar úr jurtaríkinu.

Athugasemd:

Til 13.03 telst m. a. lakkrísextrakt, pyrethrumextrakt, humlaextrakt, alóeextrakt og ópíum. Til þessa númers telst ekki:

a. Lakkrísextrakt blandaður sykri, þegar sykurmagnið er meir en 10% af blöndunni miðað við þunga, eða hann er tilreiddur sem sykurvara (nr. 17.04).
b. Maltextrakt (nr. 19.01).
c. Extraktar úr kaffi, tei eða maté (nr. 21.02).
d. Áfengir vökvar og extraktar, sem teljast drykkjarvörur, og áfengar blöndur, svonefndir „konsentreraðir extraktar", til framleiðslu á drykkjarvörum (22. kafli).
e. Kamfóra (nr. 29.13) og glycyrrhizín (nr. 29.41).
f. Lyf, er teljast til nr. 30.03.
g. Sút- og litextrökt (nr. 32.01 og 32.04).
h. Rokgjarnar jurtaolíur og harpix (nr. 33.01), einnig vatnið frá gufueimingu rokgjarnra olía og vatnsupplausnir af slíkum olíum (nr. 33.05).
ij. Náttúrlegt gúmmí, balata, gúttaperka og þess háttar teygjanleg efni (nr. 40.01).

13.01	**00**	**Hráefni úr jurtaríkinu aðallega notuð til litunar og sútunar**	20%
13.02		**Skellakk, kornlakk, staflakk og önnur jurtalökk, kolvetnisgúmmí úr jurtaríkinu; náttúrlegir harpixar, gúmmíharpixar og balsöm:**	
	01	Gúmmí arabikum	30%
	02	Skellakk	30%
	09	Annað	30%
13.03		**Jurtasafi og extraktar úr jurtaríkinu; pektín, agar-agar og annað náttúrlegt plöntuslím og hleypiefni unnið úr efnum úr jurtaríkinu:**	
	01	Pektín	35%
	02	Lakkrísextrakt í 4 kg blokkum eða stærri og fljótandi lakkrísextrakt, eða lakkrísduft, á 3 lítra ílátum eða stærri	40%
	03	Lakkrísextrakt annar	100%
	09	Annað	40%

14. kafli.

Flétti- og útskurðarefni úr jurtaríkinu; önnur efni úr jurtaríkinu ótalin annars staðar.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla teljast ekki jurtaefni og trefjar, sem fyrst og fremst eru notuð sem spunaefni og í því sambandi skiptir ekki máli á hvaða vinnslustigi þau eru. Eigi heldur teljast til kaflans þau jurtaefni, sem hafa sætt þeirri meðferð, að þau verða aðeins notuð sem spunaefni (XI. flokkur).
2. Til nr. 14.01 teljast m. a. klofnar viðigreinar, reyr, bambus og þess háttar; peddig og flysjaður og klofinn spanskreyr. Tréspænir (nr. 44.09) teljast ekki til þessa númers.
3. Til nr. 14.02 telst ekki tréull (nr. 44.12).
4. Til nr. 14.03 teljast ekki tilsniðin knippi til burstagerðar (nr. 96.03).

14.01	00	**Jurtaefni aðallega notuð til körfugerðar og annars fléttiiðnaðar, svo sem hreinsaður, bleiktur eða litaður hálmur, víðigreinar, reyr, sef, spanskreyr, bambus, raffíabast og lindibast**	20%
14.02	00	**Jurtaefni aðallega notuð sem tróð eða til bólstrunar, svo sem kapok, viðarhár, marhálmur, einnig sett á undirlag eða milli laga úr öðrum efnum**	30%
14.03	00	**Jurtaefni aðallega notuð til burstagerðar, svo sem sópdúrra, píazzava, agavatrefjar, einnig í knippum eða hespum**	30%
14.04	00	**Hörð fræ, kjarnar, skurnir og hnetur til útskurðar, svo sem fílabeins- og steinhnetur**	30%
14.05	00	**Önnur efni úr jurtaríkinu, ót. a.**	35%

III. flokkur.

Feiti og olía úr jurta- og dýraríkinu og klofningsefni þeirra; tilbúin matarfeiti; vax úr jurta- og dýraríkinu.

15. kafli.

Feiti og olía úr jurta- og dýraríkinu og klofningsefni þeirra; tilbúin matarfeiti; vax úr jurta- og dýraríkinu.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Feiti af svínum og alifuglum, sem ekki hefur verið brædd eða pressuð (nr. 02.05).
   b. Kakaósmjör (nr. 18.04).
   c. Hamsar (nr. 23.01), olíukökur og aðrar leifar, er til falla við vinnslu á olíu úr jurtaríkinu (nr. 23.04).
   d. Einangraðar kemískt skýrgreindar feitisýrur og feitialkóhól, tilbúið vax, lyf, málning, lökk, sápa, ilmvötn, hreinlætis- og snyrtivörur, súlfóneraðar olíur og aðrar vörur, er teljast til VI. flokks.
   e. Faktis gerður úr olíu (nr. 40.02).
2. Leifar frá hreinsun á olíu (t. d. sápufótur og olíufótur), einnig sterínbik, ullarfeitibik og glyserólbik telst til nr. 15.17.

15.01	00	**Feiti af svínum og fuglum, brædd eða pressuð**	70%
15.02	00	**Feiti af nautgripum, sauðfé og geitum, óbrædd; tólg framleidd úr slíkri feiti (þar með talin „premier jus“)**	70%
15.03	00	**Svínafeitisterín (lardstearin), oleosterín (pressutólg;) svínafeitiolía, oleomargarín, tólgarolía, hvorki jafnblönduð, blönduð né unnin á annan hátt**	35%
15.04	00	**Feiti og olía úr fiski og sjávarspendýrum, einnig hreinsuð**	35%
15.05	00	**Ullarfeiti og feitiefni unnin úr henni (hér með talið lanólín)**	35%
15.06	00	**Önnur feiti og olía úr dýraríkinu (hér með talin klaufaolía, beinafeiti og úrgangsefnafeiti)**	35%
15.07		**Feiti og feit olía úr jurtaríkinu, hrá, hreinsuð eða hreinunnin:**	
	81	***Sojabaunaolía***	10%
	82	***Baðmullarfræsolía***	10%
	83	***Jarðhnetuolía***	30%
	84	***Ólívuolía***	30%
	85	***Sólrósarolía***	35%

	86	*Rapsolía, colzaolía og mustarðsolía*	35%
	87	*Línolía*	30%
	88	*Pálmaolía*	30%
	89	*Kókosolía*	30%
	91	*Pálmakjarnaolía*	30%
	92	*Rísínusolía*	35%
	93	*Önnur*	35%
15.08		**Olía úr jurta- og dýraríkinu, soðin, oxyderuð, vatnssneydd (dehydrated), meðhöndluð með brennisteini, blásin, pólymeriseruð eða umbreytt með öðrum hætti:**	
	01	Línolía	30%
	09	Önnur	35%
15.09	00	**Degras**	35%
15.10		**Feitisýrur, súr olía frá feitihreinsun, feitialkóhól:**	
		Feitisýrur og olíusýrur frá hreinsun:	
	11	Lanótex og önnur íburðarefni til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%
	12	Sterín (blanda af palmitínsýru og sterínsýru)	30%
	19	Aðrar	30%
	20	*Feitialkóhól*	35%
15.11	00	**Glyseról, glyserólvatn og glyseróllútur**	35%
15.12		**Feiti og olía úr jurta- og dýraríkinu, hert, einnig hreinsuð, en ekki frekar unnin:**	
	01	Sojabaunaolía	10%
	02	Baðmullarfræsolía	10%
	03	Aðrar olíur úr jurtaríkinu	30%
	09	Olíur úr dýraríkinu	35%
15.13	00	**Smjörlíki, tilbúin svínafeiti (imitation lard), og önnur tilbúin matarfeiti**	70%
15.14	00	**Spermacet (hvalraf), hrátt, pressað eða hreinsað, einnig litað**	35%
15.15	00	**Býflugnavax og annað skordýravax, einnig litað**	35%
15.16	00	**Vax úr jurtaríkinu, einnig litað**	35%
15.17	00	**Leifar frá hreinsun á feiti, feitri olíu eða vaxi úr jurta- og dýraríkinu**	35%

IV. flokkur.

Matvælaframleiðsla; drykkjarvörur, etanól (etylalkóhól) og edik; tóbak.

16. kafli.

Framleiðsla úr kjöti, fiski, krabbadýrum og lindýrum.

Athugasemd:

Til þessa kafla telst ekki kjöt, fiskur, krabbadýr og lindýr, sem hafa sætt þeirri meðferð, er um getur í 2. og 3. kafla.

16.01	00	**Pylsur og þess háttar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum eða dýrablóði**	100%
16.02	00	**Aðrar vörur úr kjöti eða öðrum sláturafurðum, tilreiddar eða niðursoðnar**	100%
16.03	00	**Kjötextrakt og annað kjötseyði**	100%
16.04	00	**Fiskur, tilreiddur eða niðursoðinn, þar með talin styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra**	100%
16.05	00	**Krabbadýr og lindýr, tilreidd eða niðursoðin**	100%

17. kafli.
Sykur og sykurvörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Sykurvörur, sem í er kakaó (nr. 18.06).
   b. Kemískt hreinn sykur, nema sakkarósi (nr. 29.43).
   c. Lyfjavörur (30. kafli).
2. Kemískt hreinn sakkarósi telst ávallt til nr. 17.01.

17.01		**Rófu- og reyrsykur í föstu formi:**	
	10	*Óhreinsaður rófu- og reyrsykur í föstu formi*	0
		Hreinsaður rófu- og reyrsykur í föstu formi:	
	21	Molasykur í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0
	22	Molasykur í öðrum umbúðum	0
	23	Strásykur í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	0
	24	Strásykur í öðrum umbúðum	0
	25	Púðursykur	0
	26	Sallasykur (flórsykur)	20%
	27	Steinsykur (kandís)	20%
	29	Annar	20%
17.02		**Annar sykur, síróp, hunangslíki, einnig blandað náttúrlegu hunangi; brenndur sykur:**	
	01	Drúfusykur (glúkósi)	70%
	02	Hunangslíki, einnig blandað náttúrlegu hunangi	70%
	03	Síróp	100%
	09	Annað	100%
17.03		**Melassi, einnig aflitaður:**	
	01	Melassi til fóðurs	**0**
	02	Melassi til manneldis	20%
17.04		**Sykurvörur, sem kakaó er ekki í:**	
	01	Lakkrís sykraður og lakkrísvörur	100%
	02	Möndlumassi blandaður sykri, og persipan, í 10 kg blokkum og stærri	70%
	03	Brjóstsykur, sælgætistöflur og pastillur	100%
	04	Tyggigúmmí, húðað með sykri og óhúðað	100%
	05	Karamellur	100%
	09	Aðrar	100%
17.05	00	**Sykur, síróp og melassi, sem bragð- eða litarefni hafa verið látin í, þó ekki ávaxtasafi, sem sykur hefur verið látinn í að einhverju leyti**	100%

18. kafli.
Kakaó og kakaóvörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla teljast ekki vörur þær, sem taldar eru í nr. 19.02, 19.08, 22.02, 22.09 eða 30.03.
2. Til nr. 18.06 teljast sykurvörur, sem í er kakaó, og einnig aðrar neyzluvörur, sem í er kakaó, þó ekki þær, sem taldar eru í 1. athugasemd hér á undan.

18.01	00	**Kakaóbaunir, heilar eða muldar, einnig brenndar**	40%
18.02	00	**Kakaóhýði og kakaóúrgangur**	40%
18.03	00	**Kakaódeig (þar með talið kakaódeig í stykkjum), einnig þótt feitin hafi verið dregin úr því**	40%
18.04	00	**Kakaósmjör (feiti eða olía)**	40%
18.05	00	**Kakaóduft ósykrað**	30%
18.06		**Súkkulaði og aðrar neyzluvörur, sem í er kakaó:**	
	01	Kakaóduft sykrað	30%
	02	Nougatmassi í 10 kg blokkum og stærri	70%
	03	Búðingsduft	100%
	09	Aðrar	100%

19. kafli.

Framleiðsla úr korni, mjöli og sterkju; brauðvörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Vörur úr hveiti, sterkju eða maltextrakti tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, ef í þeim er 50% af kakaói eða meira miðað við þyngd (nr. 18.06).
   b. Kex eða aðrar vörur úr mjöli eða sterkju sérstaklega tilreiddar sem skepnufóður (nr. 23.07).
   c. Lyfjavörur (30. kafli).
2. Með orðinu *mjöl* í þessum kafla er einnig átt við mjöl úr ávöxtum og grænmeti, og vörur úr þess konar mjöli flokkast þá eins og vörur úr kornmjöli.

19.01	00	**Maltextrakt**	50%
19.02	00	**Vörur úr mjöli, sterkju eða maltextrakti, tilreiddar sem fæða fyrir börn, fyrir sjúka eða til matargerðar, ef í þeim er minna en 50% af kakaói miðað við þyngd:**	
	01	Búðingsduft	100%
	09	Annað	*50%
19.03	00	**Makkarónur, spaghetti og þess konar vörur**	60%
19.04		**Tapíókagrjón og sagógrjón, tapíóka- og sagólíki unnin úr kartöflumjöli eða annarri sterkju:**	
	01	Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna	20%
	09	Í öðrum umbúðum	20%
19.05	00	**Neyzluvörur úr uppbólgnuðu eða steiktu korni eða kornvörum, svo sem „puffed rice", „corn flakes" eða þess konar vörur**	50%
19.06	00	**Altarisbrauð, tóm hylki fyrir lyf, innsiglunaroblátur, rísþynnur og þess konar vörur**	80%
19.07	00	**Brauð, skonrok og aðrar algengar brauðvörur, án sykurs, hunangs, eggja, feiti, osts eða ávaxta**	*80%
19.08	00	**Kökur, kex og aðrar íburðarmeiri brauðvörur, einnig með kakaói að meira eða minna leyti**	*80%

20. kafli.

Framleiðsla úr grænmeti, ávöxtum og öðrum plöntuhlutum.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Grænmeti og ávextir, sem teljast til 7. og 8. kafla.
   b. Aldinhlaup, aldinmauk og annað þess konar, sem hefur einkenni sykurvara (nr. 17.04) eða súkkulaðivara (nr. 18.06).
2. Til nr. 20.01 og 20.02 telst einungis þess konar grænmeti, sem nýtt telst til nr. 07.01.
3. Ætar plöntur, plöntuhlutar og rætur plantna lagðar í sykurlög, t. d. engifer og hvannarót, flokkast með niðursoðnum ávöxtum, sem teljast til nr. 20.06. Brenndar jarðhnetur teljast einnig til nr. 20.06.
4. Tómatsafi, sem í er 7% eða meira af þurrefnum, telst til nr. 20.02.

20.01	00	**Grænmeti og ávextir, tilreitt eða niðursoðið í ediki eða ediksýru, einnig með sykri, salti, sinnepi eða öðru kryddi**	100%
20.02		**Grænmeti, tilreitt eða varið skemmdum með öðru en ediki eða ediksýru:**	
	01	Tómatpuré	80%
	02	Aspargus niðursoðinn eða niðurlagður	*60%
	09	Annað	100%
20.03	00	**Ávextir frystir, með sykri**	100%
20.04	00	**Ávextir, ávaxtahýði og plöntuhlutar varið skemmdum með sykri (húðað, gljásykrað eða sykrað á annan hátt)**	100%
20.05	00	**Aldinsulta, aldinhlaup, aldinmauk, ávaxtapulpa og ávaxtadeig, soðið, einnig með sykri**	70%
20.06		**Ávextir, niðursoðnir eða tilreiddir á annan hátt, einnig með sykri eða vínanda:**	
	01	Pulpa ósykruð, í 50 kg umbúðum eða stærri	40%
	09	Aðrir	*50%
20.07		**Ávaxta- og grænmetissafi (þar með drúfusafi), ógerjaður, einnig með sykri, en án vínanda:**	
	01	Ávaxta- og grænmetissafi, ógerjaður og ósykraður, í 50 kg umbúðum og stærri	40%
	09	Annar	*50%

21. kafli.

Ýmsar fæðutegundir.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Blandað grænmeti, sem telst til nr. 07.04.
   b. Brennt kaffilíki, sem inniheldur kaffi að meira eða minna leyti (nr. 09.01).
   c. Krydd og aðrar vörur, sem teljast til nr. 09.04—09.10.
   d. Ger, sem framleitt er sem lyf (nr. 30.03).
2. Extraktar úr kaffilíki því, sem um getur í b-lið 1. athugasemdar hér á undan, teljast til nr. 21.02.

21.01	00	**Brenndar síkoríurætur og annað brennt kaffilíki; extraktar, kjarnar (essensar) og seyði úr þessum vörum**	70%
21.02		**Extraktar, kjarnar og seyði úr kaffi, tei eða maté; einnig vörur framleiddar úr þessum efnum:**	
	10	*Kaffiextraktar, kaffikjarnar, kaffiseyði og vörur úr þessum efnum*	70%
	20	*Extraktar, kjarnar og seyði úr tei eða maté og vörur úr þessum efnum*	70%
21.03	00	**Sinnepsmjöl og lagað sinnep**	100%
21.04	00	**Kryddsósur og önnur tilreidd bragðbætiefni**	100%
21.05	00	**Súpur og súputeningar, fljótandi, í föstu formi eða sem duft**	100%
21.06		**Náttúrlegt ger, þar með talið þurrger; tilreitt bökunarduft:**	
	01	Ger, lifandi eða dautt	80%
	02	Bökunarduft tilreitt	100%
21.07		**Aðrar fæðutegundir, ót. a.:**	
	01	Áfengislaus efni (konsentreraðir essensar) til framleiðslu á drykkjarvörum	40%
	02	Búðingsduft	100%
	03	Neyðarmatvæli, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra	20%
	04	Fæðutegundir sérstaklega gerðar fyrir sykursjúka, enda beri umbúðir varanna með sér hina sérstöku notkun þeirra	50%
	05	Hálftilreidd kornvara	50%
	06	Maís niðursoðinn eða niðurlagður	*60%
	09	Annars	100%

22. kafli.

Drykkjarvörur, etanól (etylalkóhól) og edik.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Sjór (nr. 25.01).
   b. Eimað vatn og annað vatn af sams konar eða meiri hreinleika (nr. 28.58).
   c. Ediksýra með meira en 10% sýrustyrkleika miðað við þunga (nr. 29.14).
   d. Lyfjavörur (nr. 30.03).
   e. Ilmvörur, snyrti- og hreinlætisvörur (33. kafli).
2. Etanólstyrkleiki nefndur í nr. 22.08 og 22.09 er miðaður við Gay-Lussac's alkóhólmæli við 15° hita á Celcius.

22.01		**Vatn, ölkelduvatn og vatn með kolsýru; ís og snjór:**	
	01	Ölkelduvatn og annað vatn með kolsýru	100%
	09	Annað	0
22.02	00	**Límonaði, gosdrykkir, einnig með bragðefnum, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxta- og grænmetissafi, er telst til nr. 20.07**	100%
22.03	00	**Öl gert úr malti**	100%
22.04	00	**Drúfusafi í gerjun og drúfusafi, sem í er stöðvuð gerjun með öðru en etanóli**	100%
22.05		**Vín úr nýjum drúfum og drúfusafi, sem í er stöðvuð gerjun með etanóli:**	
	01	Freyðivín	20%
	02	Hvítvín annað en rínarvín	20%
	03	Rauðvín	20%
	04	Rínarvín	20%
	05	Sherry	20%
	09	Önnur	20%

22.06	00	**Vermút og annað vín úr nýjum drúfum, með bragðefnum**	20%
22.07	00	**Aðrar gerjaðar drykkjarvörur, t. d. eplavín, peruvín og mjöður (hunangsvín)**	20%
22.08		**Etanól (etylalkóhól) ómengað, með 80% etanólmagni eða meira að rúmmáli; mengað etanól sérhvers styrkleika:**	
	01	Etanól ómengað, með 80% etanólmagni eða meira að rúmmáli	100%
	02	Etanól mengað, sérhvers styrkleika	30%
22.09		**Etanól ómengað, með minna en 80% etanólmagni að rúmmáli; brennivín og aðrir áfengir drykkir; sprittblöndur með bragðbætandi efnum til framleiðslu á drykkjarvörum:**	
	01	Etanól ómengað, með minna en 80% etanólmagni að rúmmáli	100%
	02	Brennivín	20%
	03	Genever	20%
	04	Gin	20%
	05	Koníak	20%
	06	Vodka	20%
	07	Whisky	20%
	08	Sprittblöndur með bragðbætandi efnum til framleiðslu á drykkjarvörum	20%
	09	Annað	20%
22.10	00	**Edik og edikslíki**	90%

23. kafli.

Úrgangsefni frá matvælaframleiðslu; tilreitt skepnufóður.

23.01	00	**Mjöl og duft úr kjöti, sláturúrgangi, fiski, krabbadýrum og lindýrum, óhæft til manneldis; hamsar**	35%
23.02	00	**Klíð og annað úrgangsefni, sem fellur til við mölun, sáldun eða aðra vinnslu korns eða belgávaxta**	0
23.03	00	**Sykurmelassi og annar úrgangur, sem fellur til við framleiðslu á sykri; hrat og önnur úrgangsefni frá öl- og áfengisgerð; úrgangsefni frá sterkjugerð og önnur áþekk úrgangsefni**	0
23.04	00	**Olíukökur og aðrar leifar, sem falla til við framleiðslu á feiti og feitum sýrum úr jurtaríkinu (þó ekki leifar frá olíuhreinsun)**	0
23.05	00	**Vínsteinn**	0
23.06	00	**Jurtaefni hæf til skepnufóðurs, ót. a.**	0
23.07	00	**Skepnufóður blandað sykri eða melassa og annað tilreitt skepnufóður**	0

24. kafli.

Tóbak.

24.01	00	**Tóbak ósunnið; tóbaksúrgangur**	30%
24.02		**Tóbak unnið; tóbakssósa og tóbaksextrakt:**	
	10	*Vindlar þ. á m. smávindlar*	35%
	20	*Vindlingar*	50%
		Annað unnið tóbak:	
	31	Reyktóbak	35%
	39	Annars	35%

V. flokkur.

Jarðefni (mínerölsk efni).

25. kafli.

Salt; brennisteinn; mold og steintegundir; gips, kalk og sement.

Athugasemdir:

1. Sé ekki annað tekið fram, teljast til þessa kafla aðeins óunnar vörur eða vörur, sem eru þvegnar (einnig með kemiskum efnum til þess að ná burtu óhreinindum, þó þannig að vörurnar breyti ekki eðli sínu), muldar, malaðar, í duftformi, rifnar, sáldaðar eða hreinsaðar með fleytingu (flotation), með segulafli eða með öðrum mekaniskum eða fysiskum aðferðum (þó ekki umkrystöllun), en ekki brenndar eða meðfarnar á annan hátt en tilgreint er í hinum einstöku númerum.
2. Til kaflans telst ekki:
   a. Brennisteinn, þurreimdur (sublimed), felldur eða hlaupkenndur (colloidal) (nr. 28.02).
   b. Járnoxyd-jarðlitir, sem innihalda járnsambönd að jafngildi minnst 70% miðað við þunga af Fe_2O_3 (nr. 28.23).
   c. Lyfjavörur (30. kafli).
   d. Ilmvörur, snyrti- og hreinlætisvörur (nr. 33.06).
   e. Steinar og hellur til götu- og gangstéttagerðar (nr. 68.01), byggingarsteinar og teningar til mósaikgerðar (nr. 68.02) og þakhellur og aðrar þess konar hellur til bygginga (nr. 68.03).
   f. Eðalsteinar og hálfeðalsteinar (nr. 71.02).
   g. Tilbúnir natríumklóríðkrystallar (þó ekki optiskar vörur) 2½ g að þyngd eða meira hver einstakur krystall (nr. 38.19) og optiskar vörur úr natríumklóríði (nr. 90.01).
   h. Skrif- og teiknikrít (nr. 98.05).

25.01		**Matarsalt (steinsalt, salt unnið úr sjó og borðsalt), hreint natríumklóríð, saltupplausnir og sjór:**		
	01	Matarsalt (steinsalt, salt unnið úr sjó og borðsalt) í smásöluumbúðum 5 kg eða minna		5%
	02	Fóðursalt		0
	09	Annað	1000 kg	1 kr
25.02	00	**Brennisteinskís, ekki brenndur**		20%
25.03	00	**Brennisteinn hvers konar, þó ekki þurreimdur (sublimed), felldur eða hlaupkenndur (colloidal)**		20%
25.04	00	**Náttúrlegt grafít**		35%
25.05	00	**Náttúrlegur sandur hvers konar, einnig litaður, þó ekki málmsandur, sem telst til nr. 26.01**		30%
25.06	00	**Kvarz (þó ekki náttúrlegur sandur); kvarzítsteinn, einnig í söguðum eða tilhöggnum stykkjum, en ekki slípaður eða frekar unninn**		35%
25.07	00	**Leir (t. d. kaólín og bentonít), andalúsít, cyanít og sillímanít, einnig brennt (þó ekki þaninn leir, sem telst til nr. 68.07); múllít; chamotteleir og dínasleir**		30%
25.08	00	**Krít**		35%
25.09	00	**Jarðlitir, einnig brenndir eða blandaðir innbyrðis; náttúrlegur járngljásteinn**		35%

25.10		**Náttúrleg kalsíum- og kalsíumalúmínfosföt, apatít og kalsíumfosfatrík krít:**	
	01	Til áburðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
	09	Annað	35%
25.11	00	**Náttúrlegt baríumsúlfat (þungspat), náttúrlegt baríumkarbónat (witherít), einnig brennt (þó ekki baríumoxyd)**	35%
25.12	00	**Kísilsalli og önnur þess konar kísilsýrurík jarðefni (t. d. kísilgúr, infúsóríujörð, díatómjörð) með rúmþyngd 1 eða minna, einnig brennt**	35%
25.13	00	**Vikur (pimpsteinn), smergill, náttúrlegt kórund og önnur náttúrleg slípiefni**	35%
25.14	00	**Flögusteinn, einnig í söguðum og tilhöggnum stykkjum, en ekki slípaður eða frekar unninn**	35%
25.15	00	**Marmari, travertin og annar kalksteinn til höggmyndagerðar eða bygginga, sem hefur rúmþyngd 2,5 eða meira, og alabastur, einnig í söguðum eða tilhöggnum stykkjum, en ekki slípað eða frekar unnið**	35%
25.16	00	**Granít, porfyr, basalt, sandsteinn og steinn til höggmyndagerðar eða byggginga, einnig í söguðum eða tilhöggnum stykkjum, en ekki slípað eða frekar unnið**	35%
25.17	00	**Tinna, mulinn steinn, asfalthúðaður mulningur, smásteinar og möl til vega- og járnbrautarlagningar eða í steinsteypu, korn og önnur smástykki og duft þeirra steintegunda, sem teljast til nr. 25.15 eða 25.16**	35%
25.18	00	**Dólómít, einnig brennt, og dólómít í söguðum eða tilhöggnum stykkjum, en ekki slípað eða frekar unnið; samrunnið dólómít (þar með tjöruborið dólómít)**	35%
25.19	00	**Náttúrlegt magnesíumkarbónat (magnesít), einnig brennt (þó ekki magnesíumoxyd)**	35%
25.20		**Gips, anhydrít, brennt gips, einnig litað eða lítils háttar bætt mýkingarefnum (þó ekki gips til tannlækninga):**	
	01	Gips óunnið, einnig malað	20%
	09	Annað	35%
25.21	00	**Kalksteinn, sem ætlaður er til framleiðslu á kalki, sementi eða við málmvinnslu**	35%
25.22	00	**Brennt kalk, leskjað kalk og hydrólískt kalk (þó ekki kalsíumoxyd og kalsíumhydroxyd)**	35%
25.23	00	**Portlandssement, alúmínatsement, slaggsement, og annað hydrólískt sement, einnig litað eða sem sementsgjall**	20%
25.24	00	**Asbest**	35%
25.25	00	**Merskúm (einnig í slípuðum stykkjum) og raf; plötur, stengur o. þ. h., sem er gert úr samanlímdu en ekki frekar unnu merskúmi eða rafi; harðkol (jet)**	35%
25.26	00	**Gljásteinn (glimmer) (þar með talin glimmerblöð), gljásteinsúrgangur**	35%
25.27	00	**Náttúrlegt steatít, einnig í söguðum eða tilhöggnum stykkjum, en ekki slípað eða frekar unnið; talk (talksteinn)**	35%
25.28	00	**Náttúrlegt krýólít og náttúrlegt chiolít**	35%
25.29	00	**Náttúrleg arsensúlfíð**	35%
25.30	00	**Óhreinsuð, náttúrleg bóröt og efni unnin úr þeim, einnig brennd, þó ekki bóröt unnin úr saltupplausnum, sem fyrir eru í náttúrunni; óhreinsuð náttúrleg bórsýra, sem í er 85% eða minna af bórsýru (H_3BO_3) miðað við þurrefnið**	35%
25.31	00	**Feldspat, leucit, nefelín og nefelsyenít; flússpat**	35%
25.32	00	**Jarðefni, ót. a.; brotin leirvara**	35%

26. kafli.
Málmgrýti, gjall og aska.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Náttúrlegt magnesíumkarbónat (magnesít), einnig brennt (nr. 25.19).
   b. Tómasgjall (nr. 31.03).
   c. Gjallull, steinull og önnur þess háttar ull úr jarðefnum (nr. 68.07).
   d. Vörur, sem teljast til nr. 71.11, þar með talin úrgangur, afklippur og aska, sem fellur til við gull- og silfursmíði.
   e. Kopar-, nikkil- og kóbaltgrýti, sem fellur til við málmframleiðslu (XV. flokkur).
2. Orðið *málmgrýti* í nr. 26.01 tekur til jarðefna, sem aðallega eru notuð og hæf í málmiðnaði til vinnslu á málmum, sem teljast til XIV. eða XV. flokks, eða til vinnslu á kvikasilfri, og einnig þótt þau séu í einstökum tilvikum ætluð til annars. Nr. 26.01 tekur hins vegar ekki til jarðefna, sem hafa sætt óvenjulegri meðferð fyrir málmgrýti, sem ætlað er til málmiðnaðar. Málmgrýti telst þó til nr. 26.01, þótt það hafi verið malað, brennt, þvegið, fleytt eða hreinsað á annan svipaðan hátt, enda sé það aðallega notað til framleiðslu á málmum og málmsamböndum.
3. Nr. 26.03 tekur aðeins til ösku og úrgangs, sem notað er til málmvinnslu eða til framleiðslu á kemískum málmsamböndum.

26.01		**Málmgrýti, einnig hreinsað, og brennt brennisteinskís (pyrít) og önnur náttúrleg járnsúlfíð:**	
	81	*Járngrýti (þó ekki brennt brennisteinskís)*	20%
	82	*Brennisteinskís*	20%
	83	*Kopargrýti*	20%
	84	*Nikkilgrýti*	20%
	85	*Alúmíngrýti (bauxite)*	20%
	86	*Blýgrýti*	20%
	87	*Zinkgrýti*	20%
	88	*Tingrýti*	20%
	89	*Mangangrýti*	20%
	91	*Krómgrýti*	20%
	92	*Wolframgrýti*	20%
	93	*Títan-, vanadín-, molybden-, tantal- og zirkongrýti*	20%
	94	*Málmgrýti annað en það, er telst til nr.* 26.01.81-26.01.93 *og nr.* 26.01.96.	20%
	95	*Jarðefnasambönd silfurs, platínu og annarra platínumálma*	20%
	96	*Úranium- og thóríum-grýti*	20%
	97	*Gull náttúrlegt, óhreinsað*	20%
26.02	00	**Gjall, sindur og annar úrgangur frá járn- eða stálframleiðslu**	20%
26.03	00	**Aska og annar úrgangur (þó ekki frá járn- eða stálframleiðslu), sem málmur er í eða málmsambönd**	20%
26.04	00	**Annað gjall og aska, ót. a. (þar með talin þangaska)**	20%

27. kafli.

Eldsneyti úr steinaríkinu, jarðolíur og efni eimd úr þeim; tjöruefni; jarðvax.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Aðgreind, kemískt skýrgreind lífræn efnasambönd (29. kafli).
   b. Lyfjavörur (nr. 30.03).
2. Nr. 27.07 tekur — auk þeirra efna, sem framleidd eru með eimingu háhitaðrar koltjöru — einnig til slíkra efna, sem framleidd eru með eimingu lághitaðrar koltjöru eða annarrar jarðtjöru, með vinnslu á jarðolíu eða hvers konar annarri aðferð, ef þungi arómatisku efnishlutanna er meiri en þungi hinna, sem ekki eru arómatiskir.
3. Sem jarðolía eða skífuolía (nr. 27.10) teljast einnig aðrar áþekkar olíur án tillits til þess, hvernig þær eru framleiddar, ef þungi arómatiskra efnasambanda er minni en annarra efnasambanda samantalinna.
4. Til nr. 27.13 teljast ekki aðeins þær vaxtegundir, sem þar eru nefndar, heldur einnig tilsvarandi vörur framleiddar með samsetningu eða á annan hátt.

27.01		**Steinkol, steinkolatöflur og annað fast eldsneyti unnið úr kolum:**		
	10	*Steinkol*	1000 kg	2 kr.
	20	*Steinkolatöflur og annað fast eldsneyti unnið úr kolum (þó ekki steinkol)*	1000 kg	2 kr.
27.02	00	**Brúnkol og brúnkolatöflur**	1000 kg	2 kr.
27.03	00	**Mór, mótöflur og mómylsna**	1000 kg	2 kr.
27.04	00	**Koks og hálfkoks úr steinkolum, brúnkolum eða mó**	1000 kg	2 kr.
27.05	00	**Gaskoks**	1000 kg	2 kr.
27.06		**Koltjara, brúnkolatjara, mótjara og önnur jarðtjara, einnig tjara eimd að nokkru leyti, tjara framleidd úr blöndu af biki og kreósótolíu og annarri olíu framleiddri úr koltjöru með eimingu:**		
	01	Netjatjara o. þ. h. til netjagerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins		2%
	09	Önnur		35%
27.07	00	**Olíur og önnur efni framleidd með eimingu úr háhitaðri koltjöru, aðrar olíur og efni, sem nefnt er í 2. athugasemd við þennan kafla**		30%
27.08		**Koltjörubik og annað bik, unnið úr koltjöru eða annarri jarðtjöru:**		
	10	*Koltjörubik og annað jarðtjörubik*		35%
	20	*Bikkoks*		35%
27.09	00	**Jarðolía og skífuolía, óhreinsaðar**	100 kg	35 au.
27.10		**Jarð- eða skífuolíur hreinsaðar (þar með taldar vörur ótaldar annars staðar, sem í er minnst 70% af jarð- eða steinolíu miðað við þunga, ef þessar olíur eru einkennandi fyrir vörurnar):**		
	10	*Jarðolía hreinsuð að nokkru, þar með talið „topped crude“*	100 kg	35 au.
		Benzín:		
	21	Flugvélabenzín		15%
	29	Annað benzín		50%
		Ljósasteinolía (þar með talið þotueldsneyti) og lakkbenzín:		
	31	Steinolía hreinsuð til ljósa (ljósasteinolía, kerósín)		15%
	32	Þotueldsneyti (jet fuel)		15%
	33	Lakkbenzín (white spirit)		30%
	39	Annað		30%

	40	*Gasolía (distillate fuel)*	100 kg	35 au.
	50	*Brennsluolía (residual fuel oil)*	100 kg	35 au.
	60	*Smurningsolía og smurfeiti*		2%
		Aðrar:		
	71	Íburðarefni í veiðarfæri		2%
	71	Ryðvarnarefni og ryðolía		35%
	79	Annars		15%
27.11		**Petróleumgas og önnur loftkennd kolvatnsefnissambönd:**		
	01	Gas til eldsneytis og lýsingar		2%
	09	Annað		35%
27.12	00	**Vaselín**		35%
27.13	00	**Parafín, smákristallað vax, móvax, ósókerít, ceresín, montanvax og aðrar vaxtegundir af mínerölskum uppruna, einnig litað**		30%
27.14		**Jarðolíubítúmen, jarðolíukoks og önnur úrgangsefni frá jarðolíu- og skífuolíuvinnslu:**		
	10	*Jarðolíukoks*		35%
	20	*Annað*		35%
27.15	00	**Bítúmen og asfalt, náttúrlegt, bítúmenskífa, asfaltsteinn og tjörusandur**		35%
27.16	00	**Bítúmenblöndur að meginstofni úr náttúrlegu asfalti, náttúrlegu bítúmeni, jarðolíubítúmeni, jarðtjöru eða jarðtjörubiki (t. d. asfaltmastix og „cut backs“)**		35%
27.17	00	**Rafmagn**		2%

VI. flokkur.

Kemísk og önnur svipuð framleiðsla.

Athugasemdir:

1. a. Vörur (aðrar en geislavirkt málmgrýti), sem svara til skýrgreininganna við nr. 28.50 eða 28.51, skulu teljast til þessara númera og einskis annars númers tollskrárinnar.
   b. Vörur, sem svara til skýrgreininganna við nr. 28.49 eða 28.52, skulu teljast til þessara númera og einskis annars númers tollskrárinnar, þó með þeim takmörkunum, sem leiða af ákvörðunum fyrri málsgreinar (a).
2. Vörur, sem svara til skýrgreininganna við nr. 30.03, 30.04, 30.05, 32.09, 33.06, 35.06, 37.08 eða 38.11, skulu teljast til þessara númera og einskis annars númers tollskrárinnar, enda séu þær í skömmtum eða smásöluumbúðum, þó með takmörkunum þeim, sem leiðir af fyrri tölulið (1).

---

28. kafli.

Ólífræn kemísk efni, lífræn og ólífræn sambönd góðmálma, sjaldgæfra jarðalkalímálma, geislavirkra frumefna og ísótópa.

Athugasemdir:

	03	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
	09	Annað	40%
39.05		**Náttúrlegt harpix ummyndað með bræðslu (t. d. bræddur kópall), gerviharpix orðið til fyrir estrun á náttúrlegu harpix eða harpixsýrum (harpixester), kemískir derivatar af náttúrlegu gúmmíi (kátsjúki), t. d. klórkátsjúk, kátsjúkhydróklóríd, oxykátsjúk og hringliða (cyclised) kátsjúk:**	
	01	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	30%
	02	Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ólitað (glært), ómynstrað og óáletrað	35%
	03	Límbönd	35%
	04	Handfæralínur úr syntetiskum efnum (monofilament), 1—2½ mm í þvermál	4%
	09	Annað	40%
39.06		**Önnur fjölhlutaefni með háum sameindaþunga, gerviharpix og plast, algínsýra ásamt söltum hennar og esterum; línoxyn:**	
	01	Upplausnir óunnar, duft, hellur, klumpar og úrgangur	30%
	02	Stengur með hvers konar þverskurði (prófílar), pípur, þræðir, blöð, þynnur, plötur, hólkar o. þ. h., ólitað (glært), ómynstrað og óáletrað	35%
	09	Annað	40%
39.07		**Vörur úr efnum, sem teljast til nr. 39.01-39.06:**	
	31	Netjakúlur og netjakúlupokar, nótaflotholt	2%
	32	Fiskkassar, fiskkörfur og línubalar	4%
	33	Lóðabelgir	4%
	34	Vörur til hjúkrunar og lækninga	35%
	35	Björgunar- og slysavarnatæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
	36	Mjólkurbrúsar 10 lítra og stærri	10%
	37	Pípuhlutar (fittings), svo og pípu- og vélaþéttingar og hliðstæðir smáhlutir til véla	35%
	38	Boltar, rær, undirlög (skinnur) o. þ. h.	50%
	39	Vatnsfergingarútbúnaður	35%
	41	Geymar, ker og önnur stór ílát með yfir 300 lítra rúmtaki	50%
	43	Pokar til vélpökkunar á vörum, eftir nánari skýrgreingu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	40%
	45	Lampar, lampaskermar og lýsingatæki	90%
	46	Umbúðakassar úr plasti, að rúmmáli 0,01 m^3 og stærri	50%
	48	Flöskur, krukkur, dósir, tappar og hettur, svo og brúsar, ót. a.	60%
	51	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
	52	Verkfæri, ót. a.	35%
	53	Pokar, ót. a.	50%
	54	Hreinlætistæki	80%
	55	Dúkar og þynnur, tilsniðið til fataframleiðslu o. þ. h.	65%
	56	Fatnaður	65%
	58	Búsáhöld, þar á meðal brúsar minni en 10 lítra	100%
	61	Tunnur	35%
	62	Tilbúin hús og mannvirki og húshlutar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	40%
	63	Veggplötur, formsteyptar	40%

64	Úraglös og úraarmbönd	50%
65	Rúður	50%
66	Niðurskornar gervibeitur til handfæraveiða í sjó	4%
67	Mjólkurumbúðir, eftir nánari skýringu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
68	Smávarningur og annað þess háttar, úr plasti, til að búa, slá eða leggja með ýmsa hluti, snagar, fatahengi, hilluhné og annað þess háttar	40%
71	Girðingastaurar	20%
72	Kúplar og glös fyrir siglingaljós og duflaljósker	35%
73	Skrautvörur	100%
74	Burstahausar úr plasti	35%
75	Bólur til gangbrautamerkinga	35%
76	Töskuhandföng	40%
89	Aðrar vörur úr plasti	70%

40. kafli.

Náttúrlegt gúmmí (kátsjúk), tilbúið gúmmí (gervigúmmí) og faktis og vörur úr þessum efnum.

Athugasemdir:

1. Sé ekki annað tekið fram hér í tollskránni, tekur orðið *gúmmí* til eftirtaldra vörutegunda, einnig vúlkaniseraðra eða hertra: Náttúrlegs gúmmís (kátsjúks), balata, gúttaperka og þess háttar náttúrlegs gúmmís, gervigúmmís, faktis framleidds úr olíum og til þessara vörutegunda endurunninna.
2. Þessi kafli tekur ekki til eftirgreindra vara úr gúmmíi og spunaefnum, sem teljast yfirleitt til XI. flokks:
   a. Prjónavoð og heklvoð og annar teygjanlegur vefnaður og vörur úr slíku með innsettu eða innofnu gúmmíi; aðrar teygjanlegar spunavörur með gúmmíþráðum og vörur úr slíkum efnum.
   b. Brunaslöngur og þess háttar slöngur úr spunaefnum, gerðar vatnsheldar með gúmmíþynnu að innanverðu.
   c. Ofin spunaefni, gegndreypt, þakin eða límd saman með gúmmíi (nema vörur, er teljast til nr. 40.06 og 40.10), ef
      (1) þunginn er 1½ kg hver m² eða minna, eða
      (2) þunginn er yfir 1½ kg hver m² og í vörunni er yfir 50% af vefnaðarefnum miðað við þunga.

      Einnig vörur úr þessum efnum.
   d. Flóki, gegndreyptur eða þakinn með gúmmíi, ef spunaefnin eru yfir 50% af þunga vörunnar; einnig vörur úr slíkum efnum.
   e. Trefjadúkur, gegndreyptur eða þakinn með gúmmíi eða ef gúmmíið er bindiefnið og spunaefni yfir 50% af þunga vörunnar; einnig vörur úr slíkum efnum.
   f. Dúkur úr trefjum límdum samhliða saman með gúmmíi, hver svo sem þunginn er, miðaður við fermetra; einnig vörur úr þessum efnum.

   Spunaefni þakin eða límd saman með blásnu gúmmíi, frauðgúmmíi eða svampgúmmíi teljast þó alltaf til 40. kafla, og vörur úr þessum efnum flokkast sem gúmmívörur, en ekki sem spunavörur.
3. Til þessa kafla teljast ekki heldur eftirtaldar vörur:
   a. Skófatnaður, hlutar til hans og aðrar vörur, er teljast til 64. kafla.
   b. Höfuðfatnaður, þar með taldar baðhettur, og hlutar til hans, sem teljast til 65. kafla.
   c. Harðgúmmíhlutar til véla, áhalda og verkfæra, svo og aðrar þær vörur til rafmagnsiðnaðar, sem teljast til XVI. flokks.

d. Vörur, sem falla undir 90., 92., 94. eða 96. kafla.
e. Leikföng, leiktæki, íþróttatæki og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla, nema íþróttahanzkar og vörur, er teljast til nr. 40.11.
f. Hnappar, greiður, pípumunnstykki, pennasköft og aðrar vörur í 98. kafla.

4. Orðið *gervigúmmí* í 1. athugasemd hér að ofan og í nr. 40.02, 40.05 og 40.06 tekur til:
a. Ómettaðra tilbúinna efna, sem með herzlu með brennisteini, selen eða tellúr má óafmáanlega breyta í efni, sem ekki sveigjast, og sem má eftir beztu vúlkaniseringu (og án blöndunar annarra efna, svo sem mýkingarefna og styrkjandi fylliefna, sem ekki eru nauðsynleg til að mynda þverbindingu) teygja við 15° til 20° C hita þrisvar sinnum upprunalega lengd sína án þess að þau slitni, og, eftir að þau hafa verið teygð 2 sinnum upprunalega lengd sína, draga sig saman innan tveggja tíma þannig, að þau verða ekki yfir 1½ sinnum upphafleg lengd.
Til slíkra efna teljast pólyisoprene (CIS), pólybútadíen, pólyklórbútadíen (GRM), pólybútadíen-styren (GRS), pólyklórbútadíen-acrylónítríl (GRN), pólybútadíen-acrylónítríl (GRA) og bútylgúmmí (GRI).
b. „Thioplasts" (GRP).
c. Náttúrlegt gúmmí breytt við samruna eða blöndun við gerviplast, enda uppfylli það þau skilyrði varðandi vúlkaniseringu, teygjanleika og samdráttarhæfni, sem um getur í a að ofan.

5. Til nr. 40.01 og 40.02 telst ekki gúmmí, sem í eru fylliefni (virk eða óvirk), mýkingarefni, vúlkaniseringsefni, hvetjandi efni eða litarefni, og ekki heldur blöndur af náttúrlegu gúmmíi og gervigúmmíi eða blöndur af ýmsum teygjanlegum efnum. Til nr. 40.02 telst þó gervigúmmí, sem jarðolíur eru settar í fyrir storknun, gervigúmmí, sem í eru rotverjandi efni, og gervigúmmí, sem litarefni hafa verið sett í til auðkenningar.
6. Þráður, sem er úr toggúmmíi einu og ekki yfir 5 mm í þvermál, telst til nr. 40.08, og skiptir lögun þverskurðarins ekki máli.
7. Til nr. 40.10 teljast vélareimar og færibönd úr spunaefnum, sem eru gegndreypt, yfirdregin, yfirlögð eða límd saman með gúmmíi, eða gerð úr spunagarni — einþráða, fleirþráða eða með kaðalgerð — gegndreyptu eða þöktu gúmmíi.
8. Í nr. 40.06 telst forvúlkaniseruð gúmmíkvoða (latex) vera óvúlkaniseruð gúmmíkvoða (latex). Sem toggúmmí í nr. 40.07—40.14 telst einnig balata, gúttaperka svo og þess háttar náttúrleg teygjanleg efni, faktis, og þessi efni endurunnin úr þessum vörutegundum, þó að þær séu ekki vúlkaniseraðar.
9. Sem *plötur, þynnur og bönd* í nr. 40.05, 40.08 og 40.15 teljast aðeins plötur, þynnur og bönd óáprentuð, áprentuð eða öðruvísi unnin á yfirborði, en ekki tilsniðin nema í rétthyrnd stykki og ekki frekar unnin.
Orðin *stengur* og *prófílar* í nr. 40.08, og orðin *stengur, prófílar* og *pípur* í nr. 40.15 taka til, og taka einungis til, þessara vara (hvort sem þær eru skornar í stykki og unnar á yfirborði eða ekki), að þær séu ekki öðruvísi unnar.

I. Hrágúmmí.

40.01		**Náttúrlegt gúmmí (kátsjúk), balata, gúttaperka og þess háttar náttúrleg teygjanleg efni, óunnin (þar með talið latex, einnig stabilíserað):**	
	01	Latex, fljótandi, duft eða deig, einnig stabilíserað	30%
	02	Plötur, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til skósólagerðar	30%
	09	Annað	35%
40.02		**Gervigúmmí (þar með gervilatex, einnig stabilíserað); faktis unnið úr olíum:**	
	01	Gervilatex, fljótandi eða duft, einnig stabilíserað	30%
	09	Annað	35%

40.03	00	**Endurunnið gúmmí**	35%
40.04	00	**Afklippur af toggúmmíi og annar úrgangur, svo og duft; slitnar vörur úr toggúmmíi, sem aðeins eru hæfar til endurvinnslu á gúmmíi**	35%

II. Óvúlkaniserað gúmmí.

40.05		**Plötur, þynnur og bönd úr óvúlkaniseruðu náttúrlegu gúmmíi eða gervigúmmíi, þó ekki reyktar þynnur eða krepþynnur, sem teljast til nr. 40.01 eða 40.02; korn úr óvúlkaniseruðu náttúrlegu gúmmíi eða gervigúmmíi, blönduð eða tilreidd til vúlkaniseringar:**	
	01	Til skógerðar, enda beri varan það með sér, að hún sé sérstaklega unnin til þess	10%
	09	Annað	35%
40.06	00	**Óvúlkaniserað náttúrlegt gúmmí eða gervigúmmí (þar með talið latex) með annarri lögun eða í öðru ástandi en í nr. 40.05 (t. d. stengur, pípur, prófílar, upplausnir og jafnblöndur); vörur úr óvúlkaniseruðu náttúrlegu gúmmíi eða gervigúmmíi (t. d. húðað eða gegndreypt spunaefni; límbönd með hvers konar undirlagi, úr efni, sem í er óvúlkaniserað gúmmí; hringir og skífur)**	35%

III. Vörur úr toggúmmíi.

40.07	00	**Þræðir og snúrur úr toggúmmíi, einnig þakið spunavörum; spunagarn, gegndreypt eða þakið með toggúmmíi**	35%
40.08		**Plötur, þynnur, bönd, stengur og þræðir úr toggúmmíi:**	
	01	Úr svampgúmmíi til skósólagerðar, enda beri varan það með sér, að hún sé sérstaklega unnin til þess	30%
	02	Annað svampgúmmí, þó ekki bönd, stengur og þræðir	50%
	03	Gólfdúkur	35%
	09	Annað	35%
40.09	00	**Pípur og slöngur úr toggúmmíi**	35%
40.10	00	**Vélareimar og færibönd úr toggúmmíi**	35%
40.11		**Hjólbarðar alls konar, skiptanlegir hjólbarðaslitfletir, slöngur og felgubönd úr toggúmmíi, á alls konar hjól:**	
	01	Hjólbarðar á bifreiðar og bifhjól, nýir	40%
	02	Hjólbarðar hvers konar, notaðir	35%
	09	Annars	40%
40.12	00	**Vörur úr toggúmmíi til lækninga og hjúkrunar, einnig að hluta úr harðgúmmíi**	35%
40.13		**Fatnaður alls konar (þar með taldir hanzkar) og tilheyrandi, úr toggúmmíi:**	
	01	Kafarabúningur	20%
	02	Hanzkar	65%
	03	Röntgenklæðnaður með blýinnleggi	35%
	09	Annar	65%
40.14		**Aðrar vörur úr toggúmmíi:**	
	01	Botnrúllur (bobbingar)	2%
	02	Björgunartæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
	03	Burstahausar	35%
	04	Vélaþéttingar og þéttilistar	35%
	05	Vörur til tækninota, hringir í niðursuðudósir og handverkfæri	35%
	06	Niðurskornar gervibeitur til handfæraveiða í sjó	4%
	07	Vörur sérstaklega til skipa	35%
	08	Hurðir	40%
	09	Annars	70%

IV. Harðgúmmí (ebónít og vúlkanít) og vörur úr því.

40.15		**Harðgúmmí í bitum, plötum, þynnum, böndum, stöngum með hvers konar þverskurði (prófílum), pípum og þráðum; úrgangur af harðgúmmíi og duft úr því:**	
	01	Til skógerðar, enda beri varan það með sér, að hún sé sérstaklega unnin til þess	30%
	09	Annað	35%
40.16		**Aðrar vörur úr harðgúmmíi:**	
	01	Til lækninga og hjúkrunar	35%
	09	Annars	70%

VIII. flokkur.

Húðir, skinn, leður, loðskinn og vörur úr þeim; reið- og aktygi; ferðabúnaður, handtöskur o. þ. h.; vörur úr þörmum (öðrum en silkiormaþörmum).

41. kafli.

Húðir og skinn, ósunnið (þó ekki loðskinn), og leður.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Afklippur og annar þess háttar úrgangur af ósunnum roðum, húðum og skinnum (nr. 05.05 og 05.06).
   b. Fuglshamir og hlutar af þeim með tilheyrandi fjöðrum eða dún (nr. 05.07 eða 67.01).
   c. Húðir og skinn með hárum, ósunnin, sútuð eða unnin (43. kafli). Til nr. 41.01 teljast þó ósunnar húðir og skinn, með hárum, af nautpeningi (þar með taldir vísundar), hestum og öðrum dýrum af hestaættinni, sauðfé og lömbum (þó ekki persian, astrakan, karakúl, breitschwanz og svipuð lambskinn, og skinn af indverskum, kínverskum, mongólskum og tíbetskum lömbum), geitum og kiðlingum (þó ekki af arabískum, kínverskum, mongólskum og tíbetskum geitum og kiðlingum), svínum (þar með moskussvín), gemsum, gazellum, hreindýrum, elgum, krónhjörtum, rádýrum og öðrum dýrum af hjartarættinni og af hundum.
2. Með *leðurlíki* er alls staðar í tollskránni aðeins átt við vörur þær, sem teljast til nr. 41.10.

41.01		**Húðir og skinn, ósunnin (ný, söltuð, þurrkuð, pækluð eða kölkuð), einnig klofin, hér með taldar gærur:**	
		Húðir af nautpeningi og hestum, þó ekki af kálfum:	
	11	Nautshúðir í botnvörpur, ósunnar en saltaðar og/eða blásteinslitaðar	4%
	19	Aðrar	20%
	20	*Kálfsskinn*	20%
	30	*Geitaskinn og kiðlingaskinn*	20%
	40	*Sauðskinn og lambskinn með ull*	20%
	50	*Sauðskinn og lambskinn ullarlaus*	20%
	60	*Aðrar húðir og skinn*	20%

41.02		**Leður úr nautshúðum (þar með talið vísundaleður) og leður úr hrosshúðum (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 41.06-41.08):**	
	10	*Kálfsleður*	20%
		Leður úr nautshúðum (þó ekki kálfsleður) og leður úr hrosshúðum:	
	21	Í sóla og bindisóla, enda beri varan það með sér, að hún sé sérstaklega unnin til þess	20%
	29	Annað	20%
41.03	00	**Leður úr sauð- og lambskinnum (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 41.06-41.08)**	20%
41.04	00	**Leður úr geitar- og kiðlingaskinnum (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 41.06-41.08)**	20%
41.05		**Annað leður (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 41.06-41.08):**	
	01	Svínsleður	20%
	09	Leður, ót. a. (þ. á m. fiskroð)	20%
41.06	00	**Þvottaskinn (chamois-dressed lether)**	20%
41.07	00	**Pergament**	20%
41.08	00	**Lakkleður og málmþakið leður**	20%
41.09	00	**Afklippur og úrgangur frá leðri, leðurlíki og pergamenti, enda sé það ekki hæft til framleiðslu á vörum úr leðri; enn fremur leðurdust, leðurduft og leðurmjöl**	20%
41.10	00	**Leðurlíki að meginstofni úr leðri eða leðurþráðum, í plötum eða rúllum**	20%

42. kafli.

Vörur úr leðri; reið- og aktygi; ferðabúnaður, handtöskur o. þ. h.; vörur úr þörmum (öðrum en silkiormaþörmum).

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Dauðhreinsað girni (catgut) til læknisaðgerða og annað þess háttar dauðhreinsað efni til notkunar í sama skyni (nr. 30.05).
   b. Fatnaður og annað, er honum heyrir til (þó ekki hanzkar), fóðrað með loðskinni eða loðskinnslíki eða með loðskinni eða loðskinnslíki á ytra borði, nema þessi skinn séu aðeins leggingar til skrauts (nr. 43.03 eða 43.04).
   c. Burðarnet og annað þess háttar, er telst til XI. flokks.
   d. Vörur, er teljast til 64. kafla.
   e. Höfuðfatnaður og hlutar til hans, er teljast til 65. kafla.
   f. Svipur, keyri og aðrar vörur, er teljast til nr. 66.02.
   g. Strengir, trumbuskinn og aðrir hljóðfærahlutar (nr. 92.09 eða 92.10).
   h. Húsgögn og húsgagnahlutar (94. kafli).
   ij. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
   k. Hnappar, flibbahnappar, ermahnappar, smellur o. þ. h. og efni og hlutar til þessara vara, sem teljast til nr. 98.01 eða 71. kafla.
2. Vörur, sem ekki eru heilar eða eru ófullgerðar, flokkast á sama hátt og heilar og fullgerðar vörur, enda hafi þær að öllu verulegu leyti einkenni varanna heilla eða fullgerðra.
3. Til fatnaðar og þess, sem honum heyrir til (nr. 42.03), telst m. a. hanzkar (þar með íþróttahanzkar), svuntur og önnur hlífðarföt, axlabönd, belti, axlarólar, armbönd, þar með talin úrarmbönd.

42.01	00	**Ak- og reiðtygi (t. d. hnakkar, aktygi, klafar, vagnólar, hnéhlífar), úr hvers konar efni og fyrir hvers konar dýr**	80%
42.02	00	**Ferðabúnaður (töskur, hattöskjur, bakpokar, sjópokar, burðartöskur), handtöskur, veski, pyngjur, skólatöskur, skjalamöppur, snyrtiskrín, snyrtipokar, verkfæratöskur o. þ. h., úr leðri, leðurlíki, vúlkanfíber, plastplötum eða þynnum, pappa eða vefjarefnum**	90%
42.03		**Fatnaður úr leðri og leðurlíki og það, sem honum heyrir til:**	
	01	Belti	65%
	02	Hanzkar	65%
	03	Úraarmbönd	50%
	04	Röntgenhanzkar	35%
	09	Annar	65%
42.04	00	**Vörur úr leðri eða leðurlíki til tækninota**	35%
42.05		**Aðrar vörur úr leðri eða leðurlíki:**	
	01	Leðurrendur til skógerðar, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til þess	35%
	02	Töskuhandföng	40%
	03	Vörur til lækninga	35%
	09	Annars	65%
42.06	00	**Vörur úr þörmum, gullsláttarhimnum, blöðrum eða sinum**	65%

43. kafli.

Loðskinn og loðskinnslíki og vörur úr þeim.

Athugasemdir:

1. Með *loðskinnum* er alls staðar í tollskránni (nema í nr. 43.01) átt við sútaðar eða unnar húðir eða skinn með hárum og af alls konar dýrum.
2. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Fuglahamir og hlutar af þeim með föstum upprunalegum fjöðrum og dún (nr. 05.07 eða 67.01).
   b. Þær óunnar húðir og skinn með hárum, sem teljast til 41. kafla.
   c. Hanzkar úr leðri og loðskinni eða úr leðri og loðskinnslíki (nr. 42.03).
   d. Skófatnaður, skófatnaðarhlutar og aðrar vörur, er teljast til 64. kafla.
   e. Höfuðfatnaður og hlutar af honum, er teljast til 65. kafla.
   f. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
3. Með *plötum, krossum o. þ. h.* í nr. 43.02 er átt við loðskinn eða hluta af þeim (þó ekki skinn, sem „hleypt hefur verið fram", lengd), sem hafa verið saumuð saman í ferhyrning, rétthyrning, kross eða trapizu án annarra efna. Önnur samansaumuð loðskinn, sem eru tilbúin til notkunar eða aðeins þarf að skera til fyrir notkun, svo og loðskinn og hlutar af þeim, sem eru saumuð saman sem fatnaður, fatahlutar, annað er fatnaði heyrir til, eða frá er gengið sem annarri vöru, telst til nr. 43.03.
4. Fatnaður og annað, er honum heyrir til (þó ekki það, sem nefnt er í 2. athugasemd hér að framan), sem hefur verið fóðrað með loðskinni eða loðskinnslíki eða er með loðskinni eða loðskinnslíki á ytra borði, telst til nr. 43.03 eða 43.04 eftir atvikum, enda sé um meira en leggingar einar að ræða.
5. Með *loðskinnslíki* er alls staðar í tollskránni átt við sérhverja eftirlíkingu loðskinns, sem er úr ull, hári eða öðrum trefjum, sem eru límdar eða saumaðar saman við leður, spunaefni eða annað efni. Ofnar eftirlíkingar af loðskinni flokkast sem spunavörur (t. d. nr. 58.04).

43.01	00	**Loðskinn ósunnin**	40%
43.02	00	**Loðskinn, sútuð eða unnin (þar með teljast loðskinn saumuð saman í plötur, krossa o. þ. h.); loðskinnshlutar og afklippur (þar með talin höfuðskinn, skinn af fótum og skottum), ekki saumuð saman**	50%
43.03	00	**Vörur úr loðskinnum**	65%
43.04		**Loðskinnslíki og vörur úr því:**	
	01	Loðskinnslíki	40%
	09	Vörur úr loðskinnslíki	65%

IX. flokkur.

Trjáviður og vörur úr trjáviði; viðarkol; korkur og korkvörur; körfugerðarvörur og aðrar vörur úr fléttiefnum.

44. kafli.

Trjáviður og vörur úr trjáviði; viðarkol.

Athugasemdir:

1. Til kaflans telst ekki:
   a. Trjáviður, sem aðallega er notaður til framleiðslu á ilmvörum, lyfjum, efnum til varnar gegn skordýrum, sveppum o. þ. h. (nr. 12.07).
   b. Trjáviður, sem aðallega er notaður til litunar og sútunar (nr. 13.01).
   c. Ávirk viðarkol (nr. 38.03).
   d. Körfugerðarvörur og aðrar vörur úr fléttiefnum, er teljast til 46. kafla.
   e. Skófatnaður og hlutar til hans, er teljast til 64. kafla.
   f. Göngustafir og hlutar til þeirra og hlutar í regnhlífar, sólhlífar, svipur og keyri (66. kafli).
   g. Plötur, flögur, hellur og annað þess konar úr tréspónum, trjáúrgangi og þess háttar, límt saman með sementi, gipsi eða öðrum bindiefnum úr steinaríkinu (nr. 68.09).
   h. Glysvarningur, er telst til nr. 71.16.
   ij. Farartæki og hlutar til þeirra og aðrar vörur í XVII. flokki.
   k. Vörur, er teljast til 91. kafla (t. d. klukkur og klukkukassar).
   l. Hljóðfæri og hlutar til þeirra (92. kafli).
   m. Hlutar í skotvopn (nr. 93.06).
   n. Húsgögn og húsgagnahlutar (94. kafli).
   o. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
   p. Reykjapípur, pípuhlutar o. þ. h., hnappar, blýantar og aðrar vörur, er teljast til 98. kafla.
2. Vörur úr trjáviði, sem fluttar eru inn ósamsettar eða í aðskildum hlutum eða eru að hluta úr gleri, marmara eða öðru efni, eða hlutar, sem þessum vörum heyra til og eru úr þessum tilgreindu efnum, flokkast eins og vörurnar samsettar, enda séu hinir einstöku hlutar fluttir inn samtímis.
3. Með orðunum *sérstaklega unninn trjáviður* í þessum kafla er átt við trjávið, sem fyrir kemíska meðferð, vinnslu með vélum eða með öðrum tækjum, hefur fengið slíkan þéttleika, hörku eða hæfni, að hann stenzt betur kemísk áhrif, mekanísk áhrif eða áhrif frá rafmagni, og sé um samanlímdar plötur eða samanlímdan trjávið að ræða, verður vinnslan að vera önnur og meiri en traust samanlíming.
4. Til nr. 44.19—44.28 teljast einnig vörur úr spónlögðum trjáviði, krossviði, holtré, sérstaklega unnum trjáviði eða gerviviði.
5. Nr. 44.25 tekur ekki til verkfæra og áhalda, ef málmur er í blöðum þeirra, eggjum, tönnum eða hliðstæðum hlutum, sem ákvarða aðalnot þeirra.

44.01	00	**Eldsneyti úr trjáviði, í bolum eða bútum, greinar eða hrískur í böggum; viðarúrgangur, þar með talið sag**	40%
44.02	00	**Viðarkol (þar með talin kol úr hnetuskurn), einnig samanlímd**	40%
44.03		**Trjábolir óunnir, einnig þótt börkurinn og greinar hafi verið teknar af:**	
	10	*Trjábolir til framleiðslu á viðarslípi (pulp wood)*	35%
	20	*Trjábolir af barrtrjám, til framleiðslu á borðum, plönkum, spæni o. þ. h.*	35%
	30	*Trjábolir af öðrum trjátegundum en barrtrjám, til framleiðslu á borðum, plönkum, spæni o. þ. h.*	35%
	40	*Námustoðir (pitprops)*	35%
		Trjábolir óunnir aðrir:	
	51	Staurar og spírur í fisktrönur, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%
	52	Girðingarstaurar	20%
	53	Síma- og rafmagnsstaurar	35%
	59	Annars	35%
44.04		**Trjábolir, kantaðir á tveimur eða fjórum hliðum, en ekki frekar unnir:**	
	10	*Trjábolir af barrtrjám*	35%
	20	*Trjábolir af öðrum trjátegundum*	35%
44.05		**Trjáviður, sagaður eftir endilöngu, flettur eða afbarkaður, en ekki frekar unninn, meir en 5 mm að þykkt:**	
		Úr barrtrjám:	
	11	Þilfarsplankar úr „oregon-pine“, „pitch-pine“ eða „douglas-fir“, 3×5“ eða stærri	15%
	19	Annar	35%
		Úr öðrum trjátegundum:	
	21	Úr eik	15%
	22	Úr beyki	40%
	23	Úr birki og hlyni	40%
	24	Úr rauðviði (mahogni)	40%
	25	Úr teakviði	40%
	29	Annar	40%
44.06	00	**Kubbar til gatnagerðar**	35%
44.07	00	**Járn- og sporbrautaþverté**	35%
44.08	00	**Trjáviður í tunnustafi, klofinn, aðeins einn aðalflötur sagaður, en ekki frekar unninn; tunnustafir, ef einn aðalflötur er sagaður ávalur, en ekki frekar unnir**	3%
44.09		**Trjáviður í tunnubönd; klofnar stoðir; staurar og stafir, yddað en ekki sagað niður eftir endilöngu; tréspænir; spænir notaðir við ediksgerð eða við hreinsun á vökvum:**	
	01	Trjáviður í tunnubönd	3%
	09	Annað	35%
44.10	00	**Trjáviður í göngustafi, regnhlífar, keyri, golfkylfur, verkfæri, áhöld o. þ. h., grófunninn eða gerður sívalur, en ekki renndur, beygður eða frekar unninn**	60%
44.11	00	**Tréþráður; eldspýtnaefni; trépinnar í skó**	40%
44.12	00	**Viðarull og viðarmjöl**	35%
44.13		**Trjáviður, heflaður, plægður, grópaður, fasaður eða unninn á annan svipaðan hátt, þar með talið ósamsett efni í parketgólf:**	
		Úr barrtrjám:	
	11	Þilfarsplankar úr „oregon-pine“, „pitch-pine“ eða „douglas-fir“, 3×5“ eða stærri	15%
	19	Annar	35%
		Úr öðrum trjátegundum:	
	21	Parketstafir	50%
	29	Annar	40%

44.14	00	**Spónn og þynnur í krossvið (sagað, skorið eða flagað), ekki yfir 5 mm að þykkt, einnig styrkt með pappír eða spunaefnum**	35%
44.15	00	**Krossviður, spónlagður trjáviður og aðrar límdar plötur, einnig í sambandi við önnur efni, innlagður viður (með áteiknuðu eða máluðu mynstri)**	35%
44.16	00	**Holplötur (lamelplötur), einnig lagðar ódýrum málmum**	40%
44.17	00	**Sérstaklega unninn (improved) viður í plötum, blokkum eða þess konar**	40%
44.18	00	**Gervitrjáviður úr spónum, sagi, viðarmjöli eða öðrum viðarkenndum úrgangi, haldið saman með náttúrlegum harpix, gerviharpix eða öðru lífrænu bindiefni, í plötum, bitum eða þess háttar**	40%
44.19	00	**Ramma- og húsgagnalistar úr trjáviði og listar með hvers konar þverskurði til skreytinga innanhúss, fyrir raflagnir og annað þess háttar**	60%
44.20	00	**Myndarammar, rammar fyrir spegla og aðrar slíkar umgerðir úr trjáviði**	70%
44.21	00	**Umbúðakassar, rimlakassar, öskjur og aðrar umbúðir úr trjáviði, samsett, ósamsett eða samsett að nokkru leyti**	50%
44.22		**Ámur, tunnur, ker, balar, fötur og aðrar slíkar beykisvörur úr trjáviði, hlutar í þessar vörur, þó ekki tunnustafir þeir, sem teljast til nr. 44.08:**	
	01	Kjöttunnur og hlutar til þeirra	4%
	02	Síldartunnur og hlutar til þeirra	4%
	09	Annað	35%
44.23		**Trésmíðavörur til bygginga (þar með talin ósamsett tilsniðin hús og samsett parketgólf):**	
	01	Hurðir, gluggar og karmar til þeirra	40%
	02	Hús tilhöggvin	40%
	03	Innréttingar, eftir nánari skýrgreiningu og ákv. fjárm.ráðuneytisins	60%
	09	Annað	50%
44.24	00	**Búsáhöld úr trjáviði**	100%
44.25		**Verkfæri, áhöld og hlutar til þeirra úr trjáviði (handföng, sköft og þess háttar), burstatré, sköft og handföng úr trjáviði fyrir bursta og kústa; skósmíðaleistar og blokkir úr tré, fyrir skósmíði:**	
	01	Burstatré	35%
	02	Skósmíðaleistar	35%
	03	Sköft og handföng	35%
	09	Annað	35%
44.26	00	**Snældur, kefli og þess háttar úr renndum viði**	35%
44.27		**Gólflampar, borðlampar og önnur ljósatæki, úr trjáviði; húsgögn úr trjáviði, sem ekki teljast til 94. kafla; skrín, vindlingakassar, bakkar, ávaxtaföt og hlutir til skreytingar úr trjáviði; öskjur, kistur og hylki úr trjáviði, fyrir verkfæri, teikniáhöld, hljóðfæri o. þ. h.; vörur úr trjáviði til persónulegra nota eða til skrauts, sem menn hafa almennt í vösum sínum, í handtöskum eða á sér; hlutar úr trjáviði til þessara vara:**	
	01	Lampar og önnur ljósatæki úr trjáviði	90%
	09	Annað	100%
44.28		**Aðrar vörur úr trjáviði, ót. a.:**	
	81	Botnvörpuhlerar og bobbingar	2%
		.....	
	83	Merkispjöld	35%
	84	Árar	50%
	85	Stýrishjól	35%
	86	Hnakkvirki og aktýgjaklafar	50%
	87	Glugga- og dyratjaldastengur	40%
	88	Herðatré	100%
	91	Hefilbekkir	35%
	92	Skápa- og hurðahandföng	40%
	93	Tréteinar (drýlar)	50%
	99	Annars	70%

45. kafli.
Korkur og korkvörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Skófatnaður og hlutar til skófatnaðar, er teljast til 64. kafla.
   b. Höfuðfatnaður og hlutar til höfuðfatnaðar, er teljast til 65. kafla.
   c. Leikföng, leiktæki, íþróttaáhöld og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
2. Náttúrlegur korkur lauslega skorinn í ferhyrnd stykki, og náttúrlegur korkur, sem tekið hefur verið af yzta barkarlagið, telst til nr. 45.02, en ekki til nr. 45.01.

45.01	00	**Náttúrlegur korkur, óunninn, mulinn eða malaður; korkúrgangur**	30%
45.02	00	**Náttúrlegur korkur í stykkjum, plötum, þynnum eða ræmum, þar með taldir teningar og ferhyrningar til framleiðslu á töppum**	30%
45.03		**Vörur úr náttúrlegum korki:**	
	01	Netja- og nótakorkur	2%
	02	Björgunaráhöld úr korki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
	03	Korktappar	50%
	09	Aðrar	60%
45.04		**Pressaður korkur með eða án bindiefna og vörur úr slíkum korki:**	
	01	Korkvörur til skógerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	30%
	02	Korkplötur til einangrunar	35%
	03	Vélaþéttingar, pípur o. þ. h. úr korki	35%
	04	Korkparkett	50%
	05	Korkur í flöskuhettur	50%
	09	Annað	60%

46. kafli.
Körfugerðarvörur og aðrar vörur úr fléttiefnum.

Athugasemdir:

1. Með *fléttiefnum* er m. a. átt við strá, hálm, tágar, reyr, bambus, sef, trjáviðarspæni, ræmur af viðartrefjum og viðarberki, óspunnin vefjarefni, einþáttunga og ræmur úr plasti og pappírsræmur, en ekki ræmur úr leðri, leðurlíki eða flóka, mannshár, hrosshár, einþráðunga, né ræmur og spunagarn, sem telst til 51. kafla.
2. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Seglgarn, reipi og kaðlar, einnig fléttað (nr. 59.04).
   b. Skófatnaður og höfuðfatnaður og hlutar til þeirra, er teljast til 64. og 65. kafla.
   c. Ökutæki og hlutar til þeirra úr fléttiefnum (87. kafli).
   d. Húsgögn og hlutar til þeirra (94. kafli).
3. Með *fléttiefnum bundnum saman í plötur* í nr. 46.02 er átt við fléttiefni lögð hlið við hlið og bundin þannig saman, hvort sem bindiefnið er spunaefni eða annað.

46.01	00	**Fléttur og aðrar þess konar vörur úr fléttiefnum til hvers konar nota, einnig fléttaðir borðar**	35%
46.02		**Fléttiefni bundin saman eða ofin saman í plötur, þar með talið mottur, teppi og skermar; flöskustrá:**	
	01	Mottur til umbúða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
	02	Gólfmottur, teppi o. þ. h.	90%
	03	Skermar	90%
	09	Annað	60%
46.03		**Körfugerðarvörur og aðrar vörur gerðar fyrst og fremst úr fléttiefnum eða vörum þeim, sem teljast til nr. 46.01-46.02; vörur úr lúffuknippum:**	
	01	Fiskkörfur og kolakörfur, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	15%
	02	Töskuhöldur úr fléttiefnum	40%
	09	Annað	100%

X. flokkur.

Efnivörur í pappír; pappi, pappír og vörur úr þeim efnum.

47. kafli.

Efnivörur í pappír.

47.01		**Pappírsmassi, vél- eða kemískt unninn úr hvers konar trefjaefni úr jurtaríkinu:**	
	10	*Viðarslíp vélunnið*	20%
	20	*Pappírsmassi úr öðru en trjáviði*	20%
	30	*Viðarmassi kemískur í upplausnarstigum (dissolving grades)*	20%
	40	*Sóda- og súlfatviðarmassi, óbleiktur*	20%
	50	*Sóda- og súlfatviðarmassi, bleiktur (annar en „dissolving grades“)*	20%
	60	*Súlfitviðarmassi, óbleiktur*	20%
	70	*Súlfitviðarmassi, bleiktur (annar en „dissolving grades“)*	20%
	80	*Viðarmassi hálfkemískur*	20%
47.02	00	**Úrgangspappír og úrgangspappi; úrgangsvörur úr pappír eða pappa aðeins hæfar til pappírsgerðar**	20%

48. kafli.

Pappír og pappi; vörur úr pappírsmassa, pappír og pappa.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Prentþynnur, er teljast til nr. 32.09.
   b. Ilmpappír og andlitsfarðapappír (nr. 33.06).
   c. Pappír gegndreyptur eða þakinn sápu (nr. 34.01), pappír gegndreyptur eða þakinn ræstiefnum (nr. 34.02) og sellulósavatt gegndreypt með fægi- og gljáefnum o. s. frv. (nr. 34.05).
   d. Ljósnæmur pappír og pappi (nr. 37.03).
   e. Samfellur af plasti og pappír eða pappa (nr. 39.01—39.06), vúlkanfíber (nr. 39.03) og vörur úr slíkum efnum (nr. 39.07).
   f. Vörur, er teljast til nr. 42.02 (t. d. ferðabúnaður).
   g. Körfugerðarvörur og aðrar vörur úr fléttiefnum (46. kafli).
   h. Pappírsgarn og spunavörur úr því (XI. flokkur).

ij. Slípiefni með pappír og pappa sem undirlag (nr. 68.06) og gljásteinsflögur með sams konar undirlagi (nr. 68.15). (Hins vegar telst pappír og pappi þakið gljásteinsdufti til nr. 48.07.)
k. Málmþynnur styrktar með pappír eða pappa (XV. flokkur).
l. Gataður pappír og pappi í hljóðfæri (nr. 92.10).
m. Vörur, er teljast til 97. kafla (t. d. leikföng, leiktæki og íþróttavörur) eða vörur, er teljast til 98. kafla (t. d. hnappar).

2. Til nr. 48.01 og 48.02 telst einnig pappír og pappi, sem er sléttur, gerður með vatnsmerki, einnig óekta, svo og pappír og pappi, sem er litaður eða marmararákaður í gegn í massanum með hvaða hætti sem er, enda leiði ekki annað af 3. athugasemd hér á eftir. Hins vegar teljast ekki til þessara númera pappír og pappi, sem er frekar unninn, t. d. yfirlagður eða gegndreyptur.
3. Pappír og pappi, sem eru þannig gerðir, að þeir geta talizt til tveggja eða fleiri af nr. 48.01—48.07, teljast til þess númers, sem er síðast í röðinni.
4. Til nr. 48.01—48.07 telst ekki pappír, pappi eða sellulósavatt í eftirgreindu ásigkomulagi:
   a. Í ræmum eða rúllum, sem eru 15 cm á breidd eða minna.
   b. Í rétthyrndum örkum, ef ekkert af hliðunum er yfir 36 cm.
   c. Með annarri lögun en rétthyrndri.

   Handgerður pappír eða pappi af hvaða stærð og lögun sem er telst þó til nr. 48.02, ef hinn ójafni kantur, sem myndast við framleiðsluna, hefur ekki verið numinn burtu að nokkru eða öllu leyti, enda leiði ekki annað af 3. athugasemd hér á undan.
5. Sem *veggfóður og linkrústa* (nr. 48.11) skoðast einungis:
   a. Pappír í rúllum hæfur til vegg- og loftskreytinga og er
      — annað hvort með einni eða tveimur auðum röndum, með eða án kennimerkis,
      — eða án auðrar randar, litaður, mynsturprentaður, upphleyptur eða skreyttur á annan hátt á yfirborði og ekki yfir 60 cm á breidd.
   b. Pappírsbryddingar, pappírsrandir og pappírshorn til vegg- og loftskreytinga.
6. Nr. 48.15 tekur m. a. til pappírsullar og pappírsræma (einnig samanbrotinna eða þakinna á yfirborði), sem ætlað er til notkunar sem fléttiefni, og til salernispappírs í rúllum og pökkum, en hins vegar ekki til vara, sem nefndar eru í 7. athugasemd hér á eftir.
7. Til nr. 48.21 teljast m. a. spjöld í statístiskar vélar, rifgötuð blöð og spjöld í Jacquardvélar og þess háttar vélar, blúndur, hilluborðar, dúkar, pentudúkar og vasaklútar, véljaþéttingar, steyptar og formaðar vörur úr pappírsmassa og fatasnið.
8. Til þessa kafla telst pappír, pappi og sellulósavatt og vörur úr þeim, með áprentun eða myndum, ef þessi áprentun eða myndir eru ekki ákvarðandi um notkun þeirra eða valda því, að þær teljast til prentaðra verka í 49. kafla.

I. Pappír og pappi í rúllum og örkum.

48.01		**Pappír og pappi (þar með talið sellulósavatt), vélunninn, í rúllum eða örkum:**	
	10	*Dagblaðapappír*	4%
	20	*Prent- og skrifpappír*	30%
	30	*Kraftpappír og kraftpappi*	30%
	40	*Vindlingapappír*	100%
		Annar:	
	51	Bókbandspappi og hliðstæður pappi, einnig karton	30%
	52	Umbúðapappír venjulegur	30%
	53	Veggpappi og gólfpappi	30%
	59	Annað	30%
48.02	00	**Handgerður pappír og pappi**	30%

48.03		**Pergamentpappír og -pappi og annar feitiheldur pappír og pappi, einnig eftirlíkingar, og pergamyn, í rúllum eða örkum:**	
	01	Smjörpappír og hvítur pergamentpappír, sem vegur allt að 100 g/m²	4%
	09	Annað	30%
48.04	00	**Pappír og pappi úr samanlímdum blöðum, ógegndreypt eða óyfirdregið, með eða án innri styrkingar, í rúllum eða örkum**	30%
48.05	00	**Bylgjupappír og bylgjupappi, einnig með álímdu sléttu lagi, einnig krepaður, felldur, mynstraður og gataður, í rúllum og örkum**	40%
48.06	00	**Pappír og pappi, línustrikað eða krossstrikað, en ekki prentað á annan hátt, í rúllum eða örkum**	30%
48.07		**Pappír eða pappi, gegndreyptur, húðaður, yfirdreginn, litaður eða skreyttur á yfirborði eða áprentaður (þó ekki pappír og pappi, sem telst til nr. 48.06 eða prentaðar vörur, er teljast til 49. kafla), í rúllum eða örkum:**	
	10	*Prent- og skrifpappír*	30%
		Annað:	
	81	Pappaumbúðir um mjólk, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	15%
	82	Pappír og pappi, vaxborinn eða plastborinn	30%
	83	Þakpappi og annar asfaltborinn pappír	35%
	84	Pappír og pappi, áprentaður, ót. a.	60%
	85	Límborinn pappír	30%
	86	Veggfóður	35%
	87	Einangrunarplötur	40%
	88	Vaxborinn pergamentpappír utanum fisk til útflutnings, enda sé á honum viðeigandi áletrun	4%
	91	Umbúðapappír, áprentaður, utan um brauð	40%
	92	Pappi til myndamótagerðar	25%
	93	Efni í vélaþéttingar	35%
	99	Annars	60%
48.08	00	**Síuplötur úr pappírsmassa**	35%
48.09	00	**Byggingarplötur úr viðartrefjum eða öðrum jurtatrefjum, einnig límdar með náttúrlegum harpix, gerviharpix eða öðrum þess háttar bindiefnum**	40%

II. Tilskorinn pappír eða pappi og vörur úr pappír og pappa.

48.10	00	**Vindlingapappír tilskorinn, einnig heftur eða í hylkjum**	100%
48.11	00	**Veggfóður og línkrústa; gagnsær gluggapappír**	35%
48.12	00	**Gólfpappír og gólfpappi, með eða án línóleumhúðar, einnig tilskorinn**	35%
48.13	00	**Kalkerpappír og annar pappír til fleirritunar, stensilpappír og annar hliðstæður pappír, tilskorinn, einnig í öskjum**	80%
48.14		**Skrifblokkir, umslög, bréfkort, póstkort (án mynda); öskjur, möppur o. þ. h., sem aðeins innihalda bréfsefni, umslög og annað af því tagi til bréfaskrifta:**	
	01	Umslög óáprentuð	50%
	02	Bréfsefni í öskjum, möppum o. þ. h.	100%
	09	Annað	80%
48.15		**Annar pappír og pappi, tilskorið í stærðir eða form:**	
	01	Límbönd	30%
	02	Rúllur í reiknivélar, ritsímatæki o. þ. h.	50%
	03	Skrifpappír, fjölritunarpappír og teiknipappír, óáprentaður	50%
	04	Salernispappír	50%
	05	Tilskornar síuplötur	35%
	06	Hólkar (umbúðir úr pappír)	35%
	09	Annars	80%

48.16		**Kassar, pokar og aðrar slíkar umbúðir, úr pappír og pappa:**	
	01	Pappakassar og öskjur	60%
	02	Pappírspokar margfaldir til umbúða, að flatarmáli 0,2 m² og þar yfir útflattir, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	15%
	03	Pappírspokar margfaldir til umbúða um kartöflur, enda sé á þeim viðeigandi áletrun	15%
	04	Pappírspokar til vélpökkunar á vörum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	40%
	05	Aðrir pappírspokar	50%
	06	Pappakassar utan um fisk til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áletrun	4%
	07	Pappírspokar, margfaldir, utan um fiskafurðir til útflutnings, enda sé á þeim viðeigandi áletrun	2%
	09	Annað	100%
48.17	00	**Spjaldskrárkassar, geymsluöskjur og annað þess háttar úr pappír og pappa, til notkunar í skrifstofum, verzlunum o. þ. h.**	80%
48.18	00	**Skrifstofubækur, stílabækur, minnisbækur og blokkir, pöntunarbækur, kvittunarblokkir, dagbækur, ritundirlög, bréfa- og skjalabindi, bókabindi, skrifmöppur og annað þess háttar úr pappír og pappa; sýnishornaalbúm og önnur albúm og bókahlífar úr pappír og pappa:**	
	01	Frímerkjaalbúm	50%
	09	Annað	100%
48.19		**Vörumiðar og merkimiðar, einnig áprentað og límborið:**	
	01	Vöru- og merkimiðar, óáprentaðir	50%
	02	Áprentaðir merkimiðar fyrir útflutningsafurðir	4%
	09	Annað	70%
48.20	00	**Vinzli, spólur og annað þess háttar úr pappírsmassa, pappír eða pappa, einnig gatað eða hert**	35%
48.21		**Aðrar vörur úr pappírsmassa, pappír, pappa eða sellulósavatti:**	
	01	Pípur og vélaþéttingar og hliðstæðir smáhlutir til véla	35%
	02	Spjöld í gataspjaldavélar, línuritaspjöld, pappír og pappírsrúllur í sjálfritandi vélar	25%
	03	Lampar og lampaskermar	90%
	04	Servíettur, handþurrkur, dúkar, bakkar o. þ. h.	100%
	05	Pappír í dýptarmæla	4%
	06	Umbúðakassar og öskjur úr pappírsmassa eða sellulósavatti	50%
	07	Dömubindi og barnableiur	35%
	08	Fatnaður	65%
	09	Annars	70%

49. kafli.

Prentaðar bækur, blöð, myndir og annað prentað mál; handrit, vélrituð verk og uppdrættir.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Pappír, pappi, sellulósavatt og vörur úr þessum efnum með áprentun eða myndum, ef áprentunin eða myndirnar eru ekki aðalatriðið fyrir eðli varanna og notkun (48. kafli).
   b. Spil og aðrar vörur, er teljast til einhvers númers 97. kafla.
   c. Frumgerðir af stungum, þrykki og steinprentun (nr. 99.02), frímerki, stimpilmerki og önnur slík merki í nr. 99.04, safnmunir og aðrar vörur, er teljast til **99. kafla.**

2. Blöð og tímarit, sem heft eru í annað en pappír, og tvö eða fleiri eintök eða hefti af blöðum og tímaritum bundin saman, teljast til nr. 49.01, en ekki til nr. 49.02.
3. Til nr. 49.01 telst einnig:
   a. Endurprentanir af listaverkum, teikningum o. þ. h. með tilheyrandi texta um verkin eða höfunda, tölusett til að bindast saman.
   b. Myndir, sem fylgja bundnum bókum eða eru viðbætur við þær.
   c. Bækur og bókahlutar, sem flutt er inn í heftum eða örkum og hefta á saman eða binda á inn.

   Prentmyndir og myndir án texta, í heftum eða lausum örkum teljast hins vegar til nr. 49.11.
4. Til nr. 49.01 og 49.02 telst hvorki prentað mál, sem er gefið út í auglýsingaskyni af aðila eða fyrir aðila, sem þar er tilgreindur, né prentað mál, sem fyrst og fremst er gefið út í auglýsingaskyni (þar með talin ferðakynningarstarfsemi). Slíkt prentað mál telst til nr. 49.11.
5. Með *myndabókum fyrir börn* (nr. 49.03) er átt við barnabækur, þar sem myndirnar en ekki textinn eru aðalatriðið.
6. Til *handrita og vélritaðra verka* (nr. 49.06) teljast einnig vélrituð eftirrit og eftirmyndir af verkunum á ljósnæman pappír. Ákvæði þessa kafla um prentuð verk gilda einnig um sams konar efni fjölritað.
7. Með *póstkort með mynd* í nr. 49.09 er átt við kort, þar sem myndin er aðalatriðið og prentunin á það bendir til notkunar þess sem póstkorts.

49.01		**Prentaðar bækur, bæklingar og önnur þess konar rit, einnig einblöðungar:**	
	01	Á íslenzku	30%
	09	Á erlendu máli	0
49.02	00	**Blöð og tímarit, einnig með myndum**	0
49.03	00	**Myndabækur og teiknibækur fyrir börn**	0
49.04	00	**Hljóðfæranótur, prentaðar eða skrifaðar, einnig bundnar og með myndum**	0
49.05		**Landabréf, sjókort og önnur þess háttar kort alls konar, þar með taldar kortabækur og veggkort, prentuð; prentuð jarðlíkön og himinmyndarlíkön:**	
	01	Landabréf, sjókort og önnur þess háttar kort af Íslandi og landgrunninu, þar með taldar kortabækur og veggkort	0
	02	Önnur landabréf, sjókort o. þ. h.	0
	03	Jarðlíkön og himinmyndarlíkön	0
49.06	00	**Bygginga- og vélauppdrættir, aðrir tæknilegir uppdrættir og aðrir slíkir uppdrættir, í frumriti eða eftirmyndir; handrit og vélrituð verk**	0
49.07		**Ónotuð frímerki, stimpilmerki og önnur slík merki, sem eru gild eða verða gild hér á landi; pappír með slíkum merkjum; peningaseðlar, skuldabréf, hlutabréf og önnur þvílík verðbréf; ávísanahefti:**	
	01	Frímerki ónotuð	0
	02	Peningaseðlar	0
	09	Annað	30%
49.08	00	**Færimyndir alls konar**	50%
49.09	00	**Póstkort, jólakort og önnur hamingjuóskakort með myndum, prentuð á hvaða hátt sem er, einnig með skrauti**	100%
49.10	00	**Almanök alls konar úr pappír og pappa, þar með taldar almanaksblokkir**	30%
49.11		**Annað prentað mál, þar með taldar prentaðar myndir og ljósmyndir:**	
	01	Auglýsingaspjöld, auglýsingaskilti, auglýsingabækur o. þ. h., með erlendum texta	0
	02	Biblíumyndir og myndir til notkunar við kennslu í skólum	0
	09	Annars	80%

XI. flokkur.
Spunaefni og vörur úr þeim.

Athugasemdir:

1. Til þessa flokks telst ekki:
   a. Burstir og dýrahár til burstagerðar (nr. 05.02), hrosshár og hrosshársúrgangur (nr. 05.03).
   b. Mannshár og vörur úr því (nr. 05.01, 67.03 og 67.04), þó ekki síudúkur og grófgerður vefnaður úr mannshári til notkunar í olíupressur og til annars þess háttar, er telst til nr. 59.17.
   c. Efni úr jurtaríkinu, sem teljast til 14. kafla.
   d. Asbesttrefjar (nr. 25.24) og vörur úr asbesttrefjum (nr. 68.13 og nr. 64.14).
   e. Vatt, bindi og aðrar þess konar vörur til notkunar við lækningar og þráður til að sauma saman skurði og sár (nr. 30.04 og 30.05).
   f. Ljósnæmur vefnaður (nr. 37.03).
   g. Einþáttungar úr plasti, sem hvergi eru minni en 1 mm í þvermál, og ræmur úr plasti (tilbúinn hálmur og þess háttar), sem eru meira en 5 mm að breidd (39. kafli); enn fremur fléttur og vefnaður úr slíkum einþáttungum og ræmum (46. kafli).
   h. Ofin spunaefni og flóki, gegndreypt, þakin eða límd saman með gúmmíi, og vörur úr slíkum efnum, er teljast til 40. kafla.
   ij. Húðir og skinn með ull eða hári (41. og 43. kafli), vörur úr loðskinni (nr. 43.03) ásamt eftirlíkingum af loðskinni og vörum úr þeim (nr. 43.04).
   k. Reiðtygi og aktygi, handtöskur og annað þess háttar til ferðalaga (nr. 42.01 og 42.02).
   l. Sellulósavatt (48. kafli).
   m. Skófatnaður og hlutar til hans, legghlífar og aðrar þess konar vörur, er teljast til 64. kafla.
   n. Höfuðfatnaður og hlutar til hans, er teljast til 65. kafla.
   o. Hárnet hvers konar (nr. 65.05 eða eftir atvikum 67.04).
   p. Tilbúin blóm, blævængir og aðrar vörur, er teljast til 67. kafla.
   q. Garn, snúrur, vefnaður og annað þess háttar þakið slípiefni (nr. 68.06).
   r. Glertrefjar og vörur úr þeim aðrar en útsaumur gerður úr glerþráðum á sjáanlegum grunni (70. kafli).
   s. Húsgögn og rúmfatnaður (94. kafli).
   t. Leikföng, leiktæki, íþróttaáhöld og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
2. A. Vörur úr spunatrefjum, sem teljast til einhvers númers í 50.—57. kafla og gerðar eru úr tveim eða fleiri trefjategundum, flokkast til kafla og númera, sem hér segir:
   a. Vörur, sem í er meira en 10% að þunga af náttúrlegu silki, teljast til 50. kafla, og við flokkun í númer í kaflanum skal við þá tegund hins náttúrlega silkis miðað, sem mest er af í vörunni reiknað eftir þyngd, og þannig með farið eins og varan væri öll úr þeirri silkitegund einni.
   b. Allar aðrar vörur flokkast í samræmi við þá spunatrefjategund, sem mest er af að þunga í vörunni, og þannig með farið eins og varan væri öll úr þeirri trefjategund einni.

   B. Þegar farið er eftir því, er að ofan greinir, gilda eftirfarandi reglur:
   a. Málmgarn skal skoðast sem sérstakt spunaefni og þungi þess tekinn sem samanlagður þungi spunatrefjanna og málmþráðanna, sem það er gert úr. Við tollflokkun vefnaðar ber að telja málmþráð sem spunaefni.
   b. Þegar í tollskrárlið er gert ráð fyrir, að vörur séu úr mismunandi spunatrefjategundum (t. d. mismunandi tegundum náttúrlegs silkis, ullar o. s. frv), ber að skoða þessar mismunandi trefjategundir sem eina tegund.

c. Í öllum öðrum tilvikum en því, er um getur í athugasemd 2.B.a hér að framan, skal þungi allra annarra efna en sjálfra spunatrefjanna ekki teljast með í þunga vörunnar.

C. Ákvarðanir þær, sem getið er í athugasemd 2.A og 2.B hér að framan, taka einnig til garns, sem um getur í athugasemd 3 og 4 hér á eftir.

3. A. Í XI. flokki skoðast *seglgarn, línur og kaðlar* (þó með þeim undantekningum, er greinir í athugasemd 3.B), garn (ótvinnað, eintvinnað eða margtvinnað), sem þannig er gert, er nú segir:
   a. Garn úr náttúrlegu silki eða endurnotuðum silkitrefjum eða gervitrefjum, sem lýst er í athugasemd 1.b í 51. kafla (þar með talið garn úr tveim eða fleiri einþáttungum, er teljast til 51. kafla), sem vegur meira en 2 g/m (18000 denier).
   b. Garn úr tilbúnum trefjum í samræmi við skýrgreiningu í athugasemd 1.a við 51. kafla (þar með talið garn úr tveim eða fleiri einþáttungum, er teljast til 51. kafla), sem vegur meira en 1 g/m (9000 denier).
   c. Garn úr hampi eða hör:
      1. Pólerað eða fágað.
      2. Ópólerað og ófágað, sem vegur meira en 2 g/m.
   d. Garn úr kókostrefjum gert úr þrem eða fleiri þráðum.
   e. Garn úr öðrum trefjum úr jurtaríkinu, sem vegur meira en 2 g/m.
   f. Garn styrkt með málmi.

   B. Sem seglgarn, línur og kaðlar skoðast ekki:
   a. Garn úr ull, hrosshári eða öðru dýrahári, og pappírsgarn, enda sé það ekki styrkt með málmi.
   b. Vöndlar (tow), trefjabönd og forgarn úr tilbúnum spunatrefjum.
   c. Silkiormaspuni (silk worm gut), eftirlíkingar af girni (catgut) úr silki eða tilbúnum spunatrefjum ásamt einþáttungum, er teljast til 51. kafla.
   d. Garn í sambandi við málmþráð eða yfirdregið með málmi (þó ekki garn styrkt með málmi).
   e. Chenillegarn og yfirspunnið garn, er telst til nr. 58.07.

4. A. Garn *umbúið til smásölu* í 50., 51., 53., 54., 55. og 56. kafla, annað en það, sem greinir í athugasemd 4.B hér að neðan, telst eftirfarandi:
   a. Garn í hnyklum eða á vinzlum, keflum, pappahólkum eða öðru þess háttar, þegar þungi hvers stykkis (með kefli eða öðru því, sem á er undið) fer ekki fram úr:
      1. 200 g, sé um garn úr hör eða ramí að ræða,
      2. 85 g, sé um garn úr náttúrlegu silki eða endalausum tilbúnum spunatrefjum að ræða,
      3. 125 g, sé um garn úr öðrum spunatrefjum að ræða.
   b. Garn í hespum eða skreppum, þegar þungi hverrar hespu eða skreppu fer ekki fram úr:
      1. 85 g, sé um garn úr náttúrlegu silki eða endalausum tilbúnum spunatrefjum að ræða,
      2. 125 g, sé um garn úr öðrum spunatrefjum að ræða.
   c. Garn í hespum eða skreppum, sem skipt er í sundur með þráðum, þannig að minni hankir séu sjálfstæðar og allar jafnar að þyngd, sem ekki fer fram úr:
      1. 85 g, sé um garn úr náttúrlegu silki eða endalausum tilbúnum spunatrefjum að ræða,
      2. 125 g, sé um garn úr öðrum spunatrefjum að ræða.

   B. Garn *umbúið til smásölu* telst ekki:
   a. Ótvinnað garn úr hvers konar spunatrefjum, nema það, er hér segir:
      1. Ótvinnað garn úr ull eða öðru fíngerðu dýrahári, enda sé það óbleikt.
      2. Ótvinnað garn úr ull eða öðru fíngerðu dýrahári, sem hefur verið bleikt, litað eða þrykkt, þegar lengd þess er undir 2000 m/kg.

b. Tvinnað eða margtvinnað garn, óbleikt:
   1. Úr náttúrlegu silki, hvernig sem frá því er gengið.
   2. Úr öðru efni en ull eða öðrum fíngerðum dýrahárum, enda sé það í hespum eða skreppum.

c. Tvinnað eða margtvinnað garn úr náttúrlegu silki, bleikt, litað eða þrykkt, þegar lengdin er 75000 m/kg eða meira.

d. Ótvinnað, tvinnað eða margtvinnað garn úr hvers konar spunatrefjum:
   1. í krossbrugðnum hespum eða skreppum,
   2. á spólum eða öðru þess konar, sem gefur til kynna, að nota eigi garnið í spunatrefjaiðnaði.

5. a. *Snúðofið* telst efni vera (nr. 55.07), þegar uppistaðan er að öllu eða nokkru leyti mynduð úr föstum þráðum og snúðþráðum, sem vafið er hálfar eða heilar umferðir eða meira utan um hina föstu uppistöðuþræði og mynda lykkjur, er halda ívafsþráðunum föstum.

   b. *Ómynstrað* (nr. 58.08) telst það efni, sem er gert úr kerfi af möskvum eins í lögun og að stærð alls staðar á yfirborðinu án nokkurs mynsturs eða fyllingar á möskvunum. Ekki er tekið tillit til smámillibila, sem verða til, er möskvarnir eru gerðir.

6. Með *unnum vörum* er í þessum flokki átt við:
   a. Vörur, sem eru klipptar og hafa aðra lögun en rétthyrnda.
   b. Vörur, sem eru tilbúnar til notkunar að vefnaði loknum eða tilbúnar til notkunar eftir einfalda klippingu án þess að þörf sé saumaskapar eða annarrar meðferðar (t. d. sumar tegundir af þurrkum, handklæðum, borðdúkum, hálsklútum og teppum).
   c. Vörur. sem eru saumaðar eða faldaðar (þó ekki vörur í metramáli, sem eru klipptar og hafa verið saumaðar eða faldaðar einungis til þess að fyrirbyggja, að vefnaðurinn trosni) eða eru með hnýttu kögri á einum kanti eða fleiri.
   d. Vörur, sem eru sniðnar (lögunin skiptir ekki máli) og úr hafa verið dregnir þræðir.
   e. Vörur, sem hafa verið saumaðar saman, settar saman með límingu eða á annan hátt (þó ekki vörur í metramáli úr tveim eða fleiri lengdum sama efnis, sem hafa verið skeyttar saman á endunum hver fram af annarri og vörur í metramáli samsettar úr tveim eða fleiri lögum af efni, einnig þótt vatt sé haft sem millilag).

7. Til kaflanna 50 til 57 og einnig — enda sé annað ekki tekið fram — til kaflanna 58 til 60 teljast ekki vörur, sem samkvæmt skýrgreiningu í 6. athugasemd hér að ofan geta skoðazt unnar. Til kaflanna 50 til 57 teljast ekki vörur, sem talizt geta til kaflanna 58 eða 59.

8. *Sé ekki annað tekið fram í viðkomandi tollskrárnúmeri, telst segl- og presenningsdúkur vera*
   a. *ómjúkur þéttofinn vefnaður gerður úr tví- eða margtvinnuðu garni, enda sé hver fermetri dúksins 500 g eða meira,*
   b. *ómjúkur þéttofinn vefnaður gerður úr eintvinnuðu garni, enda sé hver fermetri dúksins 600 g eða meira,*

   úr spunatrefjum úr jurtaríkinu eða stuttum gervitrefjum, einnig þótt dúkurinn sé gegndreyptur með kemískum efnum, feiti eða tjöru. Sé dúkurinn gegndreyptur eða þakinn öðrum efnum, telst hann því aðeins vera segl- eða presenningsdúkur, að þungi spunatrefjanna sé 500 g eða meira hver fermetri.

50. kafli.

Silki og silkiúrgangur.

50.01	00	**Silkiormahjúpar, sem nota má til afvinzlu**	20%
50.02	00	**Náttúrlegt silki, óspunnið**	20%
50.03	00	**Úrgangur náttúrlegs silkis (þar með talið chappe-silki, bourette-silki og silkiormahjúpar, sem ekki er hægt að nota til afvinzlu ásamt uppkembdum silkivefnaði)**	30%
50.04	00	**Garn úr náttúrlegu silki (þó ekki garn úr chappe-silki og bourette-silki), ekki umbúið til smásölu**	35%
50.05	00	**Garn úr chappe-silki, ekki umbúið til smásölu**	35%
50.06	00	**Garn úr bourette-silki, ekki umbúið til smásölu**	35%
50.07	00	**Garn úr náttúrlegu silki, chappe-silki og bourette-silki, umbúið til smásölu**	40%
50.08	00	**Silkiormaspuni; eftirlíkingar af girni (catgut) úr náttúrlegu silki**	60%
50.09	00	**Vefnaður úr náttúrlegu silki (þó ekki bourette-silki)**	40%
50.10	00	**Vefnaður úr bourette-silki**	40%

51. kafli.

Endalausar tilbúnar trefjar.

Athugasemdir:

1. Með *tilbúnum* trefjum er hvarvetna í tollskránni átt við trefjar eða spunaþræði, sem gerðir eru úr lífrænum pólymerum:
   a. Með pólymerisation eða þéttingu úr mónómerum lífrænum efnum, t. d. pólyamídum, pólyesterum, pólyúretönum og pólyvínylderivötum.
   b. Með kemiskri umbreytingu á náttúrlegum lífrænum pólymerum (svo sem sellulósa, kaseíni, próteínum og algínötum), t. d. viskósa-, acetat-, kopargervisilki og algínattrefjar.
2. Vöndlar (tow) til framleiðslu á stuttum tilbúnum spunatrefjum teljast ekki til nr. 51.01, heldur til 56. kafla.
3. Sem garn úr *endalausum tilbúnum trefjum* skoðast ekki garn gert að meginstofni úr trefjum, sem slitnar hafa verið í sundur á vélrænan hátt (56. kafli).
4. Einþáttungar úr tilbúnu trefjaefni, sem hvergi eru meira en 1 mm í þvermál, teljast til nr. 51.01, þegar þungi þeirra er minni en 6,6 mg/m (60 denier), en annars til nr. 51.02. Einþáttungar, sem hvergi eru minni en 1 mm í þvermál, teljast til 39. kafla.
   Ræmur úr tilbúnu trefjaefni (tilbúinn hálmur og þess háttar) teljast til nr. 51.02, þegar breidd ræmunnar er ekki meira en 5 mm, en annars til 39. kafla.

51.01		**Garn úr endalausum tilbúnum trefjum, ekki umbúið til smásölu:**	
		Úr syntetískum trefjum:	
	11	Til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
	19	Annað	10%
	20	*Úr uppkembdum trefjum*	10%
51.02		**Einþáttungar, ræmur (tilbúinn hálmur og þess háttar) og eftirlíkingar af girni (catgut) úr tilbúnu trefjaefni:**	
		Úr syntetísku trefjaefni:	
	11	Eingirni til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
	19	Annars	10%
	20	*Úr uppkembdum trefjum*	10%

51.03		**Garn úr endalausum tilbúnum trefjum, umbúið til smásölu:**	
	10	*Úr syntetískum trefjum*	25%
	20	*Úr uppkembdum trefjum*	25%
51.04		**Vefnaður úr endalausum tilbúnum trefjum (þar með talinn vefnaður úr einþáttungum og ræmum, er teljast til nr. 51.01 eða 51.02):**	
	10	*Úr syntetískum trefjum*	40%
	20	*Úr uppkembdum trefjum*	40%

52. kafli.

Spunavörur í sambandi við málm.

52.01	00	**Málmgarn, spunnið úr trefjagarni og málmi, eða þakið með málmi með hvers konar aðferð**	25%
52.02	00	**Vefnaður úr málmþræði eða úr garni, sem telst til nr. 52.01, enda sé hann nothæfur til fatnaðar, sem húsgagnaáklæði eða til annars þess háttar**	40%

53. kafli.

Ull og annað dýrahár.

Athugasemd:

Með *fíngerðum dýrahárum* er átt við hár af alpaka, lama, vikuna, yakuxa, úlfalda, angórageit, tíbetgeit, kashmírgeit og öðrum svipuðum geitum (þó ekki hinni venjulegu geit), kanínu (þar með talin angórakanína), héra, bifur, bifurrottu og bísamrottu.

53.01		**Ull, hvorki kembd né greidd:**	
	10	*Ull óþvegin eða þvegin á skepnunni*	20%
	20	*Önnur ull*	20%
53.02		**Önnur dýrahár (fíngerð eða grófgerð), hvorki kembd né greidd:**	
	10	*Fíngerð hár*	20%
	20	*Grófgerð hár*	20%
53.03	00	**Úrgangur úr ull og öðru dýrahári (fíngerðu eða grófgerðu), þó ekki tættur eða kembdur**	20%
53.04	00	**Úrgangur úr ull og öðru dýrahári (fíngerðu eða grófgerðu), tættur eða kembdur (þar með taldar tættar tuskur)**	20%
53.05		**Ull og annað dýrahár (fíngert eða grófgert), kembt eða greitt:**	
	10	*Ull og annað dýrahár, kembt eða greitt (annað en lopadiskar úr ull)*	0
	20	*Lopadiskar úr ull*	5%
53.06	00	**Garn úr ull, annað en kambgarn (woollen yarn) ekki umbúið til smásölu:**	
	01	Garn þar sem hver þráður einspunninn vegur 1 gr. eða minna hverjir 16 metrar	25%
	09	Annað	35%
53.07	00	**Kambgarn úr ull (worsted yarn) ekki umbúið til smásölu:**	
	01	Garn þar sem hver þráður einspunninn vegur 1 gr. eða minna hverjir 16 metrar	25%
	09	Annað	35%
53.08	00	**Garn úr fíngerðu dýrahári (kembdu eða greiddu), ekki umbúið til smásölu**	35%
53.09	00	**Garn úr hrosshári og öðru grófgerðu dýrahári, ekki umbúið til smásölu**	35%
53.10	00	**Garn úr ull, hrosshári eða öðru dýrahári (fíngerðu eða grófgerðu), umbúið til smásölu**	40%
53.11	00	**Vefnaður úr ull eða fíngerðu dýrahári**	40%
53.12	00	**Vefnaður úr grófgerðu dýrahári öðru en hrosshári**	40%
53.13	00	**Vefnaður úr hrosshári**	40%

54. kafli.

Hör og ramí.

54.01	00	**Hör, óunninn eða tilreiddur, þó ekki spunninn; hörruddi og úrgangur úr hör (þar með taldar tættar tuskur)**	0
54.02	00	**Ramí, óunnið eða tilreitt, þó ekki spunnið; ramíruddi og úrgangur úr ramí (þar með taldar tættar tuskur)**	0
54.03		**Garn úr hör eða ramí, ekki umbúið til smásölu:**	
	01	Eingirni til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
	09	Annað	10%
54.04	00	**Garn úr hör eða ramí, umbúið til smásölu**	25%
54.05		**Vefnaður úr hör eða ramí:**	
	01	Segl- og presenningsdúkur	25%
	02	Vefnaður, einlitur og ómynstraður, eingöngu úr hör eða ramí eða úr þeim efnum ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjum	40%
	09	Annar	40%

55. kafli.

Baðmull.

55.01	00	**Baðmull, hvorki kembd né greidd**	0
55.02	00	**Baðmullarlinters**	0
55.03		**Baðmullarúrgangur (þar með taldar tættar tuskur), hvorki kembdur né greiddur:**	
	01	Vélatvistur	35%
	09	Annar	30%
55.04	00	**Baðmull, kembd eða greidd**	30%
55.05		**Garn úr baðmull, ekki umbúið til smásölu:**	
		Óbleikt og ómersað:	
	11	Eingirni til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
	12	Netjagarn, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
	19	Annars	5%
		Annað:	
	21	Netjagarn, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
	29	Annars	5%
55.06		**Garn úr baðmull, umbúið til smásölu:**	
	01	Tvinni	25%
	09	Annað	25%
55.07		**Snúðofin efni úr baðmull:**	
	10	*Óbleikt og ómersað*	40%
	20	*Önnur*	40%
55.08		**Handklæðafrottéefni og svipuð frottéefni úr baðmull:**	
	10	*Óbleikt og ómersað*	40%
	20	*Önnur*	40%

55.09		**Annar vefnaður úr baðmull:**	
		Óbleiktur og ómersaður:	
	11	Segl- og presenningsdúkur, sem vegur yfir 500 g hver fermetri	25%
	12	Segl- og presenningsdúkur, sem vegur 300—500 g hver fermetri ..	35%
	13	Vefnaður, ólitaður og ómynstraður, eingöngu úr baðmull eða baðmull ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjum	40%
	14	Vefnaður, einlitur og ómynstraður, eingöngu úr baðmull eða baðmull ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjum	40%
	19	Annars	40%
		Annar:	
	21	Segl- og presenningsdúkur, sem vegur yfir 500 g hver fermetri	25%
	22	Segl- og presenningsdúkur, sem vegur 300—500 g hver fermetri ..	35%
	23	Vefnaður, einlitur og ómynstraður, eingöngu úr baðmull eða baðmull ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjum	40%
	29	Annars	40%

56. kafli.

Stuttar tilbúnar trefjar.

Athugasemd:

Sem vöndlar (tow) til framleiðslu á stuttum tilbúnum trefjum (nr. 56.02) skoðast einungis vöndlar, sem myndaðir eru úr samhliða þráðum sömu lengdar og vöndullinn, og sem

a. eru yfir 2 m að lengd,
b. eru með færri snúninga en 5 umferðir á hverjum m,
c. eru myndaðir úr þráðum, sem vega minna en 6,6 mg/m (60 denier),
d. eru teygðir svo mikið, að ekki sé hægt að teygja þá til viðbótar meira en svo, að lengd þeirra tvöfaldist (á einungis við um trefjar nefndar í athugasemd 1.a við 51. kafla),
e. eru að þyngd yfir 0,5 g/m (4500 denier), sé um trefjar að ræða, sem nefndar eru í athugasemd 1.b við 51. kafla, en yfir 1,66 g/m (15000 denier), sé um trefjar að ræða, sem nefndar eru í athugasemd 1.a við 51. kafla.

Vöndlar (tow), sem eru ekki yfir 2 m að lengd, teljast til nr. 56.01.

56.01		**Stuttar tilbúnar trefjar, hvorki kembdar, greiddar né að öðru leyti undirbúnar undir spuna:**	
		Úr syntetiskum trefjum:	
	11	Til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
	19	Annað	20%
	20	*Úr uppkemdum trefjum*	20%
56.02		**Vöndlar (tow) til framleiðslu á stuttum tilbúnum trefjum:**	
	10	*Úr syntetískum trefjum*	20%
	20	*Úr uppkembdum trefjum*	20%
56.03	00	**Úrgangur úr stuttum tilbúnum trefjum (þar með talinn garnúrgangur og tættar tuskur), hvorki kembdur, greiddur né að öðru leyti undirbúinn undir spuna**	20%
56.04		**Stuttar tilbúnar trefjar og úrgangur slíkra trefja, kembdar, greiddar eða að öðru leyti undirbúnar undir spuna:**	
	10	*Syntetískar trefjar*	20%
	20	*Uppkembdar trefjar*	20%

56.05		**Garn úr stuttum tilbúnum trefjum eða úrgangi slíkra trefja, ekki umbúið til smásölu:**	
		Úr stuttum syntetískum trefjum:	
	11	Til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
	19	Annað	10%
	20	*Úr stuttum uppkembdum trefjum*	10%
56.06		**Garn úr stuttum tilbúnum trefjum eða úrgangi slíkra trefja, umbúið til smásölu:**	
	10	*Úr syntetískum trefjum*	25%
	20	*Úr uppkembdum trefjum*	25%
56.07		**Vefnaður úr stuttum tilbúnum trefjum eða úrgangi slíkra trefja:**	
		Úr syntetískum trefjum:	
	11	Segl- og presenningsdúkur	25%
	19	Annar	40%
		Úr uppkembdum trefjum:	
	21	Segl- og presenningsdúkur	25%
	29	Annar	40%

57. kafli.

Önnur spunaefni úr jurtaríkinu; pappírsgarn og vefnaður úr því.

57.01	00	**Hampur (cannabis sativa), óunninn eða tilreiddur, þó ekki spunninn; hampruddi og úrgangur úr hampi (þar með talinn garnúrgangur, tættar tuskur og tættar línur og kaðlar)**	0
57.02	00	**Manilahampur (musa textilis), óunninn eða tilreiddur, þó ekki spunninn; ruddi og úrgangur úr manilahampi (þar með talinn garnúrgangur, tættar tuskur og tættar línur og kaðlar)**	0
57.03	00	**Júta, óunnin eða tilreidd, þó ekki spunnin; ruddi og úrgangur úr jútu (þar með talinn garnúrgangur, tættar tuskur og tættar línur og kaðlar)**	0
57.04		**Önnur spunaefni úr jurtaríkinu, óunnin eða tilreidd, þó ekki spunnin; ruddi og úrgangur úr þessum spunaefnum (þar með talinn garnúrgangur, tættar tuskur og tættar línur og kaðlar):**	
	10	*Trefjar úr sisalhampi og öðrum agavategundum og ruddi og úrgangur úr þeim*	0
		Annað:	
	21	Húsgagnatróð í plötum	35%
	29	Annars	0
57.05		**Garn úr hampi:**	
	01	Eingirni til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
	02	Netjagarn, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%
	09	Annað	35%
57.06		**Garn úr jútu:**	
	01	Eingirni til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
	09	Annað	35%
57.07		**Garn úr öðrum spunaefnum úr jurtaríkinu:**	
	01	Eingirni til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
	02	Netjagarn, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%
	09	Annað	35%

57.08	00	**Pappírsgarn**	10%
57.09		**Vefnaður úr hampi:**	
	01	Umbúðastrigi	2%
	02	Segl- og presenningsdúkur	25%
	03	Vefnaður, einlitur og ómynstraður, eingöngu úr hampi eða hampi ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjaefnum	40%
	09	Annar	40%
57.10		**Vefnaður úr jútu:**	
	01	Umbúðastrigi	2%
	02	Segl- og presenningsdúkur	25%
	03	Vefnaður, einlitur og ómynstraður, eingöngu úr jútu eða jútu ásamt öðrum náttúrlegum jurtatrefjum	40%
	09	Annar	40%
57.11	00	**Vefnaður úr öðrum spunaefnum úr jurtaríkinu**	40%
57.12	00	**Vefnaður úr pappírsgarni**	40%

58. kafli.

Gólf- og veggteppi; flauel-, flos- og chenillevefnaður; bönd, leggingar, snúrur; tyll, hnýtt netefni, laufaborðar; knipplingar og útsaumur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla teljast ekki gegndreypt eða húðuð efni úr spunatrefjum, teygjubönd og önnur teygjanleg efni úr spunatrefjum, drifreimar í færibönd og aðrar vörur, er teljast til 59. kafla. Útsaumur á hvers konar efni úr spunatrefjum telst þó til nr. 58.10.
2. Sem *gólfteppi (þar með taldir gólfdreglar og mottur)* í nr. 58.01 og nr. 58.02 skoðast einnig þær vörur, sem bera með sér einkenni gólfteppa, enda þótt þær séu ætlaðar til annarrar notkunar. Þessi númer taka ekki til flókateppa, sem falla undir 59. kafla.
3. Sem *ofin bönd* (nr. 58.05) skoðast:
   a. Ofin vara, ekki yfir 30 cm á breidd, hvort sem hún er ofin þannig eða skorin úr breiðari stykkjum, með föstum jöðrum (ofnum, límdum eða gerðum á annan hátt) á báðum hliðum.
   b. Saumlausar, rörlaga ofnar vörur, sem flattar út eru ekki meira en 30 cm á breidd.
   c. Skábönd með beygðum faldi, enda sé breiddin ekki meira en 30 cm, þegar faldarnir hafa verið flattir út.

   Bönd með ofnu kögri teljast til nr. 58.07.
4. Til *hnýttra netefna* (nr. 58.08) teljast ekki vörur framleiddar úr seglgarni, línum eða köðlum, en þær vörur teljast til nr. 59.05.
5. Sem *útsaumur* (nr. 58.10) skoðast einnig útsaumur með málmþræði eða glertrefjum á sýnilegum grunni úr spunatrefjum, svo og ásaumur (applikation) af palljettum, perlum eða skrauti úr spunaefni eða öðru efni. Til nr. 58.10 teljast hins vegar ekki útsaumuð vegg- og gólfteppi (nr. 58.03).
6. Til þessa kafla teljast einnig vörur (bönd, knipplingar o. s. frv.) úr málmþræði, enda sé hægt að nota þær í fatnað, sem húsgagnaáklæði eða til annars þess háttar.

58.01	00	**Gólfteppi (þar með taldir gólfdreglar og mottur), hnýtt, einnig fullfrágengin**	90%
58.02	00	**Önnur gólfteppi (þar með taldir gólfdreglar og mottur), einnig fullgerð, kelím-, sumak-, karamaniteppi og önnur svipuð teppi, einnig fullgerð:**	
	01	Gólfteppi úr plasti án vefnaðar	60%
	09	Önnur	90%

58.03	00	**Handofin veggteppi (góbelín, flandern, aubusson, beauvais og önnur þess konar teppi) og handútsaumuð veggteppi (með góbelínsaumi, krosssaumi o. s. frv.)**	65%
58.04		**Flauel-, flos- og chenillevefnaður (þó ekki vörur þær, er teljast til nr. 55.08 og 58.05):**	
		Úr baðmull:	
	11	Molskinn	40%
	19	Annar	40%
	20	*Úr silki*	40%
	30	*Úr ull*	40%
	40	*Úr syntetískum trefjum*	40%
	50	*Úr uppkembdum trefjum*	40%
	60	*Annar*	40%
58.05	00	**Ofin bönd og bönd búin til úr samanlímdu samhliða garni eða trefjum (þó ekki vörur, er teljast til nr. 58.06):**	
	01	Borðar til umbúða	35%
	09	Annað	40%
58.06	00	**Ofnir einkennismiðar, merki og annað þess háttar, ekki útsaumaðir, í metramáli eða klipptir niður í tiltekna lögun og stærð**	40%
58.07		**Chenillegarn, yfirspunnið garn (þó ekki garn, er telst til nr. 52.01 og yfirspunnið garn úr hrosshári); fléttur og aðrar hvers konar leggingar og snúrur í metramáli, skúfar með hvers konar lagi og annað þess háttar:**	
	01	Chenillegarn, yfirspunnið garn (þó ekki garn, er telst til nr. 52.01 og yfirspunnið garn úr hrosshári)	30%
	09	Annað	40%
58.08	00	**Tyll og annað netefni (þó ekki ofið, prjónað eða heklað), ómynstrað:**	
	01	Fiskinet og fiskinetjaslöngur	4%
	09	Annað	40%
58.09	00	**Tyll og annað netefni (þó ekki ofið, prjónað eða heklað), mynstrað; hand- og vélgerðir laufaborðar og knipplingar í metramáli, sem ræmur eða mótíf**	40%
58.10	00	**Útsaumur, sem metravara, ræmur eða mótíf**	40%

59. kafli.

Vatt og flóki; seglgarn, línur og kaðlar; gegndreypt og húðuð efni úr spunatrefjum; vörur úr spunatrefjum til tækninotkunar og annarrar sérstakrar notkunar.

Athugasemdir:

1. Með *spunavörum* er í þessum kafla einungis átt við ofin efni, sem teljast til 50.—57. kafla og nr. 58.04 og 58.05, fléttur og aðrar hvers konar leggingar og snúrur sem metravara, er telst til nr. 58.07, tyll og hnýtt netefni, er telst til nr. 58.08 og 58.09, laufaborða og knipplinga, er teljast til nr. 58.09, og prjóna- og heklefni, er telst til nr. 60.01.
2. Til nr. 59.08 og 59.12 teljast ekki efni úr spunatrefjum, ef gegndreypingar- eða húðunarefnið er ekki sýnilegt eða einungis sýnilegt vegna litarbreytingar, er átt hefur sér stað. Til nr. 59.12 teljast enn fremur ekki:
   a. Efni úr spunatrefjum með máluðum mynstrum (nema leiktjöld, bakgrunnur í myndastofur og annað þess háttar).
   b. Efni úr spunatrefjum, sem hafa verið þaktar hnökrum, korkmylsnu eða öðru þess háttar, þannig að fram komi mynstur á efninu.
   c. Efni úr spunatrefjum með steiningu, sem gerð hefur verið að meginstofni úr sterkju.

3. Með *spunavörum gegndreyptum, húðuðum eða límdum saman með gúmmíi* í nr. 59.11 er átt við:
   a. Spunavörur gegndreyptar, húðaðar eða límdar saman með gúmmíi (nema blásnu gúmmíi, frauðgúmmíi eða svampgúmmíi)
      1. að þunga ekki yfir 1½ kg/m²,
      2. að þunga yfir 1½ kg/m², þegar magn spunatrefjanna er yfir 50% af þunga vörunnar.
   b. Efni búin til úr garni úr spunatrefjum, sem lagt er samhliða og límt saman með gúmmíi.
4. Til nr. 59.16 telst ekki:
   a. Drifreimar og færibönd að þykkt minna en 3 mm, sem metravara eða í afskornum stykkjum.
   b. Drifreimar og færi- eða lyftibönd úr spunatrefjum, gegndreypt, húðuð eða límd saman með gúmmíi, einnig drifreimar og færi- eða lyftibönd gerð úr garni, sem hefur verið gegndreypt eða húðað með gúmmíi (nr. 40.10).
5. Til nr. 59.17 teljast eftirgreindar vörur, sem ekki falla undir neinn annan lið í XI. flokki:
   a. Neðangreindar vörur úr spunatrefjum (nema þær vörur, sem eðli sínu samkvæmt teljast til nr. 59.14—59.16):
      1. Efni úr spunatrefjum, flóki og ofið efni þakið flóka, húðað, þakið eða límt saman með gúmmíi, leðri eða öðru slíku efni, sem algengt er að nota á kamba, svo sem önnur sams konar efni algeng til notkunar í vélum og verksmiðjum.
      2. Kvarnagrisja.
      3. Límdúkur og annað þess konar grófofið efni, sem algengt er að nota í olíupressur og til annarrar svipaðrar notkunar, úr spunatrefjum eða mannshári.
      4. Efni úr spunatrefjum (flókuð eða óflókuð, einnig þótt þau hafi verið gegndreypt eða húðuð) eins og þau, sem algengt er að hafa við pappírsgerð og til annarra tækninota, enda séu þau
         a. rörlaga eða endalaus og ein- eða tvíofin,
         b. í flötum stykkjum og ofin með tvöfaldri eða margfaldri uppistöðu og/eða ívafi.
      5. Efni úr spunatrefjum, styrkt með málmi, til tækninota.
      6. Efni framleitt úr garni, er telst til nr. 52.01, þeirrar tegundar, sem algengt er að hafa við pappírsgerð og til annarra tækninota.
      7. Véla- og pípuþéttingar úr snúrum, böndum og öðru þess háttar, einnig húðaðar, gegndreyptar eða styrktar með málmi.
   b. Spunavörur almennt notaðar til véla eða í verksmiðjum (nema vörur, er teljast til nr. 59.14—59.16), t. d. þéttingar, spenniskífur, fágunarskífur og aðrir vélahlutar.

59.01		**Vatt og vörur úr því; fis, ló og hnútar úr spunatrefjum:**	
	01	Dömubindi úr vatti	35%
	09	Annað	35%
59.02		**Flóki og vörur úr honum, einnig gegndreypt eða húðað:**	
	01	Flóki	35%
	02	Gólfteppi úr flóka	50%
	04	Þakfilt úr flóka	35%
	09	Annað	50%
59.03	00	**Trefjadúkur og vörur úr honum, einnig gegndreyptur eða húðaður:**	
	01	Trefjadúkur	40%
	09	Vörur úr trefjadúk	65%

59.04		**Seglgarn, línur og kaðlar, einnig fléttað:**	
	01	Færi og línur til fiskveiða	4%
	02	Kaðlar	4%
	03	Öngultaumar	4%
	04	Seglgarn	25%
	05	Garn úr syntetisku trefjum, sem vegur yfir 1 gr. metrinn, til veiðarfæragerðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
	09	Annað	25%
59.05		**Hnýtt net úr seglgarni, línu eða kaðli, einnig í tilskornum stykkjum eða fullgerð; tilbúin fiskinet úr seglgarni, línu eða kaðli:**	
	01	Fiskinet og fiskinetjaslöngur úr gerviefnum	4%
	02	Fiskinet og fiskinetjaslöngur úr öðrum efnum en gerviefnum	4%
	09	Önnur net	65%
59.06		**Aðrar vörur úr garni, seglgarni, línu eða kaðli, þó ekki spunavörur eða vörur úr þeim:**	
	01	Spyrðubönd	10%
	02	Skóreimar	40%
	09	Annars	35%
59.07		**Spunavörur þaktar gúmmílími, sterkjuklístri eða öðru þess háttar, til bókbands, framleiðslu á hylkjum o. þ. h.; afritaléreft (kalkerléreft), listmálunarléreft, stífléreft (buckram) og annar vefnaður til hattagerðar eða svipaðra nota:**	
	01	Bókbandsléreft, listmálunarléreft, skóstrigi og aðrar þess háttar vörur til skógerðar, þakið gúmmílími, sterkjuklístri og þess háttar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
	09	Annað	40%
59.08		**Spunavörur, gegndreyptar eða þaktar sellulósaderivötum eða öðru plasti:**	
	01	Presenningsdúkur	25%
	02	Bókbandsléreft, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
	03	Límbönd til einangrunar eða umbúða	35%
	09	Aðrar	40%
59.09		**Spunavörur, gegndreyptar eða þaktar olíu eða öðru efni að meginstofni úr olíu:**	
	01	Presenningsdúkur	25%
	02	Einangrunarbönd	35%
	09	Aðrar	40%
59.10	00	**Línóleum og efni framleitt með undirlagi úr spunaefnum á svipaðan hátt og línóleum, tilskorin eða ótilskorin eða þeirrar tegundar, sem venjulega er notuð sem gólfdúkur; gólfdúkur framleiddur með undirlagi úr spunaefnum, sem þakið er öðrum efnum, einnig tilsniðinn**	35%
59.11		**Spunavörur (þó ekki prjónaðar eða heklaðar), gegndreyptar, húðaðar eða límdar saman með gúmmíi:**	
	01	Presenningsdúkur	25%
	02	Sjúkradúkur	35%
	03	Vörur til skógerðar, sem bera það með sér, að þær séu sérstaklega unnar til þess	35%
	04	Einangrunarbönd	35%
	09	Aðrar	40%
59.12		**Spunavörur, gegndreyptar eða húðaðar á annan hátt; máluð leiktjöld, máluður bakgrunnur í myndastofur og annað þess háttar:**	
	01	Presenningsdúkur	25%
	02	Lóðabelgir	4%
	09	Annað	40%

59.13	00	**Teygjanleg efni (þó ekki prjónuð eða hekluð), gerð úr spunatrefjum í sambandi við gúmmíþræði**	40%
59.14	00	**Kveikir úr spunatrefjum, ofnir, fléttaðir eða prjónaðir, í lampa, ofna, kveikjara, kerti og annað þess háttar; glóðarnetefni hringprjónað og hringlaga glóðarsokkar**	35%
59.15		**Vatnsslöngur og aðrar svipaðar slöngur úr spunatrefjum, einnig þótt þær séu styrktar með málmi eða öðru efni:**	
	01	Brunaslöngur	30%
	09	Aðrar	35%
59.16	00	**Drifreimar og færi- eða lyftibönd úr spunatrefjum, einnig þótt þau séu styrkt með málmi eða öðru efni**	35%
59.17	00	**Spunaefni og vörur úr spunatrefjum almennt notaðar til véla eða í verksmiðjum**	35%

60. kafli.

Prjóna- og heklvörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Heklaðir laufaborðar og knipplingar, er teljast til nr. 58.09.
   b. Prjóna- og heklvörur, er teljast til 59. kafla.
   c. Lífstykki, mjaðmabelti, brjóstahaldarar, axlabönd, sokkabandabelti, sokkabönd og annað þess háttar (nr. 61.09).
   d. Notaður fatnaður og aðrar vörur, er teljast til nr. 63.01.
   e. Sjúkravörur, t. d. sjúkrabelti, kviðslitsbindi og annað þess háttar, er telst til nr. 90.19.
2. Til nr. 60.02—60.06 teljast:
   a. Vörur, sem þar er lýst (fullgerðar eða ófullgerðar, heilar eða ekki) eða hluta af þeim, prjónað eða heklað í heilu lagi eða gert úr prjónuðu eða hekluðu efni.
   b. Prjónað eða heklað efni, sniðið til að búa til úr því vörur þær, sem nefndar eru í a hér fyrir ofan.
3. Sem teygjanlegar prjónavörur (nr. 60.06) skoðast ekki vörur, sem einungis eru með gúmmíþræði eða öðru teygjanlegu efni til jaðranna, til uppihalds eða þess háttar.
4. Þessi kafli tekur einnig til vara, sem gerðar eru úr málmþræði og nota má til fatnaðar, sem húsgagnaáklæði eða til annars þess konar.
5. Í þessum kafla telst sú vara vera
   a. *teygjanleg,* sem gerð er úr spunaefnum í sambandi við gúmmíþráð,
   b. *gúmmíborin,* sem er gegndreypt, húðuð eða þakin með gúmmíi eða gerð úr spunaþráðum, húðuðum eða gegndreyptum með gúmmíi.

60.01		**Prjónavoð og heklvoð, ekki teygjanleg eða gúmmíborin:**	
	01	Úr silki eða garviþráðum	40%
	02	Úr ull	40%
	03	Úr baðmull	40%
	04	Hringprjónuð grisja til umbúða um kjöt	2%
	09	Önnur	40%
60.02		**Hanzkar, vettlingar og belgvettlingar, prjónaðir eða heklaðir, ekki teygjanlegir eða gúmmíbornir:**	
	01	Hanzkar og vettlingar úr ull	65%
	02	Hanzkar og vettlingar úr baðmull	65%
	09	Aðrir	65%

60.03		**Sokkar, leistar, sokkahlífar og annað þess háttar, prjónað eða heklað, ekki teygjanlegt eða gúmmíborið:**	
	01	Heilsokkar kvenna úr silki eða gerviþráðum	50%
	02	Sokkar (þó ekki heilsokkar kvenna), leistar, sokkahlífar og annað þess háttar úr silki eða gerviþráðum	65%
	03	Sokkar, leistar, sokkahlífar og annað þess háttar úr ull	65%
	04	Sokkar, leistar, sokkahlífar og annað þess háttar eingöngu úr baðmull	65%
	05	Sjúkrasokkar	35%
	09	Annað	65%
60.04		**Nærfatnaður prjónaður, ekki teygjanlegur eða gúmmíborinn:**	
	01	Manchetteskyrtur og aðrar milliskyrtur úr prjónavoð	65%
	02	Úr baðmull eingöngu	65%
	03	Úr ull	65%
	04	Úr silki eða gerviþráðum	65%
	09	Annar	65%
60.05	00	**Ytri fatnaður og aðrar vörur prjónaðar eða heklaðar, ekki teygjanlegar eða gúmmíbornar:**	
	01	Kjötpokar	2%
	02	Földuð vara í metramáli	40%
	09	Annað	65%
60.06		**Prjóna- og heklvoð og prjónaðar og heklaðar vörur, teygjanlegar eða gúmmíbornar (þar með taldir teygjanlegir sokkar og teygjanlegar hnéhlífar):**	
	01	Sjúkrasokkar prjónaðir og aðrar prjónaðar sjúkravörur	35%
	02	Hanzkar	65%
	09	Annað	40%

61. kafli.

Fatnaður úr spunavörum og annað, er honum heyrir til.

Athugasemdir:

1. Númer í þessum kafla taka því aðeins til vöru, sem þar er lýst, að hún sé gerð úr efnum úr einhverjum spunatrefjum (þar með talið flóki, trefjadúkur, fléttur og leggingar í nr. 58.07, tyll og hnýtt netefni og borðar) eða úr efni úr málmþræði. Til kaflans teljast ekki prjónavörur, þegar undan eru skildar prjónavörur þær, er teljast til nr. 61.09.
2. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Notaður fatnaður og aðrar vörur, er teljast til nr. 63.01.
   b. Sjúkravörur, t. d. sjúkrabelti, kviðslitsbindi og annað þess háttar, er telst til nr. 90.19.
3. Að því er tekur til nr. 61.01—61.04 gildir eftirfarandi:
   a. Fatnaður, sem ber hvorki greinilega með sér, að hann sé ætlaður karlmönnum eða drengjum né kvenmönnum eða telpum, skoðast fatnaður handa kvenmönnum og telpum og telst eftir atvikum til nr. 61.02 eða 61.04.
   b. Sem *fatnaður smábarna* skoðast:
      1. Fatnaður handa ungbörnum, sem ber það ekki með sér, hvort hann sé ætlaður einungis drengjum eða einungis telpum.
      2. Bleiur.
4. *Klútar* og aðrar þess konar vörur ferhyrndar í laginu eða því sem næst teljast til vasaklúta (nr. 61.05), þegar lengd engrar hliðarinnar fer fram yfir 60 cm. Klútar teljast til nr. 61.06, þegar lengd einhverrar hliðarinnar fer fram yfir 60 cm.

5. Númer í þessum kafla taka einnig til ófullgerðra og ekki heilla (incomplete) hluta þeirrar vöru, sem í honum er nefnd, svo og til sniðinna eða afmátaðra efna úr spunatrefjum til framleiðslu á slíkum vörum, þar með talið prjón- eða heklvarningur til framleiðslu á vörum, sem taldar eru í nr. 61.09.

61.01	00	**Ytri fatnaður handa karlmönnum og drengjum**	65%
61.02	00	**Ytri fatnaður handa kvenmönnum, telpum og smábörnum**	65%
61.03		**Nærfatnaður handa karlmönnum og drengjum (þar með taldir flibbar, skyrtur og ermalín):**	
	01	Manchetteskyrtur og aðrar milliskyrtur úr vefnaði	65%
	02	Nærfatnaður karlmanna og drengja úr vefnaði eingöngu úr baðmull	65%
	09	Annar	65%
61.04		**Nærfatnaður handa kvenmönnum, telpum og smábörnum:**	
	01	Úr vefnaði eingöngu úr baðmull	65%
	02	Bleiur	65%
	09	Annar	80%
61.05	00	**Vasaklútar**	80%
61.06	00	**Sjöl, klútar, möttlar, slör og annað þess háttar**	65%
61.07	00	**Slaufur, slipsi og hálsbindi**	65%
61.08	00	**Kragar, ermalín, uppslög, brjóst, vesti, hálsfellingarlín og annað þess háttar, er heyrir klæðnaði kvenna og telpna til**	65%
61.09	00	**Lífstykki, mjaðmabelti, brjóstahaldarar, axlabönd, sokkabönd og annað þess háttar (einnig þótt vörurnar séu prjónaðar eða heklaðar), einnig teygjanlegt**	65%
61.10	00	**Hanzkar, vettlingar, belgvettlingar, sokkar og leistar, ekki prjónaðir eða heklaðir**	65%
61.11	00	**Tilbúnir hlutar til fatnaðar (t. d. axlapúðar, belti, ermahlífar og vasar)**	65%

62. kafli.

Aðrar tilbúnar vörur úr spunaefni.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla teljast einungis tilbúnar vörur gerðar úr spunaefni öðru en flóka, trefjadúk og prjóna- og heklvoð.
2. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Vörur, er teljast til 58., 59. og 61. kafla.
   b. Notaður fatnaður og aðrar vörur, er teljast til nr. 63.01.

62.01		**Ferðaábreiður og önnur svipuð teppi:**	
	10	*Úr ull*	80%
	20	*Úr baðmull*	80%
	30	*Aðrar*	80%
62.02	00	**Sængurlín, borðlín, handklæði, þvottaklútar og þurrkur; gluggatjöld og aðrar spunavörur í íbúðir manna:**	
	01	Földuð vara í metramáli	40%
	09	Annað	80%
62.03		**Sekkir og pokar til umbúða:**	
	01	Kjötpokar úr spunaefnum	2%
	02	Sekkir og pokar úr jútu	2%
	09	Aðrir	2%

62.04		**Ábreiður, segl, sóltjöld, utanhússgluggatjöld, tjöld og viðleguútbúnaður:**	
	01	Presenningar og segl	30%
	02	Tjöld	80%
	09	Annað	80%
62.05		**Aðrar tilbúnar spunavörur (þar með talin snið):**	
	01	Skóreimar	40%
	02	Björgunar- og slysavarnatæki, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
	03	Öryggisbelti	20%
	04	Úraarmbönd	50%
	05	Rúðuþéttingar	35%
	06	Plötur til veggklæðningar	40%
	07	Geymar með yfir 300 lítra rúmtaki	50%
	08	Ofnir hólkar til umbúða	50%
	09	Annars	80%

63. kafli.

Notaður fatnaður og aðrar notaðar spunavörur; tuskur.

63.01	00	**Fatnaður og hlutir, er honum heyra til, ferðaábreiður og önnur svipuð teppi, búshlutir (þó ekki vörur, er teljast til nr. 58.01-58.03) úr spunatrefjum, einnig skófatnaður og höfuðfatnaður úr hvers konar efni, enda beri vörur þessar allar það greinilega með sér, að þær séu slitnar af notkun og þær séu án umbúða eða í böllum, sekkjum eða öðrum svipuðum umbúðum**	65%
63.02	00	**Notaðar og nýjar tuskur, úrgangur og slitnar vörur úr seglgarni, línu eða kaðli**	35%

XII. flokkur.

Skófatnaður, höfuðfatnaður, regnhlífar og sólhlífar, svipur og keyri og hlutar til þeirra; unnar fjaðrir og vörur úr þeim; tilbúin blóm; vörur úr mannshári; blævængir.

64. kafli.

Skófatnaður, legghlífar o. þ. h., og hlutar af þessum vörum.

Athugasemdir:

1. Til kaflans telst ekki:
   a. Skófatnaður án viðfests sóla, prjónaður eða heklaður (nr. 60.03), eða úr annarri spunavöru (nema úr flóka) (nr. 62.05).
   b. Notaður skófatnaður, sem telst til nr. 63.01.
   c. Skófatnaður, legghlífar o. þ. h. úr asbesti (nr. 68.13).
   d. Skófatnaður fyrir fatlaða og aðrar vörur fyrir fatlaða og hlutar af þeim (nr. 90.19).
   e. Leikföng og skautaskór með viðfestum skautum (97. kafli).
2. Sem *hlutar* í nr. 64.05 og 64.06 teljast ekki skónaglar, iljárn, reimahringir, skókrókar, spennur, skóskraut, borðar, reimar, skúfar og annað skraut, sem flokkast í

viðeigandi númer eftir eðli sínu og efni. Þá teljast ekki til kaflans hnappar og aðrar vörur í nr. 98.01.

3. Sem *gúmmí og plast* í nr. 64.01 teljast einnig hvers konar spunaefni, sem eru borin eða yfirdregin á ytra borði með öðru hvoru þessara efna eða báðum.

64.01		**Skófatnaður með ytri sóla og yfirhluta úr gúmmíi eða plasti:**	
	01	Vaðstígvél með lágum hæl (ekki ætluð utan yfir aðra skó), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	25%
	02	Skór, hliðstæðir þeim, sem falla undir nr. 64.02.01 og 64.02.09 ..	65%
	09	Annar	*50%
64.02		**Skófatnaður með ytri sóla úr leðri eða leðurlíkisdúk, skófatnaður (þó ekki skófatnaður, sem telst til nr. 64.01) með ytri sóla úr gúmmíi eða plasti:**	
	01	Kvenskór og barnaskór, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	65%
	02	Vinnuskór með yfirhluta úr vefnaði, inniskór venjulegir með yfirhluta úr vefnaði eða flóka, allt með gúmmí- eða plastsóla, svo og skóhlífar og kuldaskór með yfirhluta úr vefnaði með gúmmí- eða plastsóla, allt eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%
	09	Annar	65%
64.03	00	**Skófatnaður með ytri sóla úr trjáviði eða korki**	65%
64.04	00	**Skófatnaður með ytri sóla úr öðrum efnum**	65%
64.05		**Hlutar af skófatnaði (þar með yfirhlutar, innri sólar og hælar til áskrúfunar) úr öðrum efnum en málmi:**	
	01	Yfirhlutar, þó ekki hælkappar og tákappar	65%
	09	Aðrir	15%
64.06	00	**Legghlífar, vefjur, öklahlífar, kricketþófar, hnéhlífar og aðrar þess konar vörur, einnig hlutar af þeim**	65%

65. kafli.

Höfuðfatnaður og hlutar til hans.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Notaður höfuðfatnaður, sem telst til nr. 63.01.
   b. Hárnet úr mannshári (nr. 67.04).
   c. Höfuðfatnaður úr asbesti (nr. 68.13).
   d. Brúðuhattar og aðrir leikfangahattar, svo og pappírshattar, pappírshúfur og annar þess háttar höfuðfatnaður til notkunar á grímudansleikjum o. þ. h. (97. kafli).
2. Til nr. 65.02 telst ekki saumað hattaefni, nema það sé saumað saman í sivafning úr samfléttingum, böndum eða ræmum.

65.01	00	**Þrykkt hattaefni úr flóka, hvorki formpressuð né með tillöguðum börðum; slétt eða sívöl hattaefni úr flóka**	40%
65.02	00	**Þrykkt hattaefni, fléttuð eða gerð úr samfléttingum, úr hvaða efni sem er, hvorki formpressuð né með tillöguðum börðum**	40%
65.03	00	**Hattar og annar höfuðfatnaður úr flóka, gert úr hattaefni af því tagi, sem telst til nr. 65.01, einnig fóðrað og/eða bryddað**	65%
65.04	00	**Hattar og annar höfuðfatnaður, fléttað eða gert úr samfléttingum, böndum eða ræmum, úr hvaða efni sem er, einnig fóðrað og/eða bryddað**	65%
65.05	00	**Hattar og annar höfuðfatnaður (þar með talin hárnet) úr prjóna- eða**	

		heklvoð eða úr laufaborðum, knipplingum, flóka eða öðrum spunaefnum (þó ekki úr samfléttingum, böndum eða ræmum), einnig fóðrað og/eða bryddað	65%
65.06		**Annar höfuðfatnaður, einnig bryddaður eða fóðraður:**	
	01	Hlífðarhjálmar	35%
	09	Annars	65%
65.07	00	**Svitagjarðir, fóður, hlífar, form, grindur (þar með taldar fjaðragrindur fyrir sambrotshatta), skyggni og hökubönd, fyrir höfuðfatnað**	40%

66. kafli.

Regnhlífar, sólhlífar, göngustafir, svipur og keyri og hlutar til þessara vara.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Göngustafir o. þ. h. með mælikvarða (nr. 90.16).
   b. Göngustafir með skotvopni, korða, inngreyptu blýi o. þ. h. (93. kafli).
   c. Leikfangsregnhlífar og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
2. Nr. 66.03 tekur ekki til útbúnaðar og hluta úr spunaefnum og ekki heldur til hlífa, skúfa, óla, hylkja o. þ. h. úr hvaða efni sem er. Þessir hlutar, sem fluttir eru inn með, en ekki settir í vörur þær, sem teljast nr. 66.01 og 66.02, flokkast hver fyrir sig eftir gerð sinni.

66.01	00	**Regnhlífar og sólhlífar (þar með taldar göngustafsregnhlífar, regnhlífatjöld, garðsólhlífar o. þ. h.)**	100%
66.02	00	**Göngustafir (þar með taldir klifurstafir og setustafir) og keyri, svipur o. þ. h.**	100%
66.03	00	**Hlutar og útbúnaður til og fylgihlutir með þeim vörum, er teljast til nr. 66.01 og 66.02, ót. a.**	70%

67. kafli.

Unnar fjaðrir og dúnn og vörur úr fjöðrum og dún; tilbúin blóm; vörur úr mannshári; blævængir.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Síudúkur úr mannshári (nr. 59.17).
   b. Blómamyndir úr knipplingum, laufaborðum, útsaumi eða annarri spunavöru (XI. flokkur).
   c. Skófatnaður og skófatnaðarhlutar (64. kafli).
   d. Höfuðfatnaður og höfuðfatahlutar (65. kafli).
   e. Fiðursópar (nr. 96.04), duftpúðar (nr. 96.05) og sáld úr mannshári (nr. 96.06).
   f. Leikföng, íþróttavörur og dansleikjaglysvarningur (97. kafli).
2. Til nr. 67.01 telst ekki:
   a. Vörur, þar sem fjaðrir eða dúnn eru aðeins til fyllingar eða bólstrunar (t. d. sængurfatnaður).
   b. Klæðnaður og tilheyrandi, þar sem fjaðrir eða dúnn eru aðeins sem legging eða stopp.
   c. Tilbúin blóm og blöð og hlutar af þeim, svo og aðrar vörur, sem teljast til nr. 67.02.
   d. Blævængir (nr. 67.05).

3. Nr. 67.02 tekur ekki til:
   a. Glervarnings (70. kafli).
   b. Gerviblóma, blaða og ávaxta úr leir, steini, málmi, trjáviði eða öðru efni, enda sé hvert stykki út af fyrir sig steypt, smíðað, skorið út, pressað eða unnið á annan hátt, eða það gert úr fleiri hlutum, sem eru tengdir saman á annan hátt en að binda þá saman, líma þá saman eða tengja þá saman með áþekkum hætti.

67.01	00	**Hamir og aðrir hlutar af fuglum með tilheyrandi fjöðrum og dún; fjaðrir, fjaðrahlutar, dúnn og vörur úr þessum efnum (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 05.07, og unnir fjaðrastafir og fjaðrahryggir)**	100%
67.02	00	**Tilbúin blóm, blöð og ávextir, svo og hlutar af þeim; vörur úr tilbúnum blómum, blöðum og ávöxtum**	100%
67.03	00	**Mannshár greitt, þynnt, bleikt eða unnið á annan hátt; ull og annað dýrahár, unnið til hárkollugerðar o. þ. h.**	100%
67.04	00	**Hárkollur, gerviskegg, hárlokkar, fléttur o. þ. h. úr manns- eða dýrahári eða úr spunaefni; hárnet og aðrar vörur úr mannshári**	100%
67.05	00	**Blævængir, ekki mekaníkir, úr hvaða efni sem er; grindur og handarhöld á blævængi og hlutar til slíkra grinda og handarhalda, úr hvaða efni sem er**	100%

XIII. flokkur.

Vörur úr steini, gipsi, sementi, asbesti, gljásteini og öðrum slíkum efnum; leirvörur; gler og glervörur.

68. kafli.

Vörur úr steini, gipsi, sementi, asbesti, gljásteini og öðrum áþekkum efnum.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Jarðefni, er teljast til 25. kafla.
   b. Húðaður eða gegndreyptur pappír og pappi, sem telst til nr. 48.07 (t. d. pappír og pappi húðaður með gljásteinsdufti eða grafíti, tjöru- eða asfaltborinn pappír og pappi).
   c. Húðaður eða gegndreyptur vefnaður, sem telst til 59. kafla (t. d. gljásteinshúðaður, tjöru- eða asfaltborinn vefnaður).
   d. Eðalsteinar og hálfeðalsteinar og vörur úr þeim, sem teljast til 71. kafla.
   e. Verkfæri og verkfærahlutar, er teljast til 82. kafla.
   f. Lítógrafsteinar, er teljast til nr. 84.34.
   g. Rafmagnseinangrarar (nr. 85.25) eða einangrunarhlutar, sem teljast til nr. 85.26.
   h. Slípisteinn fyrir tannlækna (nr. 90.17).
   ij. Vörur, er teljast til 91. kafla (t. d. klukkur og klukkukassar).
   k. Vörur, er teljast til nr. 95.07.
   l. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
   m. Hnappar (nr. 98.01), grifflar (nr. 98.05) og skrifspjöld (nr. 98.06).
   n. Listaverk, safnmunir og forngripir, er teljast til 99. kafla.

2. Orðin *unnir minnismerkja- og byggingasteinar* taka ekki aðeins til þeirra steintegunda, sem taldar eru í nr. 25.15 og 25.16, heldur einnig til allra annarra náttúrlegra steintegunda (t. d. kvarzíts, tinnu, dólómíts og steatíts), sem unnar eru á sama hátt. Þetta tekur þó ekki til flögusteins.

68.01	00	**Gatna-, kant- og gangstéttarsteinar úr náttúrlegum steintegundum (flögusteinn undanskilinn)**	35%
68.02	00	**Unnir minnismerkja- og byggingarsteinar og vörur úr þessum steinum (þar með taldir mósaíkteningar), þó ekki vörur, sem teljast til nr. 68.01 og til 69. kafla**	50%
68.03	00	**Unninn flögusteinn og vörur úr flögusteini, þar með taldar vörur úr samanlímdum flögusteini**	35%
68.04	00	**Kvarnasteinar, hverfisteinar, slípihjól o. þ. h. (þar með talin speldi, hnúðar, skífur og oddar til mölunar, slípunar, fágunar, réttingar og skurðar) úr náttúrlegum steintegundum (einnig samanlímt), úr samanlímdum eða tilbúnum slípiefnum og úr leir, einnig með skafti, öxli og öðru þess háttar úr öðrum efnum, en þó ekki sett á grind; sneiðar og aðrir fullunnir hlutar af slíkum steinum og hjólum úr náttúrlegum steintegundum (einnig samanlímdum), úr samanlímdum náttúrlegum eða tilbúnum slípiefnum eða úr leir**	35%
68.05	00	**Brýni og annar handfægi- og slípisteinn, olíusteinn, hein o. þ. h. úr náttúrlegum steintegundum, úr samanlímdum náttúrlegum og tilbúnum slípiefnum eða úr leir**	35%
68.06	00	**Náttúrlegt og tilbúið slípiefni sem duft eða korn, fest á vefnað, pappír, pappa eða annað efni, einnig skorið til, saumað saman og fest saman á annan hátt**	35%
68.07	00	**Gjallull, steinull og önnur þess háttar ull úr jarðefnum; blásið vermiculit, blásinn leir, frauðað gjall og önnur blásin jarðefni; blöndur og vörur úr hita- og hljóðeinangrandi jarðefnum (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 68.12, 68.13 og til 69. kafla)**	35%
68.08	00	**Vörur úr asfalti eða öðru áþekku efni (t. d. jarðolíubiki eða koltjörubiki)**	35%
68.09	00	**Plötur, flísar, hellur og þess háttar vörur úr jurtatrefjum, viðartrefjum, strái, viðarspónum eða viðarúrgangi (þar með talið sag), límt saman með sementi, gipsi eða öðru bindiefni úr steinaríkinu**	35%
68.10		**Vörur úr gipsi eða gipsblöndum:**	
	01	Til bygginga, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
	09	Aðrar	80%
68.11		**Vörur úr sementi (þar með talið gjallsement), úr steinsteypu eða tilbúnum steini (þar með talinn malaður marmari bundinn saman með sementi), einnig styrkt:**	
	01	Til bygginga, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
	09	Aðrar	80%
68.12		**Vörur úr asbestsementi, úr sellulósasementi o. þ. h.:**	
	01	Til bygginga, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
	02	Þakplötur báraðar	15%
	09	Aðrar	80%
68.13		**Unnið asbest og vörur úr því (t. d. asbestplötur, asbestþráður og asbestspunavara, asbestfatnaður, asbestvélaþéttingar), einnig styrkt, þó ekki vörur, sem teljast til nr. 68.14; blöndur að meginstofni úr asbesti eða asbesti og magnesíumkarbónati, og vörur úr þessum blöndum:**	
	01	Vélaþéttingar úr asbesti, asbestblöndum o. þ. h.	35%
	09	Annað	35%

68.14	00	**Núningsmótstöðuefni (sneiðar, skífur, hringar, bönd, plötur, rúllur o. fl.) í hemla, tengsli o. þ. h., unnið að meginstofni úr asbesti, öðrum jarðefnum eða sellulósa, einnig í sambandi við spunaefni eða önnur efni**	35%
68.15	00	**Unninn gljásteinn og vörur úr gljásteini, þar með talin gljásteinsblöð fest á pappír eða spunaefni (t. d. míkanít og gljásteinsþynnur)**	40%
68.16		**Vörur úr steini eða jarðefnum (þar með taldar vörur úr mó), ót. a.:**	
	01	Búsáhöld	100%
	02	Vörur til bygginga, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
	03	Jurtapottar til gróðursetningar (sem eyðast í jörðu)	35%
	09	Aðrar	80%

69. kafli.

Leirvörur.

Athugasemdir:

1. Kafli þessi tekur aðeins til leirvara, sem hafa verið brenndar eftir mótun. Slíkar vörur teljast til nr. 69.04—69.14, en til þessara númera teljast hvorki hitaeinangrandi vörur né eldfastar vörur.
2. Til þessa kafla teljast ekki:
   a. Vörur, er teljast til 71. kafla (t. d. skraut- og glysvarningur).
   b. Vörur úr ódýrum málmum, sem falla undir nr. 81.04.
   c. Rafmagnseinangrarar (nr. 85.25) og einangrunarhlutar, er teljast til nr. 85.26.
   d. Gervitennur (nr. 90.19).
   e. Vörur, er teljast til 91. kafla (t. d. klukkur og klukkukassar).
   f. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla.
   g. Reykjarpípur, hnappar og aðrar vörur, er teljast til 98. kafla.
   h. Listaverk, safnmunir og forngripir, er teljast til 99. kafla.

I. Hitaeinangrandi og eldfastar vörur.

69.01	00	**Hitaeinangrandi múrsteinn, hellur, flísar og aðrar hitaeinangrandi vörur úr infúsóríujörð, kísilgúr, kísilsalla og öðrum kísilsýruríkum jarðefnum**	20%
69.02	00	**Eldfastur múrsteinn, hellur, flögur og aðrar áþekkar eldfastar byggingarvörur, þó ekki þær, sem teljast til nr. 69.01**	20%
69.03	00	**Aðrar eldfastar vörur (svo sem tilraunaker, deiglur, múfflur, stútar, tappar, fótstykki, kælislöngur, lokar, pípur, plötur og stengur), þó ekki þær, sem teljast til nr. 69.01**	35%

II. Aðrar leirvörur.

69.04	00	**Múrsteinn til bygginga (þar með talinn steinn í gólf, undirlagsflögur o. þ. h.)**	35%
69.05	00	**Þaksteinn, reykháfsrör, reykháfshlífar, reykháfsfóðringar, þakbrúnasteinn og aðrar vörur úr leir til bygginga, einnig til skrauts**	35%
69.06	00	**Pípur og rennur (þar með talin horn, beygjur o. þ. h. pípuhlutar (fittings))**	35%
69.07	00	**Steinn og flögur, án glerungs, fyrir gangstíga, gólf, veggi og eldstór**	35%
69.08	00	**Steinn og flögur, með glerungi, fyrir gangstíga, gólf, veggi og eldstór**	35%
69.09	00	**Vörur til notkunar í rannsóknarstofum og til kemískra- og tækninota; ker og þess háttar ílát til notkunar í landbúnaði; pottar, krukkur og aðrar slíkar vörur, sem almennt eru notaðar við flutning eða pökkun á vörum**	35%
69.10	00	**Eldhúsvaskar, handlaugar, salernisskálar, þvagskálar, baðker og þess háttar hreinlætistæki**	80%
69.11	00	**Borðbúnaður og aðrar vörur almennt notaðar í húshaldi eða til hreinlætis, úr postulíni (þar með talið biscuit og parían)**	100%

69.12	**00**	**Borðbúnaður og aðrar vörur almennt notaðar í húshaldi eða til hreinlætis, úr annars konar leir en postulíni**	100%
69.13	**00**	**Leirstyttur og aðrar vörur til skreytingar, skrauthlutir til persónulegra nota; húsgögn:**	
	01	Lampar og lýsingartæki	90%
	09	Annað	100%
69.14	**00**	**Aðrar vörur úr leir, ót. a.**	70%

70. kafli.

Gler og glervörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Leirglerungur (nr. 32.08).
   b. Vörur, er teljast til 71. kafla (t. d. skraut- og glysvarningur).
   c. Rafmagnseinangrarar (nr. 85.25) og einangrunarhlutar, er teljast til nr. 85.26.
   d. Innspýtingarsprautur, gerviaugu, hitamælar, loftvogir, rakamælar og aðrar vörur, er teljast til 90. kafla.
   e. Leikföng, leiktæki, íþróttavörur, jólatrésskraut og aðrar vörur, er teljast til 97. kafla. Gleraugu án hreyfitækja í brúður og í aðrar vörur, sem teljast til 97. kafla, heyra þó þessum kafla til.
   f. Hnappar, hitaflöskur, sprautuílát og aðrar vörur í 98. kafla.
2. Nr. 70.07 tekur einnig til vara, sem eru framleiddar úr gleri því, sem þar er tilgreint, ef vörurnar eru ekki rammaðar inn eða í sambandi við önnur efni.
3. Orðið *gler* í tollskránni tekur einnig til kvarz- og kísilglers.

70.01	**00**	**Glerbrot og annar glerúrgangur, glermassi (þó ekki optískt gler)**	35%
70.02	**00**	**Glerungur og smelt í massa, stöngum eða pípum**	35%
70.03	**00**	**Gler í kúlum, stöngum eða pípum (þó ekki optískt gler), óunnið**	35%
70.04	**00**	**Óunnið steypt eða valsað gler (þar með talið gler, sem við framleiðsluna hefur verið yfirlagt öðru gleri eða styrkt með málmþræði), með rétthyrningslögun, einnig mynstrað**	35%
70.05	**00**	**Óunnið teygt eða blásið gler (einnig þakið öðru gleri við framleiðsluna) með rétthyrningslögun**	35%
70.06	**00**	**Steypt, valsað, teygt eða blásið gler (einnig yfirlagt öðru gleri við framleiðslu eða styrkt með málmþræði) með rétthyrningslögun og slípað eða fágað á yfirborði, en ekki frekar unnið**	35%
70.07	**00**	**Steypt, valsað, teygt eða blásið gler (þar með talið gler yfirlagt öðru gleri við framleiðsluna eða styrkt með málmþræði), skorið í aðra lögun en rétthyrnda, beygt eða unnið (t. d. kantslípað eða áletrað), einnig slípað eða fágað; marglaga einangrunargler, blýgreyptar rúður og þess háttar**	50%
70.08	**00**	**Öryggisgler úr hertu eða marglaga gleri, einnig tilskorið eða formað**	50%
70.09	**00**	**Glerspeglar (þar með taldir bifreiðaspeglar), einnig í umgerð eða með baki**	100%
70.10		**Ámur, flöskur, krukkur, byttur og sívöl ílát, úr gleri, sem algengt er að nota við flutning og pökkun á vörum; tappar og önnur lok úr gleri:**	
	01	Mjólkurflöskur	20%
	09	Annað	60%
70.11	**00**	**Glerkúlur og glerpípur fyrir rafmagnsglólampa, rafeindalampa o. þ. h.**	50%
70.12	**00**	**Glergeymar í hitaflöskur og þess háttar ílát, einnig ófullgerð**	100%
70.13	**00**	**Borðbúnaður, húsbúnaður, snyrtiáhöld, hreinlætistæki og skrifstofuáhöld, skrautmunir o. þ. h. úr gleri (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 70.19)**	100%

70.14		**Ljósabúnaður úr gleri, endurkastsgler og optískir hlutir úr gleri, en ekki optískt unnið eða úr optísku gleri:**	
	01	Lampar og lampaskermar	90%
	02	Glös fyrir olíulampa	35%
	03	Luktagler og endurskinsgler fyrir farartæki og duflaljósker	35%
	04	Gler fyrir götuljósker	35%
	09	Annað	100%
70.15	00	**Klukku- og úragler og áþekk gler (þar með talin sólbirtugler, en ekki linsulaga til réttingar á sjón), íhvolf, beygð o. þ. h.; holar glerkúlur og kúluhlutar til framleiðslu á klukku- og úrglerjum o. þ. h.**	50%
70.16	00	**Steinar, flögur, hellur, reitir og aðrar vörur, úr pressuðu eða mótuðu gleri, sem algengt er að nota í byggingariðnaði; frauð- og holgler í hellum, flögum, plötum og með áþekkri lögun**	35%
70.17	00	**Glervara eingöngu notuð við efnarannsóknir, við hjúkrun og rannsóknir á sjúkum og við lyfjagerð, einnig með rúmmálsmerkjum eða rúmtaksréttingum; glerlyfjahylki**	35%
70.18	00	**Optísk gler og vörur úr því, þó ekki optískt unnar; efni til framleiðslu á gleraugnalinsum**	50%
70.19	00	**Glerperlur, eftirlíkingar á perlum, eðalsteinum og hálfeðalsteinum, brot, flísar og aðrir áþekkir smáhlutir úr gleri og vörur úr þeim; glerteningar og smáplötur, einnig með undirlagi, í mósaík eða til svipaðrar skreytingar; gerviaugu, þar með gerviaugu í leikföng, en ekki fyrir menn; skrautmunir og aðrar vörur til skreytingar unnar með glerblásturlampa; glerkorn (ballotini)**	100%
70.20		**Glertrefjar (þar með talin glerull), garn, vefnaður og vörur úr þessum efnum:**	
	10	*Garn*	35%
	20	*Vefnaður*	40%
	30	*Annað*	35%
70.21		**Aðrar vörur úr gleri:**	
	01	Netjakúlur	2%
	09	Annars	70%

XIV. flokkur.

Náttúrlegar perlur, eðalsteinar og hálfeðalsteinar, góðmálmar, góðmálmsplett og vörur úr þessum efnum; glysvarningur (imitation jewellery); mynt.

71. kafli.

Náttúrlegar perlur, eðalsteinar og hálfeðalsteinar, góðmálmar, góðmálmsplett og vörur úr þessum efnum; skraut- og glysvarningur.

Athugasemdir:

1. Leiði ekki annað af athugasemd 1.a við VI. flokk eða af ákvæðunum hér á eftir, teljast til þessa kafla — og aðeins til hans — allar vörur, sem að öllu eða nokkru leyti eru úr:
   a. Náttúrlegum perlum eða eðalsteinum eða hálfeðalsteinum (náttúrlegum, tilbúnum eða endurgerðum).
   b. Góðmálmum eða góðmálmspletti.

2. a. Til nr. 71.12, 71.13 og 71.14 teljast ekki vörur, ef óverulegur hluti þeirra er úr góðmálmi eða góðmálmspletti, svo sem minni háttar útbúnaður eða skreytingar (t. d. stafamerki, leggingar og randskreytingar). Tekur b-liður 1. athugasemdar hér á undan því ekki til slíkra vara.
   b. Nr. 71.15 tekur ekki til vara, sem innihalda góðmálma eða góðmálmsplett, nema slík efni séu aðeins óverulegur hluti viðkomandi vöru.
3. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Amalgöm góðmálma og hlaupkenndir (colloidal) góðmálmar (nr. 28.49).
   b. Dauðhreinsað sárasaumsefni, tannfyllingarefni og aðrar vörur, er teljast til 30. kafla.
   c. Vörur, sem teljast til 32. kafla (t. d. gyllingarvökvar).
   d. Handtöskur og aðrar vörur, er teljast til nr. 42.02 og 42.03.
   e. Vörur, sem falla undir nr. 43.03 og 43.04.
   f. Spunavörur, er teljast til XI. flokks.
   g. Skófatnaður (64. kafli) og höfuðbúnaður (65. kafli).
   h. Regnhlífar, göngustafir og aðrar vörur, er teljast til 66. kafla.
   ij. Blævængir, er teljast til nr. 67.05.
   k. Mynt (72. eða 99. kafli).
   l. Slípivörur þær, er teljast til nr. 68.04—68.06 eða til 82. kafla, og í eru agnir eða duft úr eðalsteinum eða hálfeðalsteinum (náttúrlegum eða tilbúnum); vörur í 82. kafla, sem eru með eðalsteina eða hálfeðalsteina (náttúrlega, tilbúna eða endurgerða) sem virka hluta, enda sé undirstaða steinanna úr óeðlum málmi; vélar, verkfæri og rafmagnsvörur og hlutar til þessara vara, sem teljast til XVI. flokks, nema vörur, sem að öllu leyti eru gerðar úr eðalsteinum eða hálfeðalsteinum (náttúrlegum, tilbúnum eða endurgerðum), en þær teljast til þessa kafla.
   m. Vörur, er teljast til 90., 91. og 92. kafla (vísindatæki, úr, klukkur og hljóðfæri).
   n. Vopn og hlutar til þeirra (93. kafli).
   o. Vörur, sem falla undir 2. athugasemd við 97. kafla.
   p. Vörur, er teljast til 98. kafla, aðrar en þær, sem teljast til nr. 98.01 og 98.12.
   q. Frumverk af högg- og standmyndum (nr. 99.03), safnmunir (nr. 99.05) og forngripir yfir 100 ára gamlir (nr. 99.06), nema náttúrlegar perlur, eðalsteinar og hálfeðalsteinar.
4. a. Orðið *perlur* tekur einnig til ræktaðra perla.
   b. *Góðmálmur* tekur til silfurs, gulls, platínu og annarra platínumálma.
   c. Orðin *aðrir platínumálmar* taka til íridíum, osmíum, palladíum, rhódíum og rúteníum.
5. Málmlegeringar (þar með glæddar blöndur), sem í eru góðmálmar, teljast góðmálmslegeringar í þessum kafla, ef — og því aðeins ef — góðmálmurinn í þeim er 2% eða meira miðað við þunga legeringarinnar. Flokkast slíkar legeringar eins og hér greinir:
   a. Málmlegeringar með 2% eða meira af platínu, miðað við þunga, flokkast eins og platínumálmar.
   b. Málmlegeringar með 2% eða meira af gulli, miðað við þunga, og með enga platínu, flokkast sem gulllegeringar, einnig þótt í þeim sé platína, ef hún vegur minna en 2% miðað við þunga.
   c. Aðrar málmlegeringar í þessum kafla, sem innihalda 2% eða meira af silfri, flokkast sem silfurlegeringar.

   Í þessum tölulið skoðast platínumálmarnir sem einn málmur og með þá farið eins og þeir væru platína.
6. Sé ekki annars getið í athugasemdum þessum eða annars staðar í tollskránni flokkast sem góðmálmar eða nánar tiltekinn góðmálmur góðmálmslegeringar þær, sem samkvæmt 5. athugasemd hér á undan skulu flokkast þannig. Hins vegar tekur heitið góðmálmur hvorki til vara þeirra, sem eru skýrgreindar í 7. athugasemd hér á eftir, né til plettvara eða annarra vara, sem eru húðaðar með góðmálmum.

7. Heitið *góðmálmsplett* (góðmálmsdublé) tekur til málma, sem eru lagðir góðmálmi á einni eða fleiri yfirborðshliðum með lóðningu, logsuðu, heitvölsun eða á annan mekaníska hátt. Heitið tekur einnig til þess, ef óeðlir málmar eru innlagðir góðmálmum.
8. Með *skrautvörum* í nr. 71.12 er átt við:
   a. Smávarning til persónulegs skrauts (einnig settur eðalsteinum) (svo sem hringar, armbönd, hálsmen, brjóstnælur, eyrnahringir, úrfestar, slifsisnálar, úrkeðjur, eyrnalokkar, ermahnappar, brjósthnappar, krossar eða heiðursmerki og önnur tiguarmerki, einnig þau, sem hafa trúarlegt gildi).
   b. Vörur til persónulegra nota, sem algengt er að bera í vösum, handtöskum eða á sér (t. d. vindlingaveski, duftdósir, lyklahylki, tóbaksdósir og pilludósir).
9. Með *gull- og silfursmíðavörum* í nr. 71.13 er átt við t. d. skrautmuni, borðbúnað, snyrtiáhöld, áhöld til reykinga og önnur búsáhöld, skrifstofuáhöld og hluti, sem hafa trúarlegt gildi og annað þess háttar.
10. Með *glysvarningi* (imitation jewellery) í nr. 71.16 er átt við tilsvarandi vörur og tilgreindar eru hér á undan í a-lið 8. athugasemdar (þó ekki hnappa, skyrtu- og ermahnappa eða aðrar vörur, er teljast til nr. 98.01, hárgreiður, hárspennur og þess háttar vörur, er teljast til nr. 98.12), enda sé ekki notað til smíði þeirra náttúrlegar perlur, eðalsteinar eða hálfeðalsteinar (náttúrlegir, tilbúnir eða endurgerðir), góðmálmar eða góðmálmsplett (nema þá sem óverulegur hluti), en eru:
    a. Að öllu eða nokkru leyti úr óeðlum málmum, með eða án góðmálmshúðar.
    b. Gerðar úr tveimur mismunandi efnum (t. d. trjáviði og gleri, beini og rafi, perlumóður og plasti), og er þá ekki tekið tillit til efnis, sem aðeins er til að halda hlutunum saman (t. d. snúra, sem perlur eru festar á).
11. Hylki, dósir og þess háttar, sem flutt er inn með þeim vörum, sem þessi kafli tekur til, flokkast í sama númer og viðkomandi vörur, ef slíkar umbúðir eru ætlaðar þeim og venjulegt er, að umbúðirnar séu seldar með þeim. Hylki, dósir o. þ. h., sem flutt er inn sérstaklega, flokkast eftir efni og gerð.

I. Náttúrlegar perlur, eðalsteinar og hálfeðalsteinar.

71.01	**00**	**Náttúrlegar perlur, óunnar eða unnar (þar með taldar óflokkaðar perlur aðeins dregnar á þráð vegna flutnings), en ekki uppsettar, inngreyptar eða flokkaðar í festi saman á þráð**	40%
71.02		**Eðalsteinar og hálfeðalsteinar, óunnir, slípaðir eða unnir á annan hátt (þar með taldir óflokkaðir steinar dregnir á þráð aðeins til flutnings), en ekki uppsettir, inngreyptir eða flokkaðir í festi saman á þráð:**	
	10	*Demantar til iðnaðarnotkunar*	40%
	20	*Aðrir demantar en til iðnaðarnotkunar*	40%
	30	*Aðrir*	40%
71.03	**00**	**Tilbúnir og endurunnir eðalsteinar og hálfeðalsteinar, óunnir, slípaðir eða unnir á annan hátt (þar með taldir óflokkaðir steinar dregnir á þráð aðeins vegna flutnings), en ekki uppsettir, inngreyptir eða flokkaðir í festi saman á þráð**	40%
71.04	**00**	**Duft og agnir úr náttúrlegum eða tilbúnum eðalsteinum eða hálfeðalsteinum**	40%

II. Góðmálmar og góðmálmsplett, óunnið eða hálfunnið.

71.05	**00**	**Silfur, þar með talið silfur með gull- og platínuhúð, óunnið eða hálfunnið**	40%
71.06	**00**	**Silfurplett (silfurdublé), óunnið eða hálfunnið**	40%
71.07		**Gull, þar með talið platínuhúðað gull, óunnið eða hálfunnið:**	
	10	*Gullstengur*	40%
	20	*Annað*	40%

71.08	**00**	**Óeðlir málmar og silfur, með gullhúð, óunnið eða hálfunnið**	40%
71.09	**00**	**Platína og aðrir platínumálmar, óunnir eða hálfunnir**	40%
71.10	**00**	**Óeðlir málmar og góðmálmar, með platínuhúð eða húð af öðrum platínumálmum, óunnið eða hálfunnið**	40%
71.11		**Afklippur, mylsna og annar góðmálmsúrgangur:**	
	10	*Úr silfri, platínu eða öðrum platínumálmum*	40%
	20	*Úr gulli*	40%

III. Skraut- og glysvarningur, gull- og silfursmíðavörur og aðrar vörur.

71.12	**00**	**Skrautvörur og hlutar til þeirra, úr góðmálmum eða góðmálmspletti**	60%
71.13		**Gull- og silfursmíðavörur og hlutar til þeirra, úr góðmálmum eða góðmálmspletti, þó ekki vörur þær, sem teljast til nr. 71.12:**	
	01	Hnífar, skeiðar, gafflar o. þ. h. úr silfri eða silfurpletti	60%
	09	Annað	60%
71.14		**Aðrar vörur úr góðmálmi eða góðmálmspletti:**	
	01	Til tækninota, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
	09	Annars	60%
71.15	**00**	**Vörur, sem eru úr eða í eru náttúrlegar perlur, eðalsteinar og hálfeðalsteinar (náttúrlegir, tilbúnir eða endurgerðir)**	60%
71.16	**00**	**Annar glysvarningur (imitation jewellery)**	60%

72. kafli.

Mynt.

Athugasemd:

Safnmunir (nr. 99.05) teljast ekki til þessa kafla.

72.01		**Mynt:**	
	10	*Óútgefin mynt (önnur en gullpeningar)*	0
	20	*Gullpeningar*	0
	30	*Önnur*	0

XV. flokkur.

Ódýrir (óeðlir) málmar og vörur úr þeim.

Athugasemdir:

1. Til þessa flokks telst ekki:
   a. Tilreiddir litir, blek og aðrar vörur, sem hafa málmduft eða málmflögur að grunni og teljast til nr. 32.08, 32.09, 32.10 og 32.13.
   b. Ferró-cerium og aðrar kveikilegeringar (nr. 36.07).
   c. Höfuðfatnaður og höfuðfatahlutar, er teljast til nr. 65.06 og 65.07.
   d. Grindur og hlutar í regnhlífar, sólhlífar, sólskýli, göngustafi og aðrar vörur, er teljast til nr. 66.03.
   e. Vörur, er teljast til 71. kafla (t. d. legeringar með góðmálmi, ódýrir málmar þaktir góðmálmshúð og glysvarningur).

f. Vörur, er teljast til XVI. flokks (vélar, verkfæri og rafmagnsvörur).
g. Samsettir járnbrauta- og sporbrautateinar (nr. 86.10) og aðrar vörur, er teljast til XVII. flokks (ökutæki, skip, bátar og flugvélar).
h. Tæki, áhöld og aðrar vörur úr ódýrum málmum, er teljast til XVIII. flokks, einnig úr og úrfjaðrir.
ij. Högl í skotfæri (nr. 93.07), vopn, skotfæri og aðrar vörur, er teljast til XIX. flokks.
k. Vörur, er teljast til 94. kafla (húsgögn, rúmfatnaður o. fl.).
l. Handsáld (nr. 96.06).
m. Vörur, er teljast til 97. kafla (leikföng, leiktæki og íþróttatæki).
n. Hnappar, pennastengur, blýantshöld, pennar og aðrar vörur, er teljast til 98. kafla.

2. Með orðunum *hlutar til almennra nota* er hvarvetna í tollskránni átt við:
a. Vörur þær, sem teljast nr. 73.20, 73.25, 73.29, 73.31 og 73.32, og tilsvarandi vörur úr öðrum ódýrum málmum.
b. Fjaðrir og fjaðrablöð úr ódýrum málmum, þó ekki úrfjaðrir og klukkufjaðrir (nr. 91.11).
c. Vörur í nr. 83.01, 83.02, 83.07, 83.09, 83.12 og 83.14.

Orðið *hlutar* í 73.—82. kafla (að undanteknum númerunum 73.29 og 74.13) tekur ekki til hluta til almennra nota, eins og þau orð eru skýrgreind hér á undan.

73.—81. kafli tekur ekki til vara, sem teljast til 82. og 83. kafla, enda leiði ekki annað af ákvæðum þessarar athugasemdar eða 1. athugasemdar við 83. kafla.

3. Flokkun legeringa:
a. Legeringar af ódýrum málmum, sem í er meira en 10% af nikkli miðað við þunga, flokkast sem nikkillegering, nema í blöndunni sé meira af járni miðað við þunga en nokkrum öðrum málmi.
b. Járnlegeringar og koparforlegeringar (eins og þær eru skýrgreindar í 73. og 74. kafla) teljast til nr. 73.02 og 74.02, eftir því sem við á.
c. Aðrar legeringar úr ódýrum málmum flokkast eftir þeim málminum, sem mest er af í legeringunni, miðað við þunga.
d. Málmlegeringar (að undanteknum ferrólegeringum og koparforlegeringum), gerðar bæði úr ódýrum málmum, er teljast til þessa flokks, en einnig að hluta úr efnum, sem teljast ekki til flokksins, flokkast eins og legeringar úr ódýrum málmum, er teljast til þessa flokks, ef þyngd hinna ódýru málma er jafnmikil eða meiri en annarra efna.
e. Í þessum flokki tekur orðið *legering* til glæddra blandna úr dufti ódýrra málma og ósamfelldra innri blandna þeirra fenginna með bræðslu.

4. Sé ekki annað tekið fram, eiga tilvísanir til ódýrra málma hvarvetna í tollskránni einnig við legeringar þeirra, sem flokkast eins og viðkomandi málmur samkvæmt 3. athugasemd hér að ofan.

5. Flokkun samsettra vara:

Vörur, sem eru úr tveimur eða fleiri ódýrum málmum (þar með taldar vörur, sem samkvæmt hinum almennu skýringarreglum í upphafi tollskrárinnar flokkast sem vörur úr ódýrum málmum), flokkast eftir þeim málminum, sem mest er af í vörunni miðað við þunga. Við framkvæmd þessarar reglu skoðast:
a. Járn og stál eða ýmsar tegundir járns og stáls sem sama málmtegund.
b. Málmlegering, sem samkvæmt reglunum í 3. athugasemd hér á undan flokkast eins og tiltekinn málmur, eins og hún væri öll úr þeim málmi.

6. Sem *brotajárn og úrgangsmálmur* teljast í þessum flokki vörur, sem aðeins er hægt að nota til endurvinnslu málmanna eða til framleiðslu kemískra efna.

73. kafli.

Járn og stál og vörur úr hvoru tveggja.

Athugasemdir:

1. Eftirfarandi heiti hafa þessa merkingu í þessum kafla:

a. *Hrájárn og steypujárn* (nr. 73.01).
Járn, sem í er minnst 1,9% af kolefni miðað við þunga og auk þess eftir atvikum eitt eða fleiri af eftirtöldum legeringarefnum í því magni, sem fram er tekið hér á eftir (miðað við þunga):
minna en 15% fosfór,
ekki meira en 8% kísill,
ekki meira en 6% mangan,
ekki meira en 30% króm,
ekki meira en 40% wolfram,
ekki meira en 10% samtals af öðrum legeringarefnum (t. d. nikkli, kopar, alúmíni, títan, vanadíum, molybden).
Járnlegeringar, sem nefndar eru *hert (non-distorting) verkfærastál* og í eru 1,9% af kolefni eða meira, miðað við þunga, en hafa markverðustu einkenni stáls, teljast til stáls og flokkast í viðeigandi tollskrárnúmer.

b. *Spegiljárn* (nr. 73.01):
Járn, sem í er meira en 6% og ekki yfir 30% af mangan miðað við þunga og að öðru leyti er í samræmi við athugasemd a hér næst á undan.

c. *Járnlegeringar* (nr. 73.02):
Legeringar úr járni, sem óhentugt er að nota til smíða eða völsunar, en venjulega notaðar sem hráefni við framleiðslu á járni og stáli og í eru einn eða fleiri eftirgreindir málmar í því magni, sem fram er tekið (miðað við þunga):
meira en 8% kísill,
meira en 30% mangan,
meira en 30% króm,
meira en 40% wolfram,
meira en 10% af öðrum legeringarmálmum (alúmíni, títan, vanadíum, molybden, niobíum og öðrum legeringarmálmum, þó ekki kopar).
Magn annarra legeringarmálma en járns má þó ekki vera meira en 96% miðað við þunga í járnlegeringum, sem í er kísill, ekki meira en 92% í járnlegeringum, sem í er mangan, en ekki kísill, og ekki meira en 90% í öðrum járnlegeringum.

d. *Stállegeringar* (nr. 73.15):
Stál, sem í er eitt eða fleiri eftirgreind legeringarefni í því magni, sem fram er tekið:
Meira en 2% samtals mangan og kísill,
eigi minna en 2% mangan,
eigi minna en 2% kísill,
eigi minna en 0.50% nikkill,
eigi minna en 0,50% króm,
eigi minna en 0,10% molybden,
eigi minna en 0,10% vanadíum,
eigi minna en 0,30% wolfram,
eigi minna en 0,30% kóbalt,
eigi minna en 0,30% alúmín,
eigi minna en 0,40% kopar,
eigi minna en 0,10% blý,
eigi minna en 0,12% fosfór,
eigi minna en 0,10% brennisteinn,

eigi minna en 0,20% samtals fosfór og brennisteinn,
eigi minna en 0,10% af hverju einstöku öðru legeringarefni.

e. *Kolefnisríkt stál* (nr. 73.15):
Stál, sem í er ekki minna en 0,6% af kolefni miðað við þunga, minna en 0,04% af fosfór eða minna en 0,04% af brennisteini, en þó minna en 0,07% af fosfóri og brennisteini samanlagt.

f. *Hnoðað hrájárn (puddled bars) og hrástengur* (nr. 73.06):
Efni þau til smíða, völsunar eða umbræðslu, sem verða til annað hvort
— fyrir hömrun á hnoðuðu hrájárni til þess að losna við gjall eða
— með samruna vegna glóðvölsunar á pökkum af járn- eða stálúrgangi eða hnoðuðu hrájárni.

g. *Steypt hrájárn (ingots)* (nr. 73.06):
Stykki til smíða eða völsunar framleidd í hrájárnsteypumótum.

h. *Gjallfrítt hrájárn (blooms) og hrájárnsdrumbar (billets)* (nr. 73.07):
Hálfunnin vara með rétthyrndum þverskurði, og sé flatarmál þverskurðarins meira en 1225 mm², en þykktin meira en fjórði hluti breiddarinnar.

ij. *Hrájárnsplötur (slabs) og hrájárnsrenningar (sheet bars)* (nr. 73.07):
Hálfunnin vara með rétthyrndum þverskurði, þykkt eigi minni en 6 mm, breidd minnst 150 mm og þykktin ekki meiri en fjórði hluti breiddarinnar.

k. *Plötuefni í rúllum* (nr. 73.08):
Hálfunnin vara upprúlluð, heitvölsuð, með rétthyrndu þversniði, þykkt ekki minni en 1,5 mm, breidd meiri en 500 mm og þyngd eigi minni en 500 kg hvert stykki.

l. *Alhæfiplötur (universal plates)* (nr. 73.09):
Vara með rétthyrndum þverskurði, heitvölsuð eftir endilöngu í alhæfivölsum, þykkt eigi minni en 5 mm né meiri en 100 mm og breidd meiri en 150 mm, þó ekki yfir 1200 mm.

m. *Bönd* (nr. 73.12):
Völsuð vara með skornum eða óskornum brúnum og rétthyrndum þverskurði, þykkt eigi yfir 6 mm, breidd mest 500 mm og þykktin eigi meiri en tíundi hluti breiddarinnar, í ræmum og rúllum, einnig pressuðum saman.

n. *Þynnur og plötur* (nr. 73.13):
Völsuð vara (þó ekki plötuefni í rúllum samkvæmt k-lið hér á undan), þykkt mest 125 mm, og ef platan er með rétthyrningslögun, þá að breidd yfir 500 mm. Til nr. 73.13 teljast einnig plötur með annarri lögun en rétthyrndri, einnig gataðar, báraðar, gáraðar, fágaðar og húðaðar plötur, þó þannig að plöturnar fái ekki við þessa vinnslu frekari einkenni efna eða vara, sem teljast til annarra númera.

o. *Vír* (nr. 73.14):
Kalddregin og óhol vara með hvers konar þverskurði og 13 mm að mesta þvermáli eða minna. Til nr. 73.26 og 73.27 telst einnig vara gerð úr völsuðum vír, enda sé þykktin hin sama og hér segir.

p. *Stál í stöngum* (einnig vírstengur) (nr. 73.10):
Óhol vara, sem skýrgreiningarnar í h-, ij-, k-, l-, m-, n- og o-lið hér á undan geta ekki átt við og er í þverskurði að lögun sem hringur, snið úr hring, ávöl, sem jafnhliða þríhyrningur, ferningur, rétthyrningur, reglulegur sexhyrningur, reglulegur átthyrningur eða regluleg trapiza.

q. *Jarðborspípur* (nr. 73.10):
Holar stálstengur, hæfar fyrir námubora, með hvers konar þverskurði, ytra þvermál eigi minna en 15 mm og ekki meira en 50 mm, og mesta innra þvermál ekki meira en ⅓ af mesta ytra þvermáli. Aðrar holar stengur úr stáli teljast til nr. 73.18.

r. *Prófiljárn og -stál* (nr. 73.11):
Óhol vara, sem ekki telst til nr. 73.16, sem skýrgreiningarnar í h-, ij-, k-, l-, m-, n- og o-lið hér á undan geta ekki átt við og ekki hefur þverskurð í líkingu af

hring, sniði úr hring, ávalan, sem jafnhliða þríhyrningur, ferningur, rétthyrningur, reglulegur sexhyrningur, reglulegur átthyrningur né regluleg trapiza.

2. Til nr. 73.06—73.14 teljast ekki stállegeringar né kolefnisríkt stál (nr. 73.15).
3. Járn- og stálframleiðsla af því tagi, sem telst til nr. 73.06—73.15 og húðuð (plettuð) er með annars konar járni eða stáli, flokkast eftir þeirri tegundinni, sem mest er af miðað við þunga.
4. Járn, sem framleitt er með rafgreiningu, flokkast eins og járn framleitt á annan hátt.
5. Með orðunum *háþrýstipípur úr stáli* (nr. 73.19) er átt við hnoðsaumaðar, logsoðnar eða „saumlausar", sívalar stálpípur og stálhné með innra þvermáli meira en 400 mm og með veggjarþykkt yfir 10,5 mm.

73.01		**Hrájárn, steypujárn og spegiljárn, í klumpum, drumbum, stykkjum eða með annarri áþekkri lögun:**	
	10	*Spegiljárn*	5%
	20	*Annað*	5%
73.02		**Járnlegeringar:**	
	10	*Ferrómangan*	5%
	20	*Aðrar*	5%
73.03	00	**Úrgangur og brot af járni eða stáli**	5%
73.04	00	**Kornað járn eða stál, einnig flokkað; vírkúlur úr járni eða stáli**	5%
73.05		**Járn- eða stálduft; járn- eða stálsvampur:**	
	10	*Járn- eða stálduft*	5%
	20	*Járn- eða stálsvampur*	5%
73.06		**Hnoðuð (puddled) hrájárn- og stálstykki og stengur; steypt hrájárn- og stálstykki (ingots), klumpar, drumbar o. þ. h. stykki, úr járni eða stáli:**	
	10	*Hnoðuð járn- og stálstykki og stengur, klumpar, drumbar o. þ. h.*	5%
	20	*Steypt hrájárn- og stálstykki*	5%
73.07	00	**Gjallfrítt hrájárn (blooms), drumbar (billets), plötur (slabs) og renningar (sheet bars) — einnig tinaðir — úr járni og stáli; lauslega formuð stykki með hömrun, að öðru leyti óunnin, úr járni eða stáli**	5%
73.08	00	**Plötuefni í rúllum, úr járni eða stáli**	5%
73.09	00	**Alhæfiplötur (universal plates), úr járni eða stáli**	5%
73.10		**Stengur (einnig vírstengur) úr járni eða stáli, heitvalsaðar, slegnar, þrykktar eða kaldunnar; jarðborspípur úr stáli:**	
		Valsaður vír:	
	11	Vír til framleiðslu á naglavír, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	15%
	12	Steypustyrktarjárn grennra en 13 mm	35%
	19	Annað	35%
		Annað:	
	21	Steypustyrktarjárn	35%
	23	Jarðborspípur úr stáli	35%
	29	Annars	5%
73.11		**Prófiljárn og -stál, heitvalsað, þrykkt eða kaldunnið; þilstál með boruðum eða slegnum götum eða án gata, einnig samsett:**	
	10	*Prófiljárn og -stál, 80 mm eða meira; þilstál*	5%
	20	*Annað*	5%
73.12	00	**Bönd úr járni eða stáli, heit- eða kaldvölsuð**	15%
73.13		**Þynnur og plötur úr járni eða stáli, heit- eða kaldvalsaðar:**	
	10	*Þynnur og plötur yfir 4,75 mm að þykkt, þó ekki tinaðar eða báraðar*	5%
	20	*Þynnur og plötur 3—4,75 mm, þó ekki tinaðar eða báraðar*	5%
	30	*Þynnur og plötur minna en 3 mm, þó ekki plettaðar, húðaðar eða klæddar*	5%
	40	*Þynnur og plötur, tinaðar*	15%

		Þynnur og plötur minna en 3 mm, plettaðar, húðaðar eða klæddar (þó ekki tinaðar):	
	51	Járnplötur báraðar (þakjárn)	15%
	59	Aðrar	15%
73.14	00	**Járn- eða stálvír, einnig húðaður, en ekki einangraður**	35%
73.15		**Stállegeringar og kolefnisríkt stál með sama lagi og tilgreint er í nr. 73.06-73.14:**	
	61	*Hrásteypa (ingots) úr kolefnisríku stáli*	5%
	62	*Hrásteypa (ingots) úr stállegeringum*	5%
	63	*Gjallfrí hrásteypa (blooms), drumbar (billets), plötur (slabs), stengur (sheet bars) og hálfunnin járnstykki, úr kolefnisríku stáli*	5%
	64	*Gjallfrí hrásteypa (blooms), drumbar (billets), plötur (slabs), stengur (sheet bars) og hálfunnin járnstykki, úr stállegeringum*	5%
	65	*Plötuefni í rúllum, úr kolefnisríku stáli*	5%
	66	*Plötuefni í rúllum, úr stállegeringum*	5%
	67	*Vírstengur úr kolefnisríku stáli*	5%
	68	*Vírstengur úr stállegeringum*	5%
	69	*Stangajárn (þó ekki valsaður vír) og jarðborspípur úr kolefnisríku stáli*	5%
	71	*Stangajárn (þó ekki valsaður vír) og jarðborspípur, úr stállegeringum*	5%
	72	*Prófíljárn, 80 mm eða meira, og þil, úr kolefnisríku stáli*	5%
	73	*Prófíljárn, 80 mm eða meira, og þil, úr stállegeringum*	5%
	74	*Prófíljárn, minni en 80 mm, úr kolefnisríku stáli*	5%
	75	*Prófíljárn, minni en 80 mm, úr stállegeringum*	5%
	76	*Plötur og þynnur, meira en 4,75 mm að þykkt, og alhæfiplötur, úr kolefnisríku stáli*	5%
	77	*Plötur og þynnur, meira en 4,75 mm að þykkt, og alhæfiplötur, úr stállegeringum*	5%
	78	*Plötur og þynnur, 3 mm—4,75 mm að þykkt, úr kolefnisríku stáli*	5%
	79	*Plötur og þynnur, 3 mm—4,75 mm að þykkt, úr stállegeringum*	5%
	81	*Plötur og þynnur, minna en 3 mm að þykkt, ekki plettaðar, húðaðar eða klæddar, úr kolefnisríku stáli*	5%
	82	*Plötur og þynnur, minna en 3 mm að þykkt, ekki plettaðar, húðaðar eða klæddar, úr stállegeringum*	5%
	83	*Plötur og þynnur, minna en 3 mm að þykkt, plettaðar, húðaðar og klæddar, úr kolefnisríku stáli*	5%
	84	*Plötur og þynnur, minna en 3 mm að þykkt, plettaðar, húðaðar og klæddar, úr stállegeringum*	5%
	85	*Bandaefni úr kolefnisríku stáli*	5%
	86	*Bandaefni úr stállegeringum*	5%
	87	*Vír úr kolefnisríku stáli*	5%
	88	*Vír úr stállegeringum*	5%
73.16		**Eftirgreindar vörur úr járni og stáli til járnbrauta og sporvagna: teinar, tengingar, dragstengur, stokkar, spangir, undirlagsplötur, skorðuplötur, langplötur og sporstengur:**	
	10	*Teinar úr járni eða stáli fyrir járnbrautir og sporvagna*	20%
	20	*Annað*	20%
73.17	00	**Pípur úr steypujárni**	35%
73.18		**Pípur og efni í þær, úr járni (nema steypujárni) eða stáli, þó ekki háþrýstileiðslur til vatnsaflstöðva:**	
	10	*Efni í pípur*	35%
		„Saumlausar" pípur:	
	21	Holir sívalningar til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	5%
	29	Annað	35%

		Annað:	
	31	Prófílpípur til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	5%
	39	Annars	35%
73.19	00	**Háþrýstileiðslur úr stáli, til vatnsaflstöðva, einnig styrktar**	35%
73.20		**Pípuhlutar (fittings), t. d. hólkar, hné, tengi og nipplar, úr járni eða stáli**	35%
73.21		**Mannvirki (t. d. skemmur og aðrar byggingar, brýr og brúarhlutar, stflur turnar, súlnagrindur, þök, þakgrindur, glugga- og hurðagrindur, hlerar, handrið, stöplar og súlur), hálf- eða fullgerð, samsett eða ósamsett, úr járni eða stáli; plötur, bönd, stengur, bjálkar, prófíljárn, pípur, o. þ. h., tilsniðið til notkunar í mannvirki, úr járni eða stáli:**	
	01	Bryggjur og brýr, hálf- eða fullgerðar, samsettar; plötur, bönd, stengur, bjálkar, prófíljárn, pípur o. þ. h., tilsniðið til notkunar í bryggjur eða brýr	35%
	02	Innréttingar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	60%
	09	Annað	40%
73.22	00	**Geymar, ker og önnur slík stór ílát, úr járni eða stáli, með yfir 300 lítra rúmtaki, undir alls konar efni, einnig klædd að innan og hitaeinangruð, en ekki með mekanískum búnaði eða hitunarbúnaði:**	
	01	Tankar úr ryðfríu stáli sérstaklega fyrir mjólk, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	10%
	09	Annað	50%
73.23		**Föt, tunnur, brúsar, dósir og áþekk ílát, úr járn- eða stálþynnum eða plötum, venjulega notuð við flutning á vörum eða sem umbúðir:**	
	01	Tunnur	30%
	02	Mjólkurbrúsar 10 l eða stærri	10%
	03	Niðursuðudósir o. þ. h. dósir	50%
	04	Áletraðar dósir utan um útflutningsvörur	4%
	09	Annað	60%
73.24	00	**Hylki og ílát undir samanþjappaðar gastegundir og önnur áþekk ílát, úr járni eða stáli**	35%
73.25		**Margþættur vír, strengir, kaðlar, vírfléttur, o. þ. h., úr járni eða stáli, þó ekki einangraðir rafmagnsstrengir:**	
	01	Vírkaðlar að þvermáli 0,5 cm og grennri	20%
	02	Vírkaðlar meira en 0,5 cm að þvermáli	2%
	09	Annað	35%
73.26	00	**Gaddavír úr járni eða stáli; snúnar gjarðir eða flatur vír, með eða án gadda, laussnúinn tvöfaldur vír til girðinga, úr járni eða stáli**	15%
73.27		**Vírnet, vírdúkar, vírgrindur, girðingarnet, styrktarvefnaður og áþekk efni, úr járn- eða stálvír:**	
	01	Steypustyrktar- og múrhúðunarnet	35%
	02	Girðingarnet (einnig plasthúðuð) úr vír, sem ekki er grennri en 2 mm í þvermál	20%
	09	Annað	35%
73.28	00	**Möskvateygðar (expanded) plötur úr járni eða stáli**	20%
73.23		**Keðjur og hlutar til þeirra, úr járni eða stáli:**	
	01	Keðjur með leggi 10 mm í þvermál og þar yfir	4%
	02	Snjókeðjur og hlutar til þeirra, á bifreiðar og önnur ökutæki, úr stálstöngum 4—10 mm í þvermál	60%
	03	Keðjur til véla (drifkeðjur)	35%
	09	Aðrar	35%
73.30	00	**Akkeri, drekar og hlutar til þeirra, úr járni eða stáli**	4%

73.31		**Naglar, stifti, lykkjur, kengir, kassakrækjur, sinklar, bólunaglar, spíkarar og teiknibólur, úr járni eða stáli, einnig með haus úr öðrum efnum, þó ekki kopar:**	
	01	Galvanhúðaður saumur	50%
	02	Annað	50%
37.32	00	**Boltar og rær, með eða án skrúfugangs, skrúfur og skrúfnaglar, (þar með taldir skrúfkrókar og augaskrúfur), úr járni eða stáli; hnoð, fleinar, spenniskífur og undirlagsplötur úr járni eða stáli**	35%
73.33	00	**Saumnálar, hannyrðanálar, teppanálar, bandprjónar, heklnálar o. þ. h., hannyrðateinar, úr járni eða stáli, einnig efni í þessar vörur**	50%
73.34	00	**Títuprjónar, öryggisnælur, hárnálar, hárliðunarklemmur og aðrar áþekkar vörur úr járni eða stáli (þó ekki hattprjónar og aðrir prjónar til skrauts)**	50%
73.35	00	**Fjaðrir og fjaðrablöð úr járni eða stáli**	35%
73.36		**Ofnar, eldavélar, eldstór (einnig þótt þær séu aukalega með geymi til miðstöðvarhitunar), arnar og önnur lofthitunartæki, bakaraofnar, suðuáhöld, hitaplötur með brennara, þvottapottar með eldstó eða brennara og áþekkur útbúnaður til heimilisnotkunar, einnig hlutar til þessara áhalda, úr járni eða stáli, enda sé ekki um rafmagnstæki að ræða:**	
	01	Eldavélar, ofnar og hlutar til þeirra, fyrir kol og annað fast eldsneyti	35%
	02	Eldavélar, ofnar og hlutar til þeirra, fyrir fljótandi eldsneyti	35%
	03	Gasofnar, gaseldavélar og hlutar til þeirra	35%
	09	Annað	35%
73.37		**Miðstöðvarkatlar (þó ekki gufukatlar, er teljast til nr. 84.10), lofthitarar, miðstöðvarofnar og önnur tæki til miðstöðvarhitunar, þó ekki fyrir rafmagn, og hlutar til þessara tækja, úr járni eða stáli:**	
	01	Miðstöðvarkatlar og hlutar til þeirra	35%
	02	Miðstöðvarofnar	35%
	03	Hlutar til miðstöðvarofna (þar með talin ofnrif (element))	15%
	09	Annað	35%
73.38		**Áhöld til heimilishalds, hreinlætistæki til innanhússnota, og hlutar til slíkra vara, úr járni eða stáli:**	
		Búsáhöld og hlutar til þeirra:	
	11	Úr ryðfríu stáli	100%
	19	Annað	100%
		Hreinlætistæki til innanhússnota og hlutar til þeirra:	
	21	Skálar úr ryðfríu stáli, pressaðar til vaskagerðar, en ekki frekar unnar	70%
	22	Hreinlætistæki og hlutar til þeirra, úr ryðfríu stáli	80%
	23	Vörur til hjúkrunar og lækninga	35%
	29	Annað	80%
73.39		**Járn- og stálull; pottahreinsarar, svampar, hanzkar o. þ. h. til hreinsunar og fágunar, úr járni eða stáli:**	
	01	Járn- og stálull	35%
	09	Annað	100%
73.40		**Aðrar vörur úr járni eða stáli:**	
	10	*Vörur úr steypujárni, grófmótaðar (in the rough state)*	10%
	20	*Vörur úr steypustáli, grófmótaðar*	10%
	30	*Grófunnin járn- og stálsmíði (þar með talin fallsmíði (drop forgings)*	10%
		Annars:	
	41	Veiðarfæralásar, sigurnaglar, bobbingar, hleraskór, netjakúlur og sökkur	2%
	42	Fiskkassar, fiskkörfur og línubalar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	4%
	43	Girðingarstaurar	20%
	44	Grindur og kassar til flutnings á mjólkurflöskum og mjólkurhyrnum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	4%

45	Úraarmbönd	50%
46	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
47	Drykkjarker fyrir skepnur	35%
48	Jarðstrengsmúffur og tengidósir fyrir raflagnir	35%
49	Aðrar vörur úr járni eða stáli, ót. a.	70%

74. kafli.

Kopar og vörur úr honum.

Athugasemdir:

1. Með *koparforlegeringum (master alloys)* (nr. 74.02) er átt við þær legeringar af kopar og öðrum efnum í hvers konar hlutföllum, sem ekki eru nothæfar til völsunar eða smíða, og sem venjulega eru notaðar sem íblöndunarefni við framleiðslu á öðrum legeringum eða sem eyðandi efni á súrefni, brennistein eða til annars þess háttar við framleiðslu á málmum, sem innihalda ekki járn. Koparfosfit, sem í er meira en 8% af fosfór miðað við þunga, telst til nr. 28.55.
2. Eftirtalin orð hafa í þessum kafla þá merkingu, sem tilgreind er við hvert þeirra:
   a. *Vír* (nr. 74.03):
   Völsuð, þrykkt eða dregin óhol framleiðsla með hvers kyns löguðu þversniði og mesta þvermáli 6 mm eða minna.
   b. *Unnar stengur, teinar, horn og prófílar* (nr. 74.03):
   Völsuð, þrykkt, dregin eða hömruð óhol framleiðsla, að mesta þvermáli yfir 6 mm, og sem útflött hefur meiri þykkt en svarar tíunda hluta breiddarinnar. Einnig steypt eða glædd framleiðsla sömu lögunar og stærðar, sem síðar hefur verið unnin á yfirborði (meira en svo, að aðeins hafi verið fjarlægðar ójöfnur eða glóðarleifar).
   c. *Unnar plötur, þynnur og ræmur* (nr. 74.04):
   Unnin framleiðsla með flötu yfirborði (hringuð upp eða ekki), að mesta þvermáli yfir 6 mm og að þykkt meira en 0,15 mm, sem þó sé ekki yfir einum tíunda hluta breiddarinnar.

   Nr. 74.04 tekur meðal annars til slíkrar framleiðslu þótt hún sé tilskorin, götuð, boruð, með hryggjum eða rásum, fáguð eða húðuð, enda fái hún ekki við þessa meðferð einkenni framleiðslu, sem telst til annarra tollskrárnúmera.
3. Nr. 74.07 tekur meðal annars til pípna og holra stanga, sem hafa verið fágaðar eða húðaðar eða formaðar eða unnar, svo sem beygðar, hringaðar, skrúfskornar, boraðar, þrengdar, keilusniðnar eða settar krögum. Nr. 74.08 tekur meðal annars til pípuhluta (fittings), sem hafa fengið svipaða meðferð.

74.01		**Koparsteinn, óunninn kopar (einnig hreinsaður); koparúrgangur og brotakopar:**	
	10	*Koparsteinn*	5%
	20	*Koparúrgangur og brotakopar*	5%
	30	*Kopar óhreinsaður*	5%
	40	*Kopar hreinsaður*	5%
74.02	00	**Koparforlegeringar (master alloys)**	5%
74.03		**Stengur, prófílar og vír, úr kopar:**	
	01	Stengur og prófílar	5%
	02	Vír	35%
74.04	00	**Plötur og ræmur, úr kopar**	5%

74.05	**00**	**Koparþynnur, sem eru í mesta lagi 0,15 mm að þykkt (án undirlags), einnig upphleyptar, mynstraðar, tilskornar, gataðar, húðaðar, áprentaðar eða festar á pappír eða annað efni til styrktar:**	
	01	Þynnur í vatnskassaelement	15%
	09	Annað	35%
74.06	**00**	**Koparduft og koparflögur**	30%
74.07	**00**	**Pípur, pípuefni og holar stengur, úr kopar:**	
	01	Úr fosfór bronze-legumálmi óunnum	15%
	09	Annað	35%
74.08	**00**	**Pípufittings úr kopar, t. d. tengi, hné, hólkar og beygjur**	35%
74.09	**00**	**Geymar, ker og önnur þess konar ílát úr kopar, með yfir 300 lítra rúmtaki, undir alls konar efni, einnig klædd að innan eða hitaeinangruð, en ekki með mekanísk tæki eða útbúnað fyrir upphitun eða kælingu**	50%
74.10	**00**	**Margþættur vír, strengir, kaðlar, vírfléttur o. þ. h. úr kopar (þó ekki einangraðir rafmagnsstrengir)**	35%
74.11	**00**	**Vírnet, vírdúkur, styrktarvefnaður o. þ. h. (einnig endalaus bönd), úr koparvír**	35%
74.12	**00**	**Möskvateygðar (expanded) plötur úr kopar**	20%
74.13	**00**	**Keðjur og keðjuhlutar, úr kopar**	60%
74.14	**00**	**Naglar, stifti, lykkjur, kengir, krækjur, sinklar, bólunaglar, spíkarar og teiknibólur, úr kopar, eða úr járni eða stáli með koparhaus**	50%
74.15	**00**	**Boltar og rær, með eða án skrúfugangs, skrúfur og skrúfnaglar (þar með talið skrúfukrókar og augaskrúfur); hnoð, fleinar, spenniskífur, undirlagsplötur, úr kopar**	35%
74.16	**00**	**Fjaðrir úr kopar**	35%
74.17	**00**	**Suðu- og hitunartæki af því tagi, sem almennt eru notuð á heimilum — ekki rafmagnstæki — og hlutar til þeirra, úr kopar**	70%
74.18	**00**	**Önnur áhöld til heimilishalds, hreinlætistæki til notkunar innanhúss, og hlutar til þessara tækja og vara, úr kopar:**	
	01	Hreinlætistæki til innanhúsnota og hlutar til þeirra	80%
	09	Annað	100%
74.19		**Aðrar vörur úr kopar:**	
	01	Veiðarfæralásar, sigurnaglar, snurpunótahringir o. þ. h. til veiðarfæra, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%
	02	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
	03	Rafmagnstengidósir	35%
	09	Annars	70%

75. kafli.

Nikkill og vörur úr honum.

Athugasemdir:

1. Eftirtalin orð hafa í þessum kafla þá merkingu, sem tilgreint er við hvert þeirra:
   a. *Vír* (nr. 75.02):
   Völsuð, þrykkt eða dregin óhol framleiðsla með hvers kyns löguðu þversniði og mesta þvermáli 6 mm eða minna.
   b. *Unnar stengur, teinar, horn og prófilar* (nr. 75.02).
   Völsuð, þrykkt, dregin eða hömruð óhol framleiðsla, að mesta þvermáli yfir 6 mm, og sem útflött hefur meiri þykkt en svarar tíunda hluta breiddarinnar. Einnig steypt eða glædd framleiðsla sömu lögunar og stærðar, sem síðar hefur verið unnin á yfirborði (meira en svo, að aðeins hafi verið fjarlægðar ójöfnur eða glóðarleifar).

c. *Unnar plötur, þynnur og ræmur* (nr. 75.03).
Unnin framleiðsla með flötu yfirborði (hringuð upp eða ekki), að mesta þvermáli yfir 6 mm og að þykkt ekki meira en einn tíundi hluti breiddarinnar.

Nr. 75.03 tekur meðal annars til slíkrar framleiðslu þótt hún sé tilskorin, götuð, boruð, með hryggjum eða rásum, fáguð eða húðuð, enda fái hún ekki við þessa meðferð einkenni framleiðslu, sem telst til annarra tollskrárnúmera.

2. Nr. 75.04 tekur meðal annars til pípna og holra stanga (og hluta þeirra (fittings)), sem hafa verið fágaðar eða húðaðar eða formaðar eða unnar, svo sem beygðar, hringaðar, skrúfskornar, boraðar, þrengdar, keilusniðnar eða settar krögum.

75.01		**Nikkilsteinn, nikkilspeis, önnur millistigsframleiðsla á nikkli; óunninn nikkill (þó ekki forskaut (electro-plating anodes), er teljast til nr. 75.05), nikkilúrgangur og brotanikkill:**	
	10	*Nikkilsteinn, nikkilspeis og önnur millistigsframleiðsla á nikkli*	5%
	20	*Nikkilúrgangur og brotanikkill*	5%
	30	*Nikkill óunninn*	5%
75.02		**Stengur, prófílar og vír, úr nikkli:**	
	01	Stengur og prófílar úr nikkli	5%
	02	Vír úr nikkli	35%
75.03		**Plötur og ræmur úr nikkli, nikkilþynnur; nikkilduft og nikkilflögur:**	
	01	Nikkilduft	30%
	09	Annað	5%
75.04	00	**Pípur, pípuefni, holar stengur og pípuhlutar (svo sem tengi, hné, hólkar og kragar), úr nikkli**	35%
75.05	00	**Forskaut úr nikkli (þar með talin forskaut framleidd við rafgreiningu), unnin og óunnin**	5%
75.06		**Aðrar vörur úr nikkli:**	
	01	Naglar, stifti, skrúfur o. þ. h.	50%
	02	Hreinlætistæki	80%
	03	Búsáhöld	100%
	09	Annars	70%

76. kafli.

Alúmín og vörur úr því.

Athugasemdir:

1. Eftirtalin orð hafa í þessum kafla þá merkingu, sem tilgreint er við hvert þeirra:
a. *Vír (nr. 76.02):*
Völsuð, þrykkt eða dregin óhol framleiðsla með hvers kyns löguðu þversniði og mesta þvermáli 6 mm eða minna.
b. *Unnar stengur, teinar, horn og prófílar* (nr. 76.02).
Völsuð, þrykkt, dregin eða hömruð óhol framleiðsla, að mesta þvermáli yfir 6 mm, og sem útflött hefur meiri þykkt en svarar tíunda hluta breiddarinnar. Einnig steypt eða glædd framleiðsla sömu lögunar og stærðar, sem síðar hefur verið unnin á yfirborði (meira en svo, að aðeins hafi verið fjarlægðar ójöfnur eða glóðarleifar).
c. *Unnar plötur, þynnur og ræmur* (nr. 76.03).
Unnin framleiðsla með flötu yfirborði (hringuð upp eða ekki), að mesta þvermáli yfir 6 mm og að þykkt meira en 0,15 mm, sem þó sé ekki yfir einum tíunda hluta breiddarinnar.

Nr. 76.03 tekur meðal annars til slíkrar framleiðslu þótt hún sé tilskorin, götuð, boruð, með hryggjum eða rásum, fáguð eða húðuð, enda fái hún ekki við þessa meðferð einkenni framleiðslu, sem telst til annarra tollskrárnúmera.

2. Nr. 76.06 tekur meðal annars til pípna og holra stanga, sem hafa verið fágaðar eða húðaðar eða formaðar eða unnar, svo sem beygðar, hringaðar, skrúfskornar, boraðar, þrengdar, keilusniðnar eða settar krögum. Nr. 76.07 tekur meðal annars til pípuhluta (fittings), sem hafa fengið svipaða meðferð.

76.01		**Alúmín óunnið; alúmínúrgangur og brotaalúmín:**	
	10	*Alúmínúrgangur og brotaalúmín*	5%
	20	*Alúmín óunnið*	5%
76.02		**Stengur, prófílar og vír, úr alúmíni:**	
	01	Stengur og prófílar	5%
	09	Annað	35%
76.03	00	**Plötur og ræmur úr alúmíni**	5%
76.04		**Alúmínþynnur, sem eru í mesta lagi 0,15 mm að þykkt (án undirlags), einnig upphleyptar og mynstraðar, tilskornar, gataðar, húðaðar, áprentaðar eða festar á pappír eða annað efni til styrktar:**	
	01	Efni í hettur á mjólkurflöskur	20%
	09	Aðrar	35%
76.05	00	**Alúmínduft og alúmínflögur**	30%
76.06	00	**Pípur, pípuefni og holar stengur, úr alúmíni:**	
	01	Prófílpípur til smíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	5%
	09	Annað	35%
76.07	00	**Pípufittings (t. d. tengi, hné, hólkar og beygjur), úr alúmíni**	35%
76.08		**Mannvirki (t. d. skemmur og aðrar byggingar, brýr og brúarhlutar, turnar, súlnagrindur, þök, þakgrindur, glugga- og hurðagrindur, hlerar, stöplar og súlur), hálf- eða fullunnin, samsett eða ósamsett, og hlutar til þeirra (þar með taldar plötur, stengur, bjálkar, prófílar, pípur o. þ. h., tilsniðið til notkunar í mannvirki), úr alúmíni**	40%
76.09	00	**Geymar, ker og önnur slík stór ílát úr alúmíni, með yfir 300 lítra rúmtaki undir alls konar efni, einnig klædd að innan og hitaeinangruð, en ekki með mekanískum tækjum eða útbúnað fyrir upphitun eða kælingu**	50%
76.10		**Föt, tunnur, brúsar og áþekk ílát (þar með stíf og sveigjanleg pípulaga ílát), úr alúmíni, venjulega notuð við flutning á vörum eða sem umbúðir:**	
	01	Mjólkurbrúsar 10 l eða stærri	10%
	02	Grindur og kassar til flutnings á mjólkurflöskum og mjólkurhyrnum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	20%
	03	Tunnur	30%
	04	Skálpar (túbur)	35%
	05	Niðursuðudósir	50%
	09	Annað	60%
76.11	00	**Hylki og ílát undir samanþjappaðar gastegundir og önnur áþekk ílát, úr alúmíni**	35%
76.12	00	**Margþættur vír, strengir, kaðlar, vírfléttur o. þ. h. úr alúmíni, þó ekki einangraðir rafmagnsstrengir**	35%
76.13		**Vírnet, vírdúkur, styrktarvefnaður o. þ. h. úr alúmínvír:**	
	01	Steypustyrktar- og múrhúðunarnet	35%
	02	Girðingarnet úr vír, sem ekki er grennri en 2 mm í þvermál	20%
	09	Annað	35%
76.14	00	**Möskvateygðar (expanded) plötur úr alúmíni**	20%

76.15		**Áhöld til heimilishalds, hreinlætistæki til innanhússnota og hlutar til slíkra vara, úr alúmíni:**	
	01	Hreinlætistæki	80%
	02	Búsáhöld	100%
76.16		**Aðrar vörur úr alúmíni:**	
	01	Netjakúlur	2%
	02	Fiskkassar, fiskkörfur og línubalar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	4%
	03	Naglar, stifti, skrúfur o. þ. h.	35%
	04	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
	05	Drykkjarker fyrir skepnur	15%
	06	Einangrunarplötur	40%
	07	Hettur á mjólkurflöskur	20%
	08	Bólur til gatnamerkingar	35%
	09	Annars	70%

77. kafli.

Magnesíum og beryllíum og vörur úr þessum málmum.

77.01		**Magnesíum óunnið; úrgangur (þó ekki spænir af jafnri stærð) og brotamagnesíum:**	
	10	*Magnesíumúrgangur og brotamagnesíum*	15%
	20	*Óunnið magnesíum*	15%
77.02	00	**Stengur og prófílar úr magnesíum; magnesíumvír; plötur, ræmur og þynnur úr magnesíum; einnig spænir af jafnri stærð, duft og flögur, úr magnesíum; pípur, pípuefni og holar stengur, úr magnesíum**	35%
77.03	00	**Aðrar vörur úr magnesíum, ót. a.**	35%
77.04	00	**Beryllíum, unnið eða óunnið, og vörur úr því**	35%

78. kafli.

Blý og vörur úr því.

Athugasemdir:

1. Eftirtalin orð hafa í þessum kafla þá merkingu, sem tilgreint er við hvert þeirra:
   a. *Vír* (nr. 78.02):
      Völsuð, þrykkt eða dregin óhol framleiðsla með hvers kyns löguðu þversniði og mesta þvermáli 6 mm eða minna.
   b. *Unnar stengur, teinar, horn og prófílar* (nr. 78.02).
      Völsuð, þrykkt, dregin eða hömruð óhol framleiðsla, að mesta þvermáli yfir 6 mm, og sem útflött hefur meiri þykkt en svarar tíunda hluta breiddarinnar. Einnig steypt eða glædd framleiðsla sömu lögunar og stærðar, sem síðar hefur verið unnin á yfirborði (meira en svo, að aðeins hafi verið fjarlægðar ójöfnur eða glóðarleifar).
   c. *Unnar plötur, þynnur og ræmur* (nr. 78.03).
      Unnin framleiðsla með flötu yfirborði (hringuð upp eða ekki), að mesta þvermáli yfir 6 mm og að þykkt ekki meira en einn tíundi hluti breiddarinnar og er að þyngd yfir 1,7 kg/m².

   Nr. 78.03 tekur meðal annars til slíkrar framleiðslu þótt hún sé tilskorin, götuð, boruð, með hryggjum eða rásum, fáguð eða húðuð, enda fái hún ekki við þessa meðferð einkenni framleiðslu, sem telst til annarra tollskrárnúmera.

2. Nr. 78.05 tekur meðal annars til pípna og holra stanga (og hluta þeirra (fittings)), sem hafa verið fágaðar eða húðaðar eða formaðar eða unnar, svo sem beygðar, hringaðar, skrúfskornar, boraðar, þrengdar, keilusniðnar eða settar krögum.

78.01		**Blý óunnið (þar með talið blý með silfurinnihaldi); blýúrgangur og brotablý:**	
	10	*Blýúrgangur og brotablý*	15%
	20	*Óunnið blý*	15%
78.02		**Stengur, prófílar og vír úr blýi:**	
	01	Stengur og prófílar	15%
	02	Vír	35%
78.03	00	**Plötur og ræmur úr blýi**	15%
78.04	00	**Blýþynnur, sem vega ekki meira en 1,7 kg/m² (án undirlags), einnig upphleyptar, mynstraðar, tilskornar, gataðar, húðaðar, áprentaðar eða festar á pappír eða annað efni til styrktar; blýduft og blýflögur:**	
	01	Blýduft	15%
	09	Annað	35%
78.05	00	**Pípur, pípuefni, holar stengur og pípuhlutar (svo sem tengi, hné, hólkar og S-beygjur), úr blýi**	35%
78.06		**Aðrar vörur úr blýi:**	
	01	Sökkur, netja- og nótablý o. þ. h. til veiðarfæra, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	2%
	02	Vörur sérstaklega til skipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
	03	Skálpar (túbur)	35%
	09	Annars	70%

79. kafli.

Zink og vörur úr því.

Athugasemdir:

1. Eftirtalin orð hafa í þessum kafla þá merkingu, sem tilgreint er við hvert þeirra:
   a. *Vír* (nr. 79.02):
   Völsuð, þrykkt eða dregin óhol framleiðsla með hvers kyns löguðu þversniði og mesta þvermáli 6 mm eða minna.
   b. *Unnar stengur, teinar, horn og prófílar* (nr. 79.02).
   Völsuð, þrykkt, dregin eða hömruð óhol framleiðsla, að mesta þvermáli yfir 6 mm, og sem útflött hefur meiri þykkt en svarar tíunda hluta breiddarinnar. Einnig steypt eða glædd framleiðsla sömu lögunar og stærðar, sem síðar hefur verið unnin á yfirborði (meira en svo, að aðeins hafi verið fjarlægðar ójöfnur eða glóðarleifar).
   c. *Unnar plötur, þynnur og ræmur* (nr. 79.03).
   Unnin framleiðsla með flötu yfirborði (hringuð upp eða ekki), að mesta þvermáli yfir 6 mm og að þykkt ekki meira en einn tíundi hluti breiddarinnar.
   Nr. 79.03 tekur meðal annars til slíkrar framleiðslu þótt hún sé tilskorin, götuð, boruð, með hryggjum eða rásum, fáguð eða húðuð, enda fái hún ekki við þessa meðferð einkenni framleiðslu, sem telst til annarra tollskrárnúmera.
2. Nr.79.04 tekur meðal annars til pípna og holra stanga (og hluta þeirra (fittings)), sem hafa verið fágaðar eða húðaðar eða formaðar eða unnar, svo sem beygðar, hringaðar, skrúfskornar, boraðar, þrengdar, keilusniðnar eða settar krögum.

79.01		**Zink óunnið; zinkúrgangur og brotazink:**	
	10	*Zinkúrgangur og brotazink*	15%
	20	*Óunnið zink*	15%
79.02		**Stengur, prófílar og vír, úr zinki:**	
	01	Stengur og prófílar	15%
	02	Vír	35%
79.03		**Plötur og ræmur úr zinki; zinkþynnur; zinkduft og zinkflögur:**	
	10	*Zinkduft*	30%
	20	*Zinkplötur, zinkræmur, zinkþynnur og zinkflögur*	15%
79.04	00	**Pípur, pípuefni, holar stengur og pípuhlutar (svo sem tengi, hné, hólkar og beygjur), úr zinki**	35%
79.05	00	**Þakrennur, mænisplötur, gluggakarmar og aðrir tilbúnir byggingahlutar, úr zinki**	60%
79.06		**Aðrar vörur úr zinki:**	
	01	Naglar, stifti, skrúfur o. þ. h.	50%
	02	Hreinlætistæki	80%
	03	Búsáhöld	100%
	04	Skálpar (túbur)	35%
	05	Forskaut	15%
	09	Annars	70%

80. kafli.

Tin og vörur úr því.

Athugasemdir:

1. Eftirtalin orð hafa í þessum kafla þá merkingu, sem tilgreint er við hvert þeirra:
   a. *Vír* (nr. 80.02):
   Völsuð, þrykkt eða dregin óhol framleiðsla með hvers kyns löguðu þversniði og mesta þvermáli 6 mm eða minna.
   b. *Unnar stengur, teinar, horn og prófílar* (nr. 80.02).
   Völsuð, þrykkt, dregin eða hömruð óhol framleiðsla, að mesta þvermáli yfir 6 mm, og sem útflött hefur meiri þykkt en svarar tíunda hluta breiddarinnar. Einnig steypt eða glædd framleiðsla sömu lögunar og stærðar, sem síðar hefur verið unnin á yfirborði (meira en svo, að aðeins hafi verið fjarlægðar ójöfnur eða glóðarleifar).
   c. *Unnar plötur, þynnur og ræmur* (nr. 80.03).
   Unnin framleiðsla með flötu yfirborði (hringuð upp eða ekki), að mesta þvermáli yfir 6 mm og að þykkt ekki meira en einn tíundi hluti breiddarinnar og að þyngd yfir 1 kg/m².
   Nr. 80.03 tekur meðal annars til slíkrar framleiðslu þótt hún sé tilskorin, götuð, boruð, með hryggjum eða rásum, fáguð eða húðuð, enda fái hún ekki við þessa meðferð einkenni framleiðslu, sem telst til annarra tollskrárnúmera.
2. Nr. 80.05 tekur meðal annars til pípna og holra stanga (og hluta þeirra (fittings)), sem hafa verið fágaðar eða húðaðar eða formaðar eða unnar, svo sem beygðar, hringaðar, skrúfskornar, boraðar, þrengdar, keilusniðnar eða settar krögum.

80.01		**Tin óunnið; tinúrgangur og brotatin:**	
	10	*Tinúrgangur og brotatin*	15%
	20	*Óunnið tin*	15%
80.02		**Stengur, prófílar og vír úr tini:**	
	01	Stengur (þ. á m. lóðtin) og prófílar	15%
	02	Vír	35%

80.03	00	**Plötur og ræmur úr tini**	15%
80.04	00	**Tinþynnur, sem vega ekki meira en 1 kg/m² (án undirlags), einnig upphleyptar, mynstraðar, tilskornar, gataðar, húðaðar, áprentaðar eða festar á pappír eða annað efni til styrktar; tinduft og tinflögur**	35%
80.05	00	**Pípur, pípuefni, holar stengur og pípuhlutar (svo sem tengi, hné, hólkar, beygjur), úr tini**	35%
80.06		**Aðrar vörur úr tini:**	
	01	Skálpar (túbur)	35%
	02	Búsáhöld	100%
	09	Annars	70%

81. kafli.

Aðrir ódýrir málmar og vörur úr þeim.

Athugasemd:

Til nr. 81.04 teljast aðeins eftirtaldir ódýrir málmar: Vismút, kadmíum, kóbalt, króm, gallíum, germaníum, hafníum, indíum, mangan, níob, rhenium, antímón, títan, thóríum, thallíum, úraníum, vanadín og zirkon. Til þessa númers teljast einnig kóbaltsteinn, „cobalt speiss“ og önnur áþekk millistigsframleiðsla kóbaltvinnslu.

81.01	00	**Wolfram óunnið og unnið, og vörur úr því**	15%
81.02	00	**Molybden óunnið og unnið, og vörur úr því**	15%
81.03	00	**Tantal óunnið og unnið, og vörur úr því**	15%
81.04		**Aðrir ódýrir málmar, óunnir og unnir, og vörur úr þeim; „cermets“:**	
	10	*Úraníum og thóríum*	15%
	20	*Annars*	15%

82. kafli.

Verkfæri, áhöld, hnífar, skeiðar og gafflar, úr ódýrum málmum; hlutar til þeirra.

Athugasemdir:

1. Þegar undan eru skildir lóðunarlampar, hreyfanlegar smiðjur, slípitæki fest á grind, áhöld til hand- og fótsnyrtingar og vörur þær, er teljast til nr. 82.07 og 82.15, eru í 82. kafla einungis vörur með blaði, egg eða öðrum svipuðum vinnandi hluta úr:
   a. Ódýrum málmi.
   b. Málmkarbíð fest á ódýran málm.
   c. Eðal- og hálfeðalsteinum (náttúrlegum, syntetískum eða endurgerðum) festum á ódýran málm.
   d. Slípiefni fest á ódýran málm, enda séu vörurnar með tönnum, egg eða öðru þess háttar úr ódýrum málmi og eiginleikar málmsins hverfi ekki með áfestingu slípiefnisins.
2. Hlutar úr ódýrum málmi til þeirra vara, er teljast til þessa kafla, flokkast til sömu númera og vörur þær, er hlutarnir eru ætlaðir til, þó að undanskildum hlutum þeim, sem eru sérstaklega tilgreindir, og festingum fyrir handverkfæri (nr. 84.48). Hlutar til almennra nota, sem skýrgreindir eru í 2. athugasemd við XV. flokk, teljast þó aldrei til þessa kafla.

   Hálfgerðar vörur, er teljast til þessa kafla, einnig hálfgerðir hlutar þeir, er samkvæmt ofan rituðu teljast til þessa kafla, flokkast á sama hátt og fullgerðar vörur.

   Skurðtæki í rafmagnshárklippur teljast til nr. 82.13, og blöð og skurðhöfuð í rafmagnsrakvélar teljast til nr. 82.11.

3. Vörur, er teljast til ýmissa númera þessa kafla og eru fluttar inn sem samstæður pakkaðar í kassa, öskjur, hylki eða annað þess háttar, flokkast til þess númers, sem er með hæstum tolli. Áhöld í samstæðum til hand- og fótsnyrtingar teljast þó til nr. 82.13.
4. Öskjur, kassar, hylki og annað þess háttar, sem flutt er inn með vörum þeim, er teljast til þessa kafla, flokkast til sama númers og tilsvarandi vara, enda sé það ætlað til umbúða um vörurnar og sé að jafnaði selt með þeim. Öskjur, kassar, hylki og annað þess háttar, sem flutt er inn sér í lagi, flokkast í samræmi við gerð þess.

82.01		**Eftirtalin handverkfæri: Spaðar, skóflur, hakar alls konar, hlújárn, gafflar og hrífur; axir og önnur svipuð höggverkfæri; ljáir, sigðir, trjáklippur, fleygar og önnur verkfæri til notkunar við landbúnað, garðyrkju og skógrækt:**	
	01	Ljáir og ljáblöð	20%
	09	Annað	35%
82.02	00	**Handsagir og sagarblöð fyrir handsagir og vélsagir (einnig tannlaus sagarblöð)**	35%
82.03	00	**Eftirtalin handverkfæri: Naglbítar, klippitengur, griptengur og aðrar slíkar tengur, einnig til að klippa eða skera; gatjárn og gattengur; pípuskerar; boltaskerar og annað þess háttar, málmklippur; skrúflyklar; þjalir og raspar**	35%
82.04	00	**Handverkfæri og handáhöld (þar með talin samsett glerskurðartæki), sem teljast ekki til einhvers annars númers þessa kafla; blásturslampar, steðjar; skrúfstykki og þvingur (þó ekki vélskrúfstykki); færanlegar smiðjur og slípisteinar með umbúnaði (hand- eða fótsnúnir)**	35%
82.05	00	**Skiptiverkfæri í handverkfæri, mekanísk handverkfæri og -smíðavélar (t. d. til að pressa stansa, bora, snitta, fræsa, skera, snúa, víkka, þrengja og skrúfa), hér með talin mót til að draga málmþráð og pressa heita málma, einnig stjörnur á grjótbora**	35%
82.06	00	**Hnífar og skurðarblöð í vélar og mekanísk tæki**	35%
82.07	00	**Plötur, stengur og oddar og aðrir þess konar lausir hlutar í verkfæri, úr hálfbræddum málmkarbídum (t. d. karbíd úr wolfram, molybden og vanadíum)**	35%
82.08	00	**Kaffikvarnir, hakkavélar, safapressur og önnur mekanísk búsáhöld til framleiðslu á matvælum og drykkjarföngum, enda sé þunginn ekki meira en 10 kg hvert stykki**	70%
82.09		**Hnífar, sem ekki teljast til nr. 82.06, með skerandi eða sagtenntri egg:**	
	01	Borðhnífar	100%
	09	Aðrir	100%
82.10	00	**Hnífablöð**	35%
82.11	00	**Rakhnífar og blöð til þeirra, rakvélar og rakvélablöð (þar með talið efni í rakvélablöð, einnig bandlaga)**	100%
82.12		**Skæri og blöð til þeirra:**	
	01	Sauðaklippur, síldarklippur og blöð til þeirra	35%
	09	Önnur	100%
82.13	00	**Önnur verkfæri til að skera og klippa (t. d. greinaklippur, hárklippur, kjötaxir og pappírshnífar), áhöld til hand- og fótsnyrtingar (þar með taldar naglþjalir), einnig í samstæðum:**	
	01	Skurðhnífar og kambar í sauðaklippur	35%
	09	Annað	75%
82.14	00	**Skeiðar, gafflar, fiskhnífar, smjörhnífar, sleifar og önnur svipuð áhöld til notkunar í eldhúsi og til að matast með**	100%
82.15	00	**Sköft úr ódýrum málmi til vara þeirra, er teljast til nr. 82.09, 82.13 og 82.14**	35%

83. kafli.

Ýmsar vörur úr ódýrum málmi.

Athugasemd:

Í þessum kafla er með hugtakinu *hlutar* aldrei átt við virkaðla, keðjur, nagla, bolta, rær, skrúfur, fjaðrir og aðrar vörur úr járni og stáli, er teljast til nr. 73.25, 73.29, 73.31, 73.32 og 73.35, og eigi heldur við sams konar vörur úr öðrum ódýrum málmum, er teljast til 74.—81. kafla.

83.01	00	**Lásar og skrár (til notkunar með lykli, rafmagni eða öðru) og hlutar til þeirra, úr ódýrum málmum; rammar með lás fyrir handtöskur, ferðakistur og annað þess háttar og hlutar til þeirra, úr ódýrum málmum; lyklar til allra ofan greindra vara, fullgerðir eða ófullgerðir, úr ódýrum málmum**	40%
83.02	00	**Smávarningur og annað þess háttar, úr ódýrum málmum, til að búa, slá eða leggja með ýmsa hluti, svo sem húsgögn, hurðir, stiga, glugga, vindugluggа, tjöld; enn fremur til vagngerðar, söðlasmíði, ferðakista, skrína og annars þess háttar (þar með taldar sjálfvirkar dyralokur); snagar, fatahengi, hilluhné og annað þess háttar úr ódýrum málmum**	40%
83.03	00	**Peningaskápar og öryggishólf, eldtraust eða styrkt með öðrum hætti, hurðir í slíka skápa og hólf, einnig peningakassar, skjalakassar og þess háttar styrkt með einhverjum hætti, úr ódýrum málmum**	100%
83.04	00	**Spjaldskrárkassar, skjalagrindur, sundurgreiningarkassar, bréfabakkar, handritahaldarar og annað þess háttar til notkunar í skrifstofum, úr ódýrum málmum (þó ekki skrifstofuhúsgögn, er teljast til nr. 94.03)**	100%
83.05	00	**Smávarningur og útbúnaður fyrir lausblaðabindi, bréfabindi, bókhaldsbækur og annað þess háttar, úr ódýrum málmum; bréfahaldarar, bréfaklemmur, heftiklemmur, merki í spjaldskrár og aðrar svipaðar vörur til notkunar í skrifstofum, úr ódýrum málmum:**	
	01	Stifti í heftivélar	50%
	09	Annað	80%
83.06	00	**Myndastyttur og aðrir hlutir til skrauts innanhúss, úr ódýrum málmum**	100%
83.07		**Lýsingartæki og hlutar til þeirra, úr ódýrum málmum (þó ekki slökkvarar, falir fyrir rafmagnslampa, rafmagnslugtir fyrir ökutæki, rafhlöðu- og rafalslugtir og aðrar vörur, er teljast til 85. kafla):**	
	01	Duflaljósker og hlutar til þeirra	15%
	02	Siglingaljósker, olíulampar, gasljósatæki og hlutar til þeirra	35%
	03	Lampar sérstaklega gerðir til notkunar við uppskurði (operation lamps)	35%
	04	Götuljósker, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	*35%
	05	Flúrskinslampar	70%
	09	Annað	90%
83.08	00	**Beygjanlegar pípur (barkar) úr ódýrum málmum**	35%
83.09		**Spennur, töskurammar, sylgjur, krókar, lykkjur, reimkrókar og aðrar svipaðar vörur úr ódýrum málmum almennt notaðar til fatnaðar, skófatnaðar, ferðaútbúnaðar, handtaskna og annars þess háttar; holhnoð og klaufhnoð úr ódýrum málmum:**	
	01	Spennur, krókapör, reimkrókar og aðrar svipaðar vörur úr ódýrum málmum, til skósmíða, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	40%
	09	Annað	40%
83.10	00	**Perlur og paljettur, úr ódýrum málmum**	70%

83.11	00	**Bjöllur og klukkur (ekki rafmagns), einnig hlutar til þeirra, úr ódýrum málmum**	80%
83.12	00	**Rammar úr ódýrum málmum fyrir ljósmyndir, málverk og annað þess háttar; speglar úr ódýrum málmum**	70%
83.13		**Tappar, „crown corks", flöskuhettur, lok, spons með skrúfugangi, sponslok, flöskulok, innsiglisplúmbur, hornhlífar og annar þess háttar smávarningur til umbúða, úr ódýrum málmum:**	
	01	Spons (einnig með skrúfugangi) og sponslok, úr ódýrum málmum	30%
	02	Flöskuhettur úr ódýrum málmum	70%
	03	Áprentuð lok á dósir um útflutningsafurðir, enda sé á þeim viðeigandi áletrun	4%
	09	Annað	70%
83.14	00	**Skilti, nafnplötur, tölustafir, bókstafir og annað þess háttar, úr ódýrum málmum**	70%
83.15	00	**Þráður, stengur, pípur, plötur, rafsuðuvír og aðrar þess konar vörur, úr ódýrum málmum eða málmkarbídum, þaktar eða fylltar með flússefni, til notkunar við lóðun, logsuðu og rafsuðu á málmum eða málmkarbídum; þráður og stengur úr pressuðu dufti af ódýrum málmum, til notkunar við málmhúðun með úðun**	15%

XVI. flokkur.

Vélar, tæki og mekanísk áhöld; rafmagnsútbúnaður; hlutar til þessara vara.

Athugasemdir:

1. Til þessa flokks telst ekki:
   a. Drifreimar og færi- eða lyftibönd úr harðgúmmíi (nr. 40.10) og aðrar vörur, úr linu harðgúmmíi, þeirra tegunda, sem notaðar eru við vélar, vélræn eða rafræn tæki (t. d. undirlagsskífur) (nr. 40.14).
   b. Vörur úr leðri, gervileðri (nr. 42.04) og úr loðskinni (nr. 43.03), þeirra tegunda, sem notaðar eru við vélar eða vélræn tæki eða til iðnaðar.
   c. Bobbingar, spólur, standar, keilur, leggir og sams konar uppistöður, sem notað er við vélar, vélræn tæki eða rafrænar vörur, er teljast til 39., 40., 44. og 48. kafla eða til XV. flokks.
   d. Götuð spjöld úr pappír eða pappa í Jacquard-vélar og aðrar svipaðar vélar, er teljast til nr. 48.21.
   e. Drifreimar, færi- og lyftibönd úr spunatrefjum (nr. 59.16) og aðrar vörur til tækninota úr spunatrefjum, er teljast til nr. 59.17.
   f. Vörur að öllu leyti úr eðal- eða hálfeðalsteinum (náttúrlegum, syntetískum eða tilbúnum), er teljast til nr. 71.02, 71.03 eða 71.15.
   g. Hlutar til almennra nota eins og þeir eru skýrgreindir í 2. athugasemd við XV. flokk.
   h. Endalaus bönd úr málmþræði eða málmræmum (XV. flokkur).
   ij. Vörur, er teljast til 82. og 83. kafla.
   k. Flutningatæki og aðrar vörur, er teljast til XVII. flokks.
   l. Vörur, er teljast til 90. kafla.
   m. Úr, klukkur og aðrar vörur, er teljast til 91. kafla.
   n. Burstar í vélar (nr. 96.02).
   o. Vörur, er teljast til 97. kafla.

2. Sé ekki annað ákveðið í 1. og 3. athugasemd við þennan flokk, 1. athugasemd við 84. kafla og 1. athugasemd við 85. kafla, flokkast hlutar til véla (að undanskildum hlutum til þeirra vara, er teljast til nr. 84.64, 85.23, 85.24, 85.25 og 85.27) eftir þessum reglum:
   a. Hlutar, sem eru sérstaklega nefndir í einhverju af númerum 84. eða 85. kafla (að undanskildum nr. 84.65 og 85.28), teljast alltaf til viðkomandi númers án tillits til þess, í hvers konar vélar þeir eigi að notast.
   b. Hlutar, sem ákvarðanir í athugasemd 2.a hér að ofan taka ekki til og eru af þeirri gerð, sem eingöngu eða aðallega er hægt að nota í ákveðna vél eða fleiri vélar, sem teljast til sama númers (þar með taldar vélar, er teljast til nr. 84.59 og 85.22), flokkast til sama númers og tilsvarandi vélar. Hlutar, sem jöfnum höndum má nota í vörur, er teljast til nr. 85.13 og nr. 85.15, teljast til nr. 85.13.
   c. Allir aðrir hlutar teljast til nr. 84.65 eða nr. 85.28.
3. Þegar svo stendur á, að vélar og hlutar til þeirra teljast til mismunandi númera í þessum flokki, teljast ófullgerðar vélar til sama númers og hinar fullgerðu vélar, enda vanti aðeins óverulega hluta til vélanna til þess að þær séu fullgerðar.
4. Vélar (þar með taldar ófullgerðar vélar, sem flokkast eins og fullgerðar vélar samkvæmt 3. athugasemd hér að ofan), sem fluttar eru inn sundurteknar eða ósamsettar, flokkast eins og sams konar samsettar vélar.
5. Sé ekki annað tekið fram, flokkast vélasamstæður settar saman í eina heild úr tveim eða fleiri vélum, einnig vélar gerðar til að framkvæma tvö eða fleiri verkatriði, saman eða sér, eins og um væri að ræða þá vélina, sem gegnir höfuðhlutverkinu.
6. Hreyflar tengdir vélum við innflutning flokkast með vélunum, sem þeir eru tengdir. Sama gildir um hreyfla, sem fluttir eru inn með vélum, en pakkaðir út af fyrir sig af hagkvæmisástæðum, enda sé það greinilegt, að hreyflarnir eigi að tengjast vélunum. Þetta gildir einnig um drifreimar, færi- og lyftibönd til vélanna.
7. Með orðinu vélar (vél) í athugasemdum þessum er átt við allar þær vélar, tæki og áhöld, er teljast til XVI. flokks.

---

84. kafli.

Gufukatlar, vélar og mekanísk áhöld og tæki; hlutar til þeirra.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Kvarnasteinar, slípisteinar og aðrar vörur, er teljast til 68. kafla.
   b. Áhöld og tæki (t. d. dælur) og hlutar til þeirra úr leir (69. kafli).
   c. Áhöld úr gleri til notkunar í rannsóknarstofum (nr. 70.17); tæki og áhöld úr gleri og hlutar til þeirra (nr. 70.20 og 70.21).
   d. Vörur, er teljast til nr. 73.36 eða 73.37, einnig sams konar vörur úr öðrum óeðlum málmum (74.—81. kafli).
   e. Handverkfæri eða rafbúin, vélræn heimilistæki með innbyggðum rafmagnshreyflum (nr. 85.05 og 85.06).
2. Ef annað leiðir ekki af ákvæðum 5. og 6. athugasemdar við XVI. flokk, skulu vélar, tæki og áhöld, sem talizt gætu bæði til einhvers af númerum 84.01—84.21 og jafnframt einhvers af númerum 84.22—84.60 í samræmi við texta númeranna, ávallt teljast til einhvers af fyrr nefndu númerunum, en eigi til hinna síðar nefndu. Til nr. 84.17 telst þó ekki:
   a. Spírunartæki, útungunartæki og ungamæður (nr. 84.28).
   b. Áhöld til að bleyta í korni (nr. 84.29).
   c. Sykurdiffúsörar (nr. 84.30).

d. Vélar til hitameðferðar á spunagarni, spunaefnum og öðrum vörum úr spunatrefjum (nr. 84.40).

Nr. 84.17 tekur heldur ekki til véla, tækja og verksmiðja ætlaðra til mekanískrar meðferðar, ef hitabreytingar, þótt nauðsynlegar séu, skipta litlu máli í samanburði við hina mekanísku meðferð.

Til nr. 84.19 telst ekki:

a. Saumavélar (nr. 84.41).

b. Skrifstofuvélar, er teljast til nr. 84.54.

3. Til nr. 84.62 teljast m. a. fægðar stálkúlur af tilteknum stærðum, enda sé frávik frá tilteknu þvermáli hvergi meira en 1%, þó í mesta lagi 0,05 mm. Aðrar stálkúlur teljast til nr. 73.40.

4. Ef annað er ekki tekið fram eða leiðir af ákvæðum í 2. athugasemd við þennan kafla og 5. athugasemd við XVI. flokk, flokkast vélar með tveim eða fleiri notkunarmöguleikum eftir höfuðnotkun þeirra. Ef höfuðnotkun einhverrar vélar er ekki nefnd í texta einhvers númers, eða ef vafi leikur á, hver sé höfuðnotkun einhverrar vélar, skal slík vél teljast til nr. 84.59. Til nr. 84.59 teljast enn fremur vélar til framleiðslu á línum og köðlum (t. d. þáttaspuna-, tvinnunar- og strengspunavélar) úr vír, spunatrefjum og hvers konar öðru efni eða blöndu slíkra efna.

84.01	00	**Katlar til framleiðslu á vatnsgufu eða annarri gufu (gufukatlar), þó ekki vatnsmiðstöðvarkatlar, sem einnig geta framleitt gufu með lágum þrýstingi**	25%
84.02	00	**Hjálpartæki við vatnsgufukatla og aðra gufukatla (t. d. forhitarar, yfirhitarar, gufugeymar, sótblásarar); eimsvalar (condensers) við gufuvélar**	25%
84.03	00	**Tæki til framleiðslu á loftgasi, vatnsgasi og acetylengasi (með vatnsaðferð) og önnur svipuð tæki til gasframleiðslu, einnig með hreinsitækjum**	25%
84.04	00	**Gufuvélar með sambyggðum katli (þar með taldir gufuvagnar, en ekki gufudráttarvélar í nr. 87.01 né vélknúnar vegþjöppur)**	25%
84.05	00	**Gufuvélar án ketils**	25%
84.06		**Brunahreyflar með bullu:**	
	10	*Flugvélahreyflar*	0
		Aðrir:	
	21	Benzínhreyflar og aðrir hreyflar með neistakveikju	35%
	22	Dísilhreyflar og hreyflar með þrýstikveikju, 200 hestöfl eða stærri	10%
	23	Dísilhreyflar og hreyflar með þrýstikveikju, minni en 200 hestöfl ...	35%
	24	Hlutar til hreyfla, sem teljast til nr. 84.06, þó ekki til flugvélahreyfla	35%
	29	Annars	35%
84.07	00	**Vatnshjól, vatnshverflar og aðrar vatnsknúnar aflvélar, ásamt tilheyrandi gangráðum (regulators)**	35%
84.08		**Aðrar aflvélar og hreyflar:**	
	10	*Flugvélahreyflar*	0
		Gashverflar (turbins) fyrir annað en flugvélar:	
	21	Gashverflar til bifreiða	35%
	29	Annars	35%
		Aðrar:	
	31	Aflvélar og hreyflar til bifreiða, ót. a.	35%
	39	Annars	35%
84.09	00	**Sjálfknúnar vegþjöppur**	25%
84.10	00	**Vökvadælur (þar með taldar hreyfildælur og hverfildælur), einnig með tilheyrandi mælum; vökvalyftur, sem vinna með skóflum, keðjum, sniglum, böndum og öðru þess háttar:**	
	01	Síldardælur, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	4%
	09	Annað	35%

84.11	00	**Loftdælur, undirþrýstingsdælur, loft- og gasþjöppur (þar með taldar hreyfildælur og hverfildælur, hreyfilþjöppur, hverfilþjöppur og lausabulluþjöppur fyrir gashverfla), rellur, blásarar og annað þess háttar:**	
	01	Heyblásarar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	10%
	02	Þjöppur fyrir frystikerfi	15%
	09	Annað	35%
84.12	00	**Loftjöfnunartæki sambyggð, gerð með hreyfildrifinni rellu og útbúnaði til að breyta rakainnihaldi og hitastigi loftsins**	35%
84.13	00	**Brennarar fyrir fljótandi eldsneyti (úðarar), fyrir malað fast eldsneyti og gas; vélkyndarar (mechanical stokers), vélristar (mechanical grates), mekanísk öskuhreinsunartæki og annar svipaður útbúnaður**	35%
84.14	00	**Ofnar fyrir iðnaðar- og rannsóknarstofur (þó ekki rafmagnsofnar)**	25%
84.15		**Kæliskápar, tæki og vélar til kælingar og frystingar, útbúið fyrir rafmagn eða á annan hátt:**	
		Kæli- og frystivélar og samstæður, aðrar en þær, sem einkum eru til heimilisnotkunar:	
	11	Afgreiðsluborð og sýningarskápar fyrir verzlanir og varahlutir í þau	35%
	12	Kæli- og frystivélasamstæður aðrar	15%
	19	Hlutar til kæli- og frystivélasamstæðna, ót. a.	15%
	20	*Kælitæki, einkum til heimilisnotkunar, ekki rafmagnsknúin*	80%
	30	*Kælitæki, einkum til heimilisnotkunar, rafmagnsknúin:*	
	31	Kælitæki	80%
	39	Varahlutir í kælitæki (þó ekki fylgihlutir) eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%
84.16	00	**Sléttipressur (calendering machines) og aðrar svipaðar valsvélar (þó ekki slíkar vélar til vinnslu málma og glers), einnig valsar til þeirra**	35%
84.17		**Vélar, tæki og vélasamstæður til rannsóknarstofa, einnig með rafmagnsupphitun, til vinnslu á efnum með aðferðum, sem fela í sér hitabreytingu, t. d. með upphitun, suðu, stiknun, eimingu, hreinsun, dauðhreinsun, pasteurhitun, eimvæting, þurrkun, uppgufun, gufugerð, þéttingu eða kælingu (þó ekki slíkar vélar til heimilisnotkunar); hrað- eða geymavatnshitarar, sem ekki eru gerðir fyrir rafmagn:**	
		Vélar, tæki og vélasamstæður (aðrar en þær, sem teljast til nr. 84.17.20):	
	11	Eimarar og þéttar til kæli- og frystivéla	15%
	12	Vélar til fiskiðnaðar og hvalvinnslu	15%
	13	Mjólkurvinnsluvélar (þó ekki skilvindur)	25%
	14	Kaffihitarar og önnur tæki til veitingarekstrar	35%
	19	Annað	35%
	20	*Hrað- eða geymavatnshitarar, einkum til heimilisnotkunar, ekki fyrir rafmagn*	35%
84.18		**Skilvindur; vélar og tæki til síunar og annarrar hreinsunar á vökvum og lofttegundum (þó ekki síunartrektar, mjólkursíur og annað þess háttar):**	
		Mjólkurskilvindur:	
	11	Mjólkurskilvindur, einkum til heimilisþarfa	20%
	19	Aðrar	25%
		Annað:	
	21	Þeytivélar til þurrkunar á þvotti, einkum til heimilisnotkunar	80%
	22	Aðrar þeytivélar til þurrkunar á þvotti	35%
	23	Lýsisskilvindur	10%
	24	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar þær og tæki, sem falla undir nr. 84.18.21, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%
	25	Lofthreinsunartæki til heimilisnotkunar	80%
	29	Annars	35%

84.19		**Vélar og tæki til hreinsunar og þurrkunar á flöskum og öðrum ílátum; vélar og tæki til að fylla á, loka og líma einkennismiða á flöskur, dósir, öskjur, poka og önnur ílát; aðrar umbúðavélar og tæki; vélar og tæki til blöndunar kolsýru í drykkjarvörur; uppþvottavélar:**	
	01	Uppþvottavélar, einkum til heimilisþarfa	80%
	02	Aðrar uppþvottavélar	35%
	03	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í uppþvottavélar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	50%
	09	Annað	25%
84.20	00	**Vogir, þar með taldar talnings- og eftirlitsvogir (þó ekki vogir, sem eru svo nákvæmar, að þær vegi 5 cg eða minna); vogarlóð alls konar**	35%
84.21	00	**Mekanísk tæki (einnig handdrifin) til dreifingar, sprautunar og úðunar á vökvum og dufti; slökkvitæki, einnig með fyllingum, úðabyssur og önnur svipuð áhöld; sand- og gufublásarar og svipaðar blástursvélar**	25%
84.22		**Vélar og tæki til lyftingar, hleðslu, losunar og flutnings (t. d. lyftur, lyftivindur, kranar, tjakkar, talíur, þráðbrautir og færibönd), að undanskildum vélum þeim og tækjum, er teljast til nr. 84.23:**	
	01	Kraftblakkir til fiskiskipa, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	4%
	02	Vindur sérstaklega til skipa, ót. a.	20%
	03	Lyftikranar	25%
	04	Lyftur til vöru- og mannflutninga	50%
	05	Heyblásarar (til að færa til hey), eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	10%
	09	Annað	35%
84.23		**Vélar og tæki til graftrar, námuvinnslu, grjótnáms og annars þess háttar, fastar eða færanlegar (t. d. kolanámuvélar, vélskóflur, jöfnunarvélar og jarðýtur); fallhamrar; snjóplógar (þó ekki þeir snjóplógar, sem eru sjálfknúin ökutæki):**	
	01	Grafvélar og vélskóflur	25%
	02	Jarðýtur	25%
	03	Vegheflar	25%
	04	Ámoksturstæki við almennar hjóladráttarvélar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	10%
	09	Annað	25%
84.24		**Landbúnaðar- og garðyrkjuvélar til vinnslu jarðvegs og ræktunar (t. d. plógar, herfi, diska- og fjaðraherfi, sáningsvélar og áburðardreifarar); valtarar fyrir tún og íþróttavelli:**	
	01	Plógar	10%
	02	Herfi	10%
	03	Áburðardreifarar	10%
	09	Annað	10%
84.25		**Uppskeruvélar og þreskivélar; hálm- og fóðurpressur; sláttuvélar (þar með taldar handsláttuvélar); vélar til hreinsunar á fræi, korni og belgávöxtum, einnig ávaxtaflokkunarvélar, eggjaflokkunarvélar og aðrar flokkunarvélar við landbúnaðarframleiðslu (þó ekki mölunarvélar, er teljast til nr. 84.29):**	
	01	Garðsláttuvélar (þar með handsláttuvélar)	35%
	02	Aðrar sláttuvélar	10%
	03	Upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti	10%
	04	Rakstrar- og snúningsvélar	10%
	05	Flokkunarvélar	25%
	09	Annað	10%

84.26		**Mjólkurbúsvélar og mjaltavélar:**	
	01	Mjaltavélar	10%
	02	Mjólkurvinnsluvélar	25%
	09	Aðrar	25%
84.27	00	**Pressur, marningsvélar og aðrar vélar og tæki til notkunar við framleiðslu á víni, vindrúfnasafa, öðrum ávaxtasafa og öðru þess háttar**	25%
84.28	00	**Aðrar vélar og tæki til landbúnaðar, garðyrkju, alifuglaræktar og býflugnaræktar; spírunartæki með mekanískum útbúnaði eða útbúnaði til upphitunar; útungunarvélar og ungamæður**	25%
84.29	00	**Vélar og tæki til brauðkornsmölunar og aðrar vélar og tæki til vinnslu á korni og belgávöxtum (þó ekki vélar og tæki, er talizt geta landbúnaðartæki)**	25%
84.30		**Vélar og tæki, sem ekki teljast til einhvers annars númers þessa kafla, til notkunar við framleiðslu mat- og drykkjarvara (í brauðgerðarhúsum, brauðverksmiðjum, kexverksmiðjum, makkaróníverksmiðjum, súkkulaðiverksmiðjum, sykurverksmiðjum, súkkulaði- og sykurvöruverksmiðjum og ölgerðum; einnig til vinnslu á kjöti, fiski, ávöxtum og grænmeti, þar með taldar hakkavélar og skurðvélar):**	
	01	Vélar og tæki til brauð- og kexgerðar	25%
	02	Vélar og tæki til súkkulaði- og sykurvörugerðar	25%
	03	Vélar og tæki til kjötvinnslu	25%
	04	Vélar og tæki til drykkjarvörugerðar	25%
	05	Flökunarvélar, flatningsvélar, síldarsöltunarvélar, roðflettingarvélar og hausskurðarvélar til vinnslu á fiski	10%
	09	Aðrar	25%
84.31	00	**Vélar og tæki til framleiðslu og vinnslu á pappírsmassa, pappír og pappa**	25%
84.32	00	**Bókbandsvélar (þar með taldar saumavélar til að hefta bækur)**	25%
84.33	00	**Pappírs- og pappaskurðarvélar; aðrar vélar til vinnslu á pappírsmassa, pappír og pappa**	25%
84.34		**Vélar, tæki og áhöld til að steypa og setja prentletur; vélar til framleiðslu og eftirvinnslu á prentmyndamótum, prentplötum og prentvölsum (þó ekki verkfæri, er teljast til nr. 84.45, 84.46 og 84.47); prentletur, matrixur, prentmyndamót, prentplötur, prentvalsar og annað þess háttar; lítógrafísteinar, plötur og valsar undirbúnir til grafískrar notkunar (t. d. sléttað, kornað eða fágað):**	
	01	Setningarvélar og vélar til framleiðslu og eftirvinnslu á prentmyndamótum, prentplötum, prentvölsum og þess háttar	25%
	02	Prentletur, matrixur og tilheyrandi	25%
	03	Prentmyndamót, prentplötur, prentvalsar og annað þess háttar	25%
	04	Lítógrafísteinar, plötur og valsar, undirbúnir til grafískrar notkunar	25%
	09	Annað	25%
84.35	00	**Aðrar prentvélar og hjálparvélar þeim tilheyrandi**	25%
84.36	00	**Vélar til pressunar (extrusion) á tilbúnum spunatrefjum; vélar til vinnslu á spunaefnum, náttúrlegum og tilbúnum; spuna- og tvinningarvélar og spólunar- og hespunarvélar**	10%
84.37		**Vefstólar, prjónavélar og vélar til framleiðslu á yfirspunnum þræði, tylli, laufaborðum og knipplingum, útsaumi, possementi og netefnum; vélar til vinnslu á garni til notkunar í slíkum vélum (þar með taldar skurðarvélar og sléttunarvélar):**	
	01	Prjónavélar	10%
	09	Aðrar	10%
84.38	00	**Hjálparvélar og hjálpartæki til notkunar við vélar þær, er teljast til nr. 84.37 (t. d. skeftivélar, Jacquard-vélar, sjálfvirk tæki til stýringar á uppistöðu- og ívafsþráðum, skyttuskiptingarvélar); hlutar og tæki, er eingöngu**	

		eða aðallega heyra til og eru notuð við vélar þær, er teljast til þessa númers eða nr. 84.36 og 84.37 (t. d. snældur (spindles) og snælduleggir (spindle flyers), kambar, spunamunnstykki, skyttur, höföld og nálar í prjónavélar)	10%
84.39	00	**Vélar og tæki til framleiðslu og snyrtingar á flóka í metramáli og af annarri lögun (þar með taldar vélar og mót til framleiðslu á höttum)**	10%
84.40		**Vélar og tæki til að þvo, hreinsa, þurrka, bleikja, lita, steina, gegndreypa og að snyrta á annan hátt spunagarn, spunaefni og vörur úr hvoru tveggja (þar með fataþvottavélar og fatahreinsunarvélar); vélar til að brjóta saman, vinda upp og sníða spunavörur; vélar til að bera efni á spunavörur eða annað undirlag við framleiðslu á línóleum og öðrum gólfdúk; vélar til að prenta á spunavörur, leður, veggfóður, umbúðapappír, línóleum og annars konar efni, endurtekin tákn eða stafi, eða lita allt yfirborð þeirra (þar með taldar grafnar plötur og valsar í slíkar vélar):**	
		Vélar og tæki önnur en þau, er teljast til nr. 84.40.20:	
	11	Fataþvottavélar (þar með taldar fatahreinsunarvélar), þó ekki til heimilisnotkunar	35%
	12	Strokvélar, einkum til heimilisnotkunar	80%
	13	Aðrar strokvélar	10%
	14	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar, sem teljast til nr. 84.40.12	50%
	19	Annars	25%
		Fataþvottavélar, einkum til heimilisnotkunar:	
	21	Fataþvottavélar	80%
	29	Varahlutir í þær	50%
84.41	00	**Saumavélar; húsgögn sérstaklega útbúin fyrir saumavélar; saumavélanálar**	20%
84.42	00	**Vélar og tæki (þó ekki saumavélar) til snyrtingar, sútunar og vinnslu á húðum og skinnum og til framleiðslu á vörum úr leðri og skinni (þar með talinn skófatnaður)**	10%
84.43	00	**Málmbræðsluofnar (converters), bræðslusleifar (ladles), hrájárnssteypumót (ingot moulds) og steypuvélar, þeirra tegunda, sem notaðar eru í málmvinnsluiðnaði og við málmsteypu**	25%
84.44	00	**Völsunarvélar til að valsa málma, einnig valsar til þeirra**	25%
84.45	00	**Vélar til smíða úr málmum og málmkarbídum (þó ekki vélar, er teljast til nr. 84.49 og 84.50)**	25%
84.46	00	**Vélar til vinnslu og smíða úr steini, brenndum leir, steinsteypu, asbestsementi og öðru svipuðu efni, þar með talið gler í köldu ástandi (þó ekki vélar, er teljast til nr. 84.49)**	25%
84.47		**Vélar til smíða úr trjáviði, korki, beini, harðgúmmíi, harðplasti og öðru efni svipaðrar hörku (þó ekki tæki, er teljast til nr. 84.49.00):**	
	01	Trésmíðavélar	25%
	09	Aðrar	25%
84.48	00	**Hlutar og hjálpartæki þess konar, sem eingöngu eða aðallega heyra til og eru notuð við vélar þær, er teljast til nr. 84.45-84.47 (þar með taldar efnis- og verkfærafestingar, sjálfopnandi skrúfugangsskurðhöfuð, deilihöfuð og önnur tæki, er heyra smíðavélum til); verkfærafestingar fyrir hvers konar handverkfæri, vélknúin eða ekki**	25%
84.49	00	**Handverkfæri þrýstiloftknúin og handverkfæri með innbyggðum hreyfli, sem er ekki rafmagnshreyfill**	25%
84.50	00	**Vélar og tæki, sem nota gas til suðu, kveikinga, skurðar og herzlu á málmum**	25%
84.51	00	**Ritvélar (þó ekki sambyggðar reikni- og ritvélar); tékkaritvélar**	60%
84.52		**Reiknivélar, bókhaldsvélar, stimpilpeningakassar, frímerkjavélar, aðgöngumiðavélar og aðrar svipaðar vélar, sem eru með reikniútbúnaði:**	
	01	Bókhaldsvélar	60%
	02	Reiknivélar	60%

	03	Fételjarar (stimpilpeningakassar)	60%
	09	Aðrar	60%
84.53	00	**Skýrsluvélar, sem starfræktar eru með gatspjöldum (t. d. röðunarvélar, rafreiknar og töflugerðarvélar); vélar til reikningshalds, sem starfræktar eru með gatspjöldum; hjálparvélar slíkra véla (t. d. götunarvélar o. þ. h.)**	60%
84.54		**Aðrar vélar og tæki til notkunar í skrifstofum (t. d. fjölritunarvélar, bréfaáritunarvélar, myntteljarar, myntsundurgreiningarvélar, myntpökkunarvélar, vélar til að ydda blýanta, götunarvélar og heftivélar):**	
	01	Áritunarvélar og fjölritarar	60%
	09	Annað	60%
84.55		**Hlutar og hjálpartæki (þó ekki hlífðarhylki, umbúðakassar og annað þess háttar), sem einvörðungu eða aðallega er hægt að nota til véla og tækja, er teljast til nr. 84.51, 84.52, 84.53 og 84.54:**	
	01	Til ritvéla	60%
	09	Annað	60%
84.56		**Vélar og tæki til sundurgreiningar, sáldunar, þvotta, mölunar og blöndunar á mold, steinum, málmgrýti og öðrum föstum steinefnum, einnig þótt þau séu sem duft eða deig; vélar og tæki til að pressa eða móta fast eldsneyti, efni í leirvörur, óharðnað sement, gips og önnur steinefni í duft- eða deigformi; vélar til framleiðslu á steypumótum úr sandi:**	
	01	Steypuhrærivélar	25%
	09	Annað	25%
84.57	00	**Vélar og tæki til framleiðslu og vinnslu á gleri og glervörum í heitu ástandi; vélar til að setja saman rafvíra- og úrhleðslulampa og rafagnalampa og svipaðar pípur og loka**	25%
84.58	00	**Sjálfsalar (t. d. fyrir frímerki, vindlinga, súkkulaði og matvörur), sem ekki eru leiktæki eða happdrætti**	40%
84.59		**Vélar, tæki og mekanísk áhöld (þó ekki þau, sem eingöngu eða aðallega eru notuð sem hlutar af öðrum vélum og verkfærum), sem teljast ekki til neins annars númers í þessum kafla:**	
	10	*Kjarnorkuofnar*	25%
		Annað:	
	21	Til matvælaiðnaðar, ót. a.	25%
	22	Til efnaiðnaðar, ót. a.	25%
	23	Til járn- og annars málmiðnaðar, ót. a.	25%
	24	Til mannvirkjagerðar, ót. a.	25%
	28	Stýrisvélar til skipa	4%
	29	Annars	25%
84.60	00	**Mótakassar til málmsteypu; steypumót fyrir málma (þó ekki hrájárnssteypumót), málmkarbíða, gler, steinkennd efni (t. d. leirdeig og steinsteypu), gúmmí og plast**	25%
84.61		**Hanar, lokar og annað þess háttar, er heyrir pípuleiðslum, kötlum, geymum og öðru svipuðu til (þar með taldir þrýstiléttar og hitastilltir lokar):**	
	01	Brunahanar	35%
	09	Annað	35%
84.62	00	**Kúlu-, kefla- og nálaleg**	20%
84.63		**Drifásar, sveifarásar, leghús, ásleg, tannhjól og tannhjólasamstæður (þar með talin núningshjól, hjólahús (gear-boxes) og önnur tæki fyrir breytilegan snúningshraða), kasthjól, reimhjól, sambyggð reimhjól, tengsl og ástengsl:**	
	01	Til flugvéla	0
	02	Skrúfuásar, skrúfuásþéttar, skutpípur, skutpípufóðringar, heil hjólahús (marinegear, complete) og skiptiskrúfubúnaður til notkunar	

		með aflvélum skipa, enda beri hver slíkur hlutur það með sér, að hann sé ætlaður til þeirra nota	4%
	09	Annað	35%
84.64	00	**Þéttingar og annað þess háttar úr málmplötum í sambandi við annað efni (t. d. asbest, flóka eða pappa) eða úr lögum af málmþynnum; samstæður eða úrval af þéttingum af mismunandi gerðum í vélar, pípnatengingar og annað þess háttar í pokum, hylkjum eða öðrum svipuðum umbúðum** ...	35%
84.65		**Hlutar til véla, tækja og áhalda, ekki búnir rafmagnstenglum, einöngrurum, spólum, snertum eða öðrum rafmagnsbúnaði, enda teljist þeir ekki til einhvers annars númers þessa kafla:**	
	01	Skipsskrúfur	4%
	09	Aðrir	35%

85. kafli.

Rafmagnsvélar, rafmagnstæki og rafmagnsbúnaður; hlutar til þeirra.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Rafmagnshitaðar ábreiður, hitapokar, fóthitarar o. þ. h., rafmagnshitaður fatnaður, skófatnaður, eyrnabúnaður og aðrar rafmagnshitaðar vörur, sem menn hafa á sér eða um sig.
   b. Glervörur, sem teljast til nr. 70.11 (t. d. glerhylki fyrir rafmagnsglólampa).
   c. Rafmagnshituð húsgögn (94. kafli).
2. Til nr. 85.01 teljast ekki vörur, sem nr. 85.08, 85.09 eða 85.21 taka til. Kvikasilfursafriðlar innbyggðir í málmhylki (stál-afriðlar) teljast þó til nr. 85.01.
3. Til nr. 85.06 teljast aðeins eftirgreindar rafmagnsvélar og -tæki, þeirrar gerðar, sem algengast er að nota til heimilisþarfa:
   a. Ryksugur, bónvélar, vélar til að mala, hakka og blanda matvæli, ávaxtapressur og loftræsitæki (viftur), hver sem þungi þeirra er.
   b. Aðrar vélar og tæki, ef þungi þeirra fer ekki yfir 20 kg.

   Til nr. 85.06 teljast þó ekki uppþvottavélar (nr. 84.19), þeytiþvottavélar og aðrar fataþvottavélar (nr. 84.18 eða 84.40), strokkefli og aðrar vélar til strokunar (nr. 84.16 og 84.40), saumavélar (nr. 84.41) og rafmagnshitatæki (nr. 85.12).

85.01	00	**Rafalar, rafhreyflar, straumbreytar (hverfi- eða stöðustraumbreytar), spennar, afriðlar, afriðilstæki og spankefli**	35%
85.02	00	**Rafseglar; síseglar og vörur úr sérstöku efni til sísegla, sem geta verið ófullgerðir hlutar slíkra segla; borhöldur, pípuhaldarar, spennubakkar, skrúfstykki og önnur tæki til að halda hlutum föstum, úr rafseglum eða síseglum; rafsegulmögnuð griptengi og önnur rafsegulmögnuð tengi, rafsegulhemlar; rafsegulmagnaðir burðarseglar**	35%
85.03		**Frumrafhlöð og rafhlöður:**	
	01	Kvikasilfursrafhlöður fyrir heyrnartæki	15%
	09	Aðrar	40%
85.04		**Rafgeymar:**	
	01	Efni í rafgeyma	20%
	09	Annað	40%
85.05	00	**Handverkfæri með innbyggðum rafmagnshreyfli**	35%
85.06		**Rafmagnsknúin búsáhöld með innbyggðum rafmagnshreyfli:**	
	01	Ryksugur	80%
	02	Hrærivélar	80%
	03	Aðrar rafknúnar eldhúsvélar	80%

	04	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar, sem teljast til nr. 85.06	50%
	09	Önnur	80%
85.07		**Rakvélar og hárklippur með innbyggðum rafmagnshreyfli:**	
	01	Sauðaklippur	35%
	02	Rakvélar með innbyggðum rafmagnshreyfli	80%
	03	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í rafmagnsrakvélar	50%
	09	Aðrar	80%
85.08	00	**Rafmagnsræsi og kveikibúnaður fyrir brunahreyfla (þar með talið kveikiseglar, kveikirafalar, kveikispólur, ræsihreyflar, rafkerti og glóðarkerti); rafalar og straumrofar til notkunar í sambandi við brunahreyfla**	35%
85.09	00	**Rafmagnsljósa- og merkjatæki; rúðuþurrkarar, affrystitæki og daggarþurrkarar fyrir reiðhjól og vélknúin ökutæki, rafknúið**	35%
85.10		**Berandi rafhlöðu- og segulraflampar, nema þeir sem teljast til nr. 85.09:**	
	01	Duflaljósker	15%
	09	Annað	90%
85.11	00	**Rafbræðslu- og hitunarofnar til notkunar í iðnaði eða á tilraunastofum; tæki til upphitunar efna með spani eða torleiði; rafsuðu-, raflóðningar- og rafskurðarvélar og -tæki**	25%
85.12		**Rafmagnsvatnshitunartæki (gegnstreymisvatnshitarar, heitavatnsdunkar og hitastautar); rafmagnshitunartæki til húshitunar og jarðvegshitunar; rafmagnshársnyrtitæki (t. d. hárþurrkur, hárliðunartæki og hitunartæki fyrir hárliðunarjárn) og rafmagnsstrokjárn; rafmagnshitunartæki einkum til heimilisnota, mótstöðurafmagnshitunartæki (þó ekki úr kolum):**	
	01	Rafmagnseldavélar, bökunar- og steikarofnar	80%
	02	Rafmagnsofnar	80%
	03	Rafmagnshellur, einkum til heimilisnotkunar, ót. a.	80%
	04	Rafmagnsstrokjárn	80%
	05	Rafmagnshársnyrtitæki	80%
	06	Rafmagnsvatnshitunartæki	80%
	07	Varahlutir (þó ekki fylgihlutir) í vélar þær, sem falla undir nr. 85.12	50%
	09	Annað	80%
85.13	00	**Rafmagnstæki fyrir talsíma og ritsíma, á línu (þar með talin tæki við burðarðldusímakerfi á línu)**	40%
85.14	00	**Hljóðnemar og grindur fyrir þá; gjallarhorn, rafmagnsheyrnartíðnimagnarar**	40%
85.15		**Sendi- og móttökutæki fyrir loftskeytasendingar og firðtal; sendi- og móttökutæki fyrir útvarp og sjónvarp (einnig með innbyggðum grammófón) og sjónvarpsmyndavélar; útvarpsmiðunartæki, radartæki og radíófjarstýritæki:**	
	11	*Sjónvarpsviðtæki, einnig með innbyggðum grammófón og/eða útvarpsviðtæki*	75%
	12	Sjónvarpsloftnet	35%
	21	*Útvarpsviðtæki, einnig með innbyggðum grammófón*	75%
	22	Loftnet fyrir útvarpsviðtæki	35%
		Önnur:	
	31	Ratsjár (radartæki) og radíómiðunartæki	4%
	32	Sendi- og móttökutæki fyrir loftskeytasendingar, talstöðvar og senditæki fyrir útvarp og sjónvarp	35%
	33	Neyðartalstöðvar af þeirri gerð, sem notaðar eru í gúmmíbjörgunarbátum, viðurkenndar sem slíkar af Skipaskoðun ríkisins	4%
	39	Annars	35%
85.16	00	**Rafmagnsbúin umferðarstjórnartæki fyrir járnbrautir, sporvagna, vegi, ár, skipaskurði, hafnir og flugvelli**	35%

85.17	00	**Rafmagnsbúin hljóð- eða ljósmerkjatæki (t. d. hringingarbjöllur, flautur, sírenur, merkjakassar eða spjöld, þjófabjöllur, brunaboðar og önnur aðvörunartæki), þó ekki vörur, er teljast til nr. 85.09 og 85.16**	35%
85.18	00	**Rafmagnsþéttar, óbreytilegir eða breytilegir (hverfiþéttar)**	35%
85.19	00	**Rafmagnstæki til að tengja eða rjúfa straumrásir, til öryggis í rafmagnsstraumrásum og til tengingar við eða í straumrásum (t. d. rofar, liðar, vör, yfirspennuafrásir, yfirspennuliðar gerðir úr spólum og þéttum, eldingarvarar, vartappar, falir, klær, tengiklemmur, tengibretti og greinidósir); óbreytanleg viðnám og breytiviðnám (þar með spennudeilar), þó ekki hitamótstöður; sjálfvirkir spennustillar, byggðir á viðnámi, spani eða hreyfilknúnir með tifandi snertum; greinitöflur og stýri- og eftirlitstöflur (þó ekki símaborð)**	35%
85.20	00	**Rafmagnsglólampar (perur) og úrhleðslulampar (þar með taldir lampar, sem senda innrauða eða útfjólubláa geisla), bogalampar; rafmagnsleifturlampar til myndatöku**	40%
85.21	00	**Varmskauts-, kaldskauts- og ljósskautsrafeindalokar og lampar (þar með taldir gufu- eða gasfylltir lokar og lampar og kvikasilfursbogaafriðalokar og -lampar; ljósnemar (photocells); kristaltvískautar, kristalþrískautar og aðrir kristallokar (t. d. transistorar); innbyggðir þrýstirafmagnskristallar**	35%
85.22		**Rafmagnsvörur og -tæki, sem ekki eru einungis eða fyrst og fremst ætluð og notuð sem hluti af öðrum vélum eða tækjum og ekki teljast til einhvers annars númers í þessum kafla:**	
	10	*Flýtar fyrir rafeindir*	35%
	20	*Annað*	35%
85.23		**Einangraðar (einnig lakkbrenndar eða rafhúðaðar) raftaugar, rafstrengir, rafteinar, rafbönd o. þ. h. (þar með taldir strengir með samásarásum), með eða án tengihluta:**	
	01	Jarð- og sæstrengir	35%
	09	Annað	35%
85.24	00	**Burstakol, bogalampakol, rafhlöðukol, skautkol og aðrar vörur úr koli til rafmagnsnotkunar**	35%
85.25	00	**Einangrarar úr hvers konar efni**	35%
85.26	00	**Einangrunarhlutar í rafmagnsvélar, tæki og búnað, ef hlutarnir eru eingöngu úr einangrandi efni, einnig þótt í þeim sé lítils háttar af málmi, sem aðeins er til að halda einangrunarhlutum saman við smíði þeirra (þó ekki einangrarar, sem teljast til nr. 85.25)**	35%
85.27	00	**Rafmagnspípur fyrir raflagnir og tengihlutar þeirra, úr ódýrum málmum og með einangrun að innan**	35%
85.28	00	**Rafmagnshlutar til véla og áhalda, enda teljist þeir ekki til einhvers annars númers þessa kafla**	50%

XVII. flokkur.

Flutningatæki.

Athugasemdir:

1. Til þessa flokks teljast ekki vörur, sem falla undir nr. 97.01, 97.03 eða 97.08, né sleðar og aðrar vörur, er teljast til nr. 97.06.
2. Í hugtökunum *hlutar* og *hlutar og fylgitæki* í þessum flokki felast ekki eftirgreindar vörur, einnig þótt þær beri öll einkenni hluta eða fylgitækja til flutningatækja:
   a. Vélaþéttingar og annað þess háttar úr hvers konar efni (flokkast eftir efni, sem þær eru gerðar úr eða í nr. 84.64).

b. Hlutar til almennra nota í samræmi við skýrgreiningu í 2. athugasemd við XV. flokk.
c. Vörur, er teljast til 82. kafla (verkfæri).
d. Vörur, er teljast til nr. 83.11.
e. Vélar, tæki, mekanísk áhöld og aðrar vörur, er teljast til nr. 84.01—84.59, 84.61 eða 84.62, enn fremur hlutar til aflvéla og hreyfla í nr. 84.63.
f. Rafmagnsvélar og tæki, einnig rafmagnsbúnaður (85. kafli).
g. Vörur, er teljast til 90. kafla.
h. Úr og klukkur og aðrar vörur, er teljast til 91. kafla.
ij. Vopn, er teljast til 93. kafla.
k. Burstar, sem eru hlutar í flutningatæki (nr. 96.02).

3. Hugtökin hlutar og fylgitæki í 86. og 88. kafla taka ekki til hluta og fylgitækja, sem ekki eru hæfir eingöngu eða aðallega til notkunar með vörum í þeim köflum. Hlutar og fylgitæki, sem flokka má til tveggja eða fleiri númera þessara kafla, flokkast í samræmi við aðalnotkun þeirra.
4. Flugvélar þannig byggðar, að hægt er að nota þær jafnframt sem flutningatæki á landi, flokkast eins og flugvélar. Vélknúin landfarartæki, sem einnig má nota á vatni, flokkast eins og vélknúin landfarartæki.
5. Vörur, sem teljast til þessa flokks og eru fluttar inn ófullgerðar eða hálfgerðar, flokkast eins og samsvarandi fullgerðar vörur, enda sé smíði þeirra svo langt komið, að þær beri einkenni hinnar fullgerðu vöru.
6. Sé ekki annað tekið fram, flokkast vörur (þar með taldar ófullgerðar eða hálfgerðar vörur, sem flokkast eins og fullgerðar vörur samkvæmt 5. athugasemd hér að ofan), sem teljast til þessa flokks og fluttar eru inn ósamsettar eða sundurteknar, eins og um sams konar samsettar vörur væri að ræða.

---

86. kafli.

Eimreiðar, vagnar og annað efni til járnbrauta og sporbrauta; hvers konar merkjakerfi (ekki rafknúið).

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Brautarbitar úr trjáviði eða steinsteypu (nr. 44.07 og 68.11).
   b. Járnbrautar- og sporbrautarefni úr járni og stáli (nr. 73.16).
   c. Merkjakerfi, sem knúið er rafmagni (nr. 85.16).
2. Til nr. 86.09 telst meðal annars:
   a. Ásar og hjól, hjólhringir, gjarðir, nafir og aðrir hlutar til hjóla.
   b. Vagngrindur, undirvagnsgrindur og tviburaásgrindur (bogies).
   c. Ásleg, hemlabúnaður.
   d. Höggpúðar; vagntengi og tengigangar.
   e. Vagnkassar og aðrar yfirbyggingar.
3. Til nr. 86.10 telst meðal annars (sbr. þó 1. athugasemd hér að ofan):
   a. Samsettir járnbrautarteinar, snúningskringlur, stanzhöggpúðar og hleðslumælar.
   b. Merkisarmstengur, mekanískar merkjakringlur, útbúnaður til að stjórna slám, merkja- og brautarskiptastillum, hvort sem slíkt er búið rafljósum eða ekki.

86.01	00	**Dráttarvagnar fyrir járnbrautarlestir, eimknúnir, og kolavagnar**	35%
86.02	00	**Dráttarvagnar fyrir járnbrautarlestir, rafmagnsknúnir, án eigin rafals** ..	35%
86.03	00	**Aðrir dráttarvagnar fyrir járnbrautarlestir**	35%

86.04	00	**Sjálfknúnir vagnar fyrir járnbrautir og sporbrautir**	35%
86.05	00	**Vagnar til flutnings á mönnum og farangri, fyrir járnbrautir og sporbrautir; sjúkravagnar, fangavagnar, tilraunavagnar, póstvagnar og aðrir vagnar til sérstakrar notkunar fyrir járnbrautir og sporbrautir**	35%
86.06	00	**Verkstæðisvagnar, kranavagnar og aðrir vinnuvagnar fyrir járnbrautir og sporbrautir**	35%
86.07	00	**Vagnar til vöruflutninga, fyrir járnbrautir og sporbrautir**	35%
86.08	00	**Flutningakassar og -ílát (containers), einnig fyrir vökva og gas, gerð til flutnings með hvers konar farartækjum**	35%
86.09	00	**Hlutar til dráttarvagna fyrir járnbrautar- og sporbrautarlestir og annarra hreyfanlegra járnbrautar- og sporbrautartækja**	35%
86.10	00	**Staðbundinn útbúnaður til járnbrauta og sporbrauta, mekanískur öraf-knúinn útbúnaður til merkjagjafa, öryggis, eftirlits eða stjórnar fyrir járn-brauta-, sporbrauta-, þjóðvega-, sjó- og loftsamgöngur; hlutar til þessara vara og fylgitækja**	35%

87. kafli.

Ökutæki (þó ekki á járnbrautum og sporbrautum); hlutar til þeirra.

Athugasemdir:

1. Í þessum kafla er með *dráttarvélum* (traktorum) átt við ökutæki, sem aðallega eru gerð til þess að draga eða ýta öðrum ökutækjum, verkfærum eða hlössum, einnig þótt þær séu jafnframt útbúnar að einhverju leyti, auk aðaltilgangs þeirra, til **að flytja** verkfæri, sáðfræ, áburð eða annað þess háttar.
2. Bifreiðargrind (chassis) með hreyfli og húsi ökumanns telst til nr. 87.02, en ekki til nr. 87.04.
3. Til nr. 87.10 og 87.14 teljast ekki barnahjól án kúlulega, eigi heldur barnahjól með kúlulegum, sem ekki eru smíðuð eins og venjuleg hjól fyrir fullorðna. Slík barna-hjól teljast til nr. 97.01.
4. *Sendiferðabifreið telst því aðeins til nr. 87.02.36 að eigandi hennar gefi við toll-afgreiðslu skriflega yfirlýsingu um eftirtalin atriði:*
   a. Að bifreiðinni skuli ekki breytt svo, að hún hefði fallið undir hærri tollflokk, ef hún hefði verið þannig innflutt.
   b. Að sé brotið í bága við þetta, skuli þegar greiddur af bifreiðinni mismunur þeirra aðflutningsgjalda, sem af henni voru greidd við innflutning, og þeirra aðflutningsgjalda, sem greiða hefði átt af henni, ef framan greind yfirlýsing hefði ekki verið gefin, þó að frádreginni 20% fyrningu fyrir hvert ár frá tollafgreiðslu-degi.

   Bifreiðin skal vera að lögveði fyrir greiðslu þeirri, er um ræðir í b-lið að framan, og má tollyfirvald láta taka bifreiðina úr umferð og selja hana samkvæmt ákvæð-um 28. gr. laga nr. 68/1956, ef greiðslan er ekki innt af hendi. Bifreiðin skal auð-kennd á þann hátt, sem fjármálaráðuneytið ákveður, og getur það einnig sett nánari reglur um gerð og notkun hennar.

87.01		**Dráttarvélar (þó ekki þær, sem teljast til nr. 87.07), einnig með aflás, vindu eða reimhjóli:**	
		Dráttarvélar aðrar en þær, sem teljast til nr. 87.01.20*:*	
	11	Almennar hjóladráttarvélar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	10%
	12	Snjósleðar	60%
	19	Aðrar	25%
	20	*Dráttarvélar fyrir tvíhjóla vagna (semi-trailers)*	25%

87.02		**Bifreiðar til flutnings á mönnum og vörum (þar með taldar kappakstursbifreiðar):**	
		Fólksflutningsbifreiðar (aðrar en almenningsbifreiðar):	
	11	Nýjar	90%
	12	Notaðar	90%
	20	*Almenningsbifreiðar (svo sem langferðabifreiðar og strætisvagnar)*	40%
		Aðrar:	
	31	Sjúkrabifreiðar og snjóbifreiðar	15%
	32	Snjósleðar	60%
	33	Vörubifreiðar dísilknúnar, að burðarmagni 3 tonn og þar yfir	40%
	34	Vörubifreiðar aðrar en dísilknúnar, að burðarmagni 3 tonn og þar yfir	40%
	35	Vörubifreiðar undir 3 tonn að burðarmagni, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	40%
	36	Sendiferðabifreiðar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	40%
	37	Bifreiðar í jeppaflokki, með ekki meira bil en 101" milli miðdepla ása	40%
	38	Sjúkrabifreiðar, sem jafnframt eru ætlaðar til sérstakra annarra nota, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins hverju sinni	40%
	39	Annars	90%
87.03		**Bifreiðar til sérstakrar notkunar (t. d. slökkviliðsbifreiðar, stigabifreiðar, snjóplógar, vökvunarbifreiðar, kranabifreiðar, kastljósabifreiðar, verkstæðisvagnar og vagnar með röntgentækjum), aðrar en þær, er teljast til nr. 87.02:**	
	01	Slökkviliðsbifreiðar	15%
	02	Snjóplógar	15%
	09	Aðrar	40%
87.04		**Grindur (chassis) með hreyfli fyrir ökutæki, er teljast til nr. 87.01-87.03:**	
	10	*Grindur með hreyfli fyrir fólksflutningsbifreiðar, sem teljast til nr.* 87.02	90%
		Aðrar:	
	21	Fyrir sjúkra-, slökkvi- og snjóbifreiðar og fyrir snjóplóga	15%
	22	Fyrir vörubifreiðar, fyrir bifreiðar í jeppaflokki (í nr. 87.02.37) og almenningsbifreiðar	40%
	29	Annars	90%
87.05		**Yfirbyggingar (þar með talin ökumannshús) fyrir ökutæki þau, er teljast til nr. 87.01-87.03:**	
	01	Fyrir dráttarvélar, sem teljast til nr. 87.01.11	10%
	02	Fyrir dráttarvélar, sem teljast til nr. 87.01.19 og 97.01.20	25%
	03	Fyrir sjúkra-, slökkvi- og snjóbifreiðar og fyrir snjóplóga	15%
	04	Fyrir vörubifreiðar, fyrir bifreiðar í jeppaflokki (í nr. 87.02.37) og almenningsbifreiðar	40%
	09	Annað	90%
87.06	00	**Hlutar og fylgitæki fyrir ökutæki þau, er teljast til nr. 87.01-87.03**	35%
87.07	00	**Alls konar vagnar með hreyfli þeirrar gerðar, sem notaðir eru í verksmiðjum, vörugeymslum og við hafnir til flutninga stuttar vegalengdir, til hleðslu og annars þess konar á vörum (t. d. gaffallyftarar); dráttarvagnar þeirrar gerðar, sem notaðir eru á járnbrautarstöðvum; hlutar til þessara ökutækja**	25%
87.08	00	**Brynvagnar og aðrir vélknúnir stríðsvagnar, einnig vopnaðir, hlutar til slíkra ökutækja**	45%
87.09	00	**Bifhjól og reiðhjól með hjálparvél, einnig með hliðarvagni; hliðarvagnar til bifhjóla og reiðhjóla**	80%
87.10	00	**Reiðhjól án hjálparvélar (þar með talin reiðhjól til vöruflutninga á þrem hjólum)**	90%
87.11	00	**Ökutæki fyrir fatlaða og sjúka með drifi (einnig vélknúin)**	0

87.12		**Hlutar og fylgitæki til ökutækja þeirra, er teljast til nr. 87.09-87.11:**	
	10	*Hlutar og fylgitæki einungis fyrir ökutæki þau, sem teljast til nr.* 87.09	80%
	20	*Annað*	80%
87.13		**Barnavagnar og ökutæki (án drifs) fyrir fatlaða og sjúka, og hlutar til þessara ökutækja:**	
	01	Ökutæki (án drifs) fyrir fatlaða og sjúka, og hlutar til þessara ökutækja	0
	02	Barnavagnar (án drifs) og hlutar til þeirra	90%
87.14		**Önnur ökutæki án drifs (þar með taldir tengivagnar) og hlutar til þeirra:**	
	01	Hjólbörur og handvagnar; tengivagnar sérstaklega gerðir til vöruflutninga og hlutar til þeirra, ót. a.	40%
	02	Heyflutningavagnar með útbúnaði til losunar og lestunar	10%
	09	Annars	80%

88. kafli.

Loftfarartæki og hlutar til þeirra; fallhlífar; slöngvitæki og svipuð tæki til að lyfta loftfarartækjum; staðbundin flugæfingartæki.

88.01	00	**Loftfarartæki, léttari en andrúmsloft (loftskip, loftbelgir)**	35%
88.02		**Flugvélar, svifflugur og flugdrekar; hverfifallhlífar (rotochutes):**	
	01	Flugvélar og svifflugur	0
	09	Annað	35%
88.03		**Hlutar til loftfarartækja þeirra og annars, er telst til nr. 88.01 eða 88.02:**	
	01	Hlutar til flugvéla	0
	09	Aðrir	35%
88.04	00	**Fallhlífar, einnig hlutar og fylgitæki til þeirra**	20%
88.05	00	**Slöngvitæki og svipuð tæki til flugtaks loftfarartækja; flugæfingartæki á jörðu; hlutar til þessara tækja**	0

89. kafli.

Skip, bátar og fljótandi útbúnaður.

Athugasemd:

Skipsskrokkur og hálfgerð eða ófullgerð för, samsett eða ósamsett, einnig ósamsett heil för flokkast eins og heil, samsett för með sömu sérstöku einkennum. Sé það óljóst, um hvers konar farartæki er að ræða, skal það talið til nr. 89.01.

89.01		**Skip, bátar og önnur fljótandi för, sem teljast ekki til nr. 89.02—89.05 í þessum kafla:**	
	10	*Herskip*	0
		Annað:	
	21	Björgunarbátar úr hvers konar efni, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	4%
	22	Vélskip, ót. a., yfir 250 smál. brúttó	0
	23	Vélskip, ót. a., 100—250 smál. brúttó	0
	24	Vélskip, ót. a., 10 og allt að 100 smál. brúttó	0
	29	Annars	35%
89.02	00	**Dráttarbátar**	0
89.03	00	**Vitaskip, slökkviskip, hvers konar dýpkunar- og dæluskip, flotkranar og önnur fljótandi för, sem ætluð eru aðallega til annars konar notkunar en siglinga; flotkvíar**	0

89.04	00	**Skip, bátar og önnur fljótandi för til niðurrifs**	15%
89.05	00	**Fljótandi útbúnaður, annar en skip og bátar (t. d. steinsteypt ker, löndunarbrýr, baujur og sjómerki)**	0

XVIII. flokkur.

Optísk tæki og áhöld, ljósmynda- og kvikmyndatæki og áhöld, mæli-, prófunar- og nákvæmnitæki og áhöld, lækningatæki og áhöld; úr og klukkur; hljóðfæri, hljóðritunar- og hljóðvarpstæki; hlutar til þeirra.

90. kafli.

Optísk tæki og áhöld, ljósmynda- og kvikmyndatæki og áhöld, mæli-, prófunar-, nákvæmni- og lækningatæki og áhöld; hlutar til þeirra.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Vörur til tækninota úr óhertu gúmmíi (nr. 40.14), úr leðri og leðurlíki (nr. 42.04) eða úr spunatrefjum (nr. 59.17).
   b. Eldfastar vörur, er teljast til nr. 69.03, leirvörur til notkunar í rannsóknarstofum eða til kemiskra eða annarra tækninota (nr. 69.09).
   c. Speglar úr gleri, sem ekki hafa verið optískt unnir (nr. 70.09), speglar úr góðmálmum eða öðrum málmum, sem ekki eru optiskar vörur (nr. 83.12 eða 71. kafli).
   d. Vörur, er teljast til nr. 70.07, 70.14, 70.15, 70.17 eða 70.18.
   e. Hlutar til almennra nota eins og þeir eru skýrgreindir í 2. athugasemd við XV. flokk.
   f. Dælur með mælitækjum (nr. 84.10); talningsvogir og prófunarmælitæki og lóð innflutt sér í lagi (nr. 84.20); vélar og tæki til lyftingar og flutninga (nr. 84.22); sértæki til stillingar á smíðaefni eða verkfærum smíðavéla, er teljast til nr. 84.48, einnig þótt þeim fylgi optísk tæki til að lesa af mælikvarða (t. d. optísk deilihöfuð), þó ekki slík tæki, sem sjálf eru aðallega bein optísk tæki eða áhöld (t. d. stillingarsjónaukar); lokar og aðrar vörur, er teljast til nr. 84.61.
   g. Kastljós á farartæki (nr. 85.09), siglingartæki byggð á útvarpsbylgjum eða radartæki (nr. 85.15).
   h. Kvikmyndahljóðritunar- og hljóðvarpstæki, sem vinna eingöngu fyrir áhrif segulmagns (nr. 92.11); segulmagnshljóðhöfuð (92.13).
   ij. Vörur í 97. kafla.
   k. Mæliker, er flokkast til númera eftir því efni, sem þau eru gerð úr.
2. Tæki og áhöld, sem eru ekki heil eða fullgerð, teljast til hinna sömu númera og um heil tæki eða áhöld væri að ræða, enda hafi þau einkenni hins heila og fullgerða tækis.
3. Þegar annað er ekki tekið fram í 1. og 2. athugasemd hér á undan, skulu hlutar og fylgitæki, sem eru einungis eða aðallega nothæf við vélar, tæki eða áhöld, sem teljast til þessa kafla, flokkast þannig:
   a. Hlutar eða fylgitæki, sem í sjálfu sér eru vélar, tæki eða verkfæri (þar með talin optísk tæki í nr. 90.01 eða 90.02), er teljast til einhvers númers í þessum kafla eða í 84., 85. eða 91. kafla (nema nr. 84.65 og 85.28), skulu teljast til nefndra númera og kafla.
   b. Aðrir hlutar og fylgitæki skulu talin til nr. 90.29, ef þau svara til lýsingarinnar þar, en annars skulu þau talin til sömu númera og viðkomandi vél, tæki eða áhald fellur undir.

4. Til nr. 90.05 teljast ekki stjörnusjónaukar (nr. 90.06), sjónaukasigti á vopn, sjónpípa (periskóp) á kafbáta og brynvagna og sjónaukar á tæki og áhöld, er teljast til þessa kafla; slíkir sjónaukar og sigti teljast til nr. 90.13.
5. Optísk tæki og áhöld til mælingar og prófunar, sem talizt gætu annað hvort til nr. 90.13 eða 90.16 eftir orðalagi þeirra númera, skulu talin til nr. 90.16.
6. Til nr. 90.28 telst einungis:
   a. Tæki og áhöld til að mæla rafmagnsstærðir.
   b. Tæki og áhöld þeirrar gerðar, sem nefnd eru í nr. 90.14—90.16, 90.22—90.25 eða 90.27 (þó ekki snúðsjár (stroboscopes)), en þannig gerð, að rafmagnsfyrirbæri hafi áhrif á þau, misjafnlega mikið eftir stærð þeirra, er mæla á eða stjórna sjálfvirkt.
   c. Tæki og áhöld til að mæla eða finna alfa-, beta-, gamma- og röntgengeisla, geimgeisla og aðra slíka geisla.
7. Hylki, kassar og annað þess háttar, sem flutt er inn með vörum þeim, er teljast til þessa kafla, skal talið til sömu númera og viðkomandi tæki eða áhöld, þegar venja er að selja tækin eða áhöldin með slíkum umbúðum og þær eru til þess ætlaðar. Hylki, kassar og annað þess háttar, sem flutt er inn sér í lagi, telst til númera eftir efninu, sem það er gert úr.

90.01		**Linsur, prismu, speglar og aðrar optískar vörur, úr hvers konar efni, án umgerðar, þó ekki slíkar vörur úr gleri, sem hafa ekki verið optískt unnar; þynnur og plötur úr pólaríserandi efnum:**	
	01	Gleraugnagler	50%
	09	Annað	35%
90.02		**Linsur, prismu, speglar og aðrar optískar vörur, úr hvers konar efni, í umgerð, til tækja og áhalda, þó ekki slíkar vörur úr gleri, sem ekki hafa verið optískt unnar:**	
	01	Vitagler	35%
	09	Annað	50%
90.03	00	**Umgerðir um gleraugu, nefklemmugleraugu, stangargleraugu, hlífðargleraugu og annað þess háttar og hlutar til slíkra umgerða**	50%
90.04	00	**Gleraugu, nefklemmugleraugu, stangargleraugu, rykgleraugu og annað þess háttar til réttingar á sjón og henni til hlífðar**	50%
90.05	00	**Sjónaukar með eða án prisma fyrir annað augað eða bæði**	80%
90.06	00	**Stjörnufræðileg tæki og áhöld (t. d. stjörnusjónaukar og mælitæki, er þeim heyra til), og fætur og útbúnaður til þeirra (þó ekki tæki og áhöld til radíóstjörnufræði)**	35%
90.07	00	**Ljósmyndavélar; leifturljósatæki til ljósmyndunar:**	
	01	Ljósmyndavélar, eingöngu nothæfar til læknisfræðilegra rannsókna	15%
	09	Annað	50%
90.08	00	**Kvikmyndavélar: Myndatöku- og sýningarvélar, hljóðupptöku- og hljóðvarpstæki; allar samstæður af þessum vélum og tækjum**	50%
90.09	00	**Skuggamyndavélar, stækkunar- og minnkunartæki til ljósmyndagerðar (þó ekki fyrir kvikmyndir)**	50%
90.10	00	**Tæki og áhöld þeirrar tegundar, sem notuð eru í ljósmynda- og kvikmyndavinnustofum og ekki falla undir neitt annað númer í þessum kafla; vélar til að taka ljósmyndað afrit af skjölum og þess háttar með snertiaðferð (contact type); spólur og kefli fyrir filmur; sýningartjöld**	50%
90.11	00	**Rafagna- og prótonsmásjár, rafagna- og prótondiffraktógrafar**	35%
90.12	00	**Optískar smásjár, einnig með útbúnaði til að taka, eða varpa á sýningartjald, mynd af því, sem í þeim sést**	35%
90.13	00	**Optísk tæki og áhöld (þó ekki ljósbúnaður annar en ljóskastarar), sem ekki eru talin í öðrum númerum þessa kafla**	40%

90.14		**Tæki og áhöld til landmælinga — þar með taldar mælingar eftir landslagsmyndum — til vatnsrannsókna (hydrography), siglinga (navigation), veðurfræðirannsókna, vatnsfræðirannsókna (hydrology) og jarðeðlisfræðirannsókna (geófysik); áttavitar og fjarlægðarmælar:**	
	01	Áttavitar og önnur siglingatæki tilheyrandi þeim	4%
	09	Annað	35%
90.15	00	**Vogir með nákvæmni fyrir 5 cg eða minna, einnig með lóðum, er þeim heyra til**	35%
90.16	00	**Tæki til teiknunar, afmörkunar og útreiknings (t. d. pantógrafar, teiknifæri, reglustikur, reiknistokkar, reikniskífur o. fl.), tæki og áhöld til mælinga, endurmælinga og prófana, enda falli þau ekki undir annað númer þessa kafla (t. d. míkrómeter, rennimál, málbönd, mælistikur og jafnvægistæki (balancing machines)) og prófílprójektörar**	35%
90.17		**Tæki og áhöld til tannlækninga, lyflækninga, skurðlækninga og dýralækninga (þar með rafmagnslækningatæki og augnlækningatæki og áhöld):**	
	10	*Rafmagnslækningatæki*	35%
	20	*Önnur*	35%
90.18	00	**Tæki til mekanóterapí, nuddlækninga, psykótekniskra rannsókna, oxygenterapí, ózonterapí, aerosólterapí og gerviandardráttar, öndunartæki (þar með taldar gasgrímur og önnur svipuð tæki)**	35%
90.19		**Ortópedískar vörur og önnur svipuð tæki (skurðlækningabelti, kviðslitsbelti og annað þess háttar); gervilimir, gerviaugu, gervitennur og aðrir gervihlutar líkamans; heyrnartæki; spengur og annað til lækninga á beinbroti:**	
	10	*Heyrnartæki*	15%
	20	*Annað*	15%
90.20	00	**Röntgentæki og tæki, sem nýta geislun frá geislavirkum efnum (þar með talin tæki til myndatöku með röntgengeislum og röntgenterapí); röntgengeneratorar og röntgenlampar; röntgenskermar; röntgenháspennutæki, mælitöflur fyrir röntgentæki; borð, stólar og annað þess háttar sérstaklega gert til notkunar við rannsóknir og lækningar með röntgengeislum**	15%
90.21	00	**Tæki, áhöld og eftirlíkingar til sýningar og kennslu, ekki hæfar til annarra nota**	35%
90.22	00	**Tæki til mekanískrar prófunar á hörku, styrkleika, þrýstiþoli, teygjanleika og öðrum svipuðum eiginleikum efnis (t. d. málma, trjáviðar, spunatrefja, pappírs og plasts)**	35%
90.23		**Flotvogir (hydrometers) og svipuð tæki; hitamælar, háhitamælar (pyrometers), loftvogir, rakamælar, rakaþrýstingsmælar (psychrometers), hvort heldur þeir eru búnir ritfærum eða eigi; einnig hvers konar samsetning þessara tækja:**	
	01	Sjúkramælar	35%
	02	Aðrir hitamælar	35%
	03	Loftþyngdarmælar	35%
	09	Annað	35%
90.24		**Tæki og áhöld til mælinga, prófana eða til sjálfvirkrar ákvörðunar á straumhraða, dýpi, þrýstingi og öðrum breytilegum stærðum í vökvum og hvers konar lofttegundum eða til sjálfvirkrar ákvörðunar hitastigs (t. d. þrýstingsmælar, hitastillar, vökvahæðarmælar, rennslismælar, varmamælar og sjálfvirkir súgstillar í ofna), þó ekki vörur þær, er teljast til nr. 90.14:**	
	01	Hitastillar (termóstatar)	35%
	09	Annað	35%
90.25	00	**Tæki og áhöld til fysiskrar og kemískrar greiningar (t. d. ljósskautunarmælar (polarimeters), ljósbrotsmælar (refractometers), ljósrófsmælar**	

		(spectrometers), gasgreinitæki); tæki og áhöld til mælingar á fljótanleika, gropinleika, þenslu, yfirborðsspennu og öðru þess háttar (svo sem „viscometers", „porosimeters", „expansion meters"); tæki og áhöld til mælingar á magni hita, ljóss eða hljóðs (svo sem ljósmælar (photometers) (þar með „exposure meters"), hitamagnsmælar (calorimeters); smásjársneiðatæki (microtomes))	35%
90.26		**Notkunar- og framleiðslumælar fyrir gas, vökva og rafmagnsstraum; mælar til prófunar á þeim:**	
	10	*Notkunarmælar fyrir rafmagn*	35%
	20	*Aðrir*	35%
90.27	00	**Snúningsteljarar, framleiðsluteljarar, taxtamælar, kílómetramælar, skrefteljarar og annað þess háttar, hraðamælar (einnig segulmagns) og snúningshraðamælar (tachometers) (aðrar en vörur þær, er teljast til nr. 90.14); snúðsjár (stroboscopes)**	35%
90.28		**Rafmagns- og rafagnatæki og áhöld til mælinga, prófana, skoðana, greininga og sjálfvirkra stillinga:**	
	01	Bergmálsdýptarmælar (ekkólóð), asdictæki og aðrir þvílíkir rafmagns- og rafagnadýptarmælar og fisksjár	4%
	09	Önnur	35%
90.29		**Hlutar og fylgitæki þannig löguð, að þau séu einungis eða aðallega hæf og ætluð til einnar eða fleiri af þeim vörum, er teljast til nr. 90.23-90.24 og nr. 90.26-90.28:**	
	01	Til tækja og áhalda, sem teljast til nr. 90.28.01	4%
	09	Annað	35%

91. kafli.

Úr og klukkur og hlutar til þeirra.

Athugasemdir:

1. Með *vasaúrverkum* í nr. 91.02 og 91.07 er átt við úrverk, sem eru með óróa og gormfjöður sem gangstilla og eru í mesta lagi 12 mm að þykkt, þegar með er talinn verkbotn og brýr.
2. Nr. 91.07 og 91.08 taka ekki til verka, sem ganga fyrir fjöðrum eða lóðum og hafa ekki gang (echappement), og eru ekki ætluð til þess, að hann sé settur í þau (nr. 84.08).
3. Til þessa kafla teljast ekki lóð, úr- eða klukkugler, úrfestar, úrreimar, hlutar til rafbúnaðar, kúlulegur og kúlur í þær eða hlutar til almennrar notkunar eins og þeir eru skýrgreindir í 2. athugasemd við XV. flokk. Úr- og klukkufjaðrir flokkast eins og hlutar til úra og klukkna (nr. 91.11).
4. Leiði ekki annað af 2. og 3. athugasemd hér að ofan, teljast verk og hlutar, sem jöfnum höndum má nota í úr og klukkur og önnur tæki (t. d. nákvæmnitæki), til þessa kafla.
5. Kassar, öskjur, hylki og annað þess háttar, sem flutt er inn með vörum þeim, er teljast til þessa kafla, flokkast í sömu númer og viðkomandi vörur, enda sé það ætlað fyrir viðkomandi vöru og að jafnaði selt með henni. Kassar, öskjur, hylki og annað þess háttar, sem flutt er inn sér í lagi, telst til númera í samræmi við gerð þess og efnið, sem það er gert úr.

91.01	00	**Vasaúr, armbandsúr og önnur svipuð úr (þar með talin stanzúr af svipaðri gerð)**	50%
91.02	00	**Önnur úr og klukkur með vasaúrverki (þó ekki úr, er teljast til nr. 91.03)**	50%
91.03	00	**Úr og klukkur í mælatöflur og annað þess háttar fyrir land-, sjó- og loftfarartæki**	50%

91.04	00	**Önnur úr og klukkur**	50%
91.05	00	**Eftirlitstæki og tímamælar með úrverki eða samfashreyfli til skrásetningar á tíma eða til mælingar, skrásetningar eða annarra upplýsinga um tímalengdir**	50%
91.06	00	**Tímarofar með úrverki eða samfashreyfli**	50%
91.07	00	**Vasaúrverk fullgerð**	50%
91.08	00	**Önnur úrverk fullgerð**	50%
91.09	00	**Kassar fyrir úr; hlutar til þeirra; ófullgerðir hlutar í slíka kassa**	50%
91.10	00	**Klukkukassar og svipaðar umgerðir fyrir aðrar vörur í þessum kafla, og hlutar til þeirra**	50%
91.11	00	**Aðrir hlutar í úr og klukkur**	50%

92. kafli.

Hljóðfæri; hljóðupptökutæki, hljóðflutningstæki; hlutar og fylgitæki til þessara tækja og áhalda.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Ljósnæmar filmur til ljósmyndunar eða ljósrafrænnar (photo-electric) upptöku, einnig áteknar eða framkallaðar (37. kafli).
   b. Hlutar til almennra nota í samræmi við skýrgreiningu í 2. athugasemd við XV. flokk.
   c. Hljóðnemar, magnarar, hátalarar, höfuðheyrnartæki, rofar, snúðsjár og önnur áhöld og tæki og önnur fylgitæki, er teljast til 85. eða 90. kafla og ætluð eru til notkunar með tækjum þeim, er teljast til þessa kafla, en eru ekki sambyggð þeim eða komið fyrir í sama hylki og þau; hljóðupptökutæki eða hljóðflutningstæki sambyggð útvarpstækjum (nr. 85.15).
   d. Burstar til að hreinsa hljóðfæri (nr. 96.02).
   e. Hljóðfæri, sem bera einkenni leikfangs (nr. 97.03).
   f. Safngripir og forngripir (nr. 99.05 eða 99.06).
2. Hálfgerð og ófullgerð hljóðfæri og tæki flokkast eins og um heil og fullgerð hljóðfæri og tæki væri að ræða, enda sé smíðinni svo langt komið, að höfuðeinkenni hljóðfærisins eða tækisins sé komið í ljós.
3. Bogar, trumbusláttartæki og annað þess háttar til hljóðfæra, er teljast til nr. 92.02 og 92.06, og flutt er inn með hljóðfærunum, sem það á augsýnilega að notast til og í hæfilegu magni, flokkast í sömu númer og viðkomandi hljóðfæri.

   Gataður pappír og pappi, er telst til nr. 92.10, einnig grammófónplötur og annað þess háttar (nr. 92.12), flokkast til nefndra númera sér í lagi, einnig þótt það sé flutt inn með þeim hljóðfærum, sem það á að notast til.
4. Kassar, öskjur, hylki og annað þess háttar, sem flutt er inn með vörum þeim, er teljast til þessa kafla, flokkast í sömu númer og viðkomandi vörur, enda sé það ætlað fyrir viðkomandi vöru og að jafnaði selt með henni. Kassar, öskjur, hylki og annað þess háttar, sem flutt er inn sér í lagi, telst til númera í samræmi við gerð þess og efnið, sem það er gert úr.

92.01	00	**Píanó (hér með talin sjálfspilandi píanó með eða án nótnaborðs); „harpsichord" og önnur strengjahljóðfæri með nótnaborði; hörpur (þó ekki vindhörpur)**	30%
92.02	00	**Önnur strengjahljóðfæri**	50%

92.03	00	**Pípu- og tunguorgel, þar með talin harmóníum og önnur svipuð hljóðfæri:**	
	01	Orgel til notkunar í kirkjum, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	0
	09	Önnur	30%
92.04		**Harmóníkur, concertínur og önnur svipuð hljóðfæri; munnhörpur:**	
	01	Munnhörpur	50%
	09	Annað	50%
92.05	00	**Önnur blástursblóðfæri**	50%
92.06	00	**Slaghljóðfæri (t. d. trommur, zylófón, cymbals og kastanjettur)**	50%
92.07	00	**Rafsegul-, rafstöðu-, rafagnabúin hljóðfæri og önnur svipuð hljóðfæri (t. d. píanó, orgel og harmóníkur):**	
	01	Píanó og orgel	30%
	09	Annað	50%
92.08	00	**Hljóðfæri, sem teljast ekki til neins annars númers þessa kafla (t. d. orkestríon, lírukassar, spiladósir og hljómsagir); mekaníska söngfuglar; hvers konar tálflautur; merkjahorn og merkjaflautur blásnar með munninum (t. d. bátsmannsflautur)**	50%
92.09	00	**Strengir í hljóðfæri**	50%
92.10	00	**Hlutar og fylgitæki til hljóðfæra (þó ekki strengir), þar með talinn gataður pappír eða pappi í mekanísk hljóðfæri og valsar í spiladósir; taktmælar, tóngaffiar og tónflautur hvers konar**	50%
92.11		**Grammófónar, diktafónar og önnur hljóðupptöku- og hljóðflutningstæki (þar með taldir plötu- og bandspilarar með eða án hljómhöfuðs):**	
	01	Grammófónar og plötuspilarar	75%
	02	Hljóðupptökutæki og bandspilarar	75%
	09	Annað	75%
92.12		**Grammófónplötur og aðrar hljóðupptökur; plötur, valsar, filmur, bönd, þræðir og annað þess háttar tilbúið til hljóðupptöku; mót til framleiðslu á grammófónplötum:**	
	01	Grammófónplötur með íslenzku efni	30%
	02	Grammófónplötur til tungumálakennslu	50%
	03	Segulbönd fyrir skýrsluvélar, samkv. nánari skilgreiningu fjármálaráðuneytisins	35%
	09	Annað	75%
92.13	00	**Önnur fylgitæki og hlutar til grammófóna, diktafóna og annarra hljóðupptöku- og hljóðflutningstækja**	75%

XIX. flokkur.
Vopn og skotfæri; hlutar til þeirra.

93. kafli.

Vopn og skotfæri; hlutar til þeirra.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Vörur, er teljast til 36. kafla (t. d. hvellhettur, sprengihettur, merkjaflugeldar).
   b. Hlutar til almennra nota eins og þeir eru skýrgreindir í 2. athugasemd við XV. flokk.
   c. Brynvagnar og önnur brynvarin farartæki með vopnum (nr. 87.08).
   d. Sjónaukasigti og önnur optísk tæki, sem eru ekki fest á skotvopn eða flutt inn með þeim skotvopnum, sem á að nota þau við (90. kafli).

e. Bogar, örvar, skilmingavopn og annað þess háttar til íþróttaiðkana, ásamt leikföngum, er telst til 97. kafla.
f. Safngripir og forngripir (nr. 99.05 eða 99.06).

2. Hálfgerð og ófullgerð vopn flokkast eins og um heil og fullgerð vopn væri að ræða, enda sé smíðinni svo langt komið, að höfuðeinkenni vopnsins sé komið í ljós.
3. Sem *hlutar til þeirra* í nr. 93.07 teljast ekki radíó- og radartæki, sem teljast til nr. 85.15.
4. Kassar, öskjur, hylki og annað þess háttar, sem flutt er inn með vörum þeim, er teljast til þessa kafla, flokkast í sömu númer og viðkomandi vara, enda sé það ætlað fyrir viðkomandi vöru og að jafnaði selt með henni. Kassar, öskjur, hylki og annað þess háttar, sem flutt er inn sér í lagi, telst til númera í samræmi við gerð þess og efnið, sem það er gert úr.

93.01	00	**Sverð, höggsverð, byssustingir og svipuð vopn ásamt hlutum til þeirra og slíðrum**	60%
93.02	00	**Skammbyssur, sem eru skotvopn**	60%
93.03	00	**Stórskotaliðsvopn, vélbyssur og önnur hernaðarskotvopn og sprengjuvörpur (þó ekki skammbyssur)**	60%
93.04		**Önnur eldvopn, þar með taldar merkjabyssur, hvellbyssur, línubyssur og annað þess háttar:**	
	01	Línubyssur	20%
	02	Hvalveiðibyssur	20%
	03	Fjárbyssur	20%
	09	Annars	60%
93.05	00	**Önnur vopn, þar með taldar loftbyssur, fjaðrabyssur og annað þess háttar**	60%
93.06		**Hlutar til vopna, þar með talin formótuð skefti og hlaup, en ekki hlutar, er teljast til nr. 93.01:**	
	10	*Hlutar til vopna, sem teljast til nr.* 93.04-93.05	60%
	20	*Aðrir*	60%
93.07		**Sprengjur, handsprengjur, tundurskeyti, tundurdufl, fjarstýrð vopn, flugskeyti og svipuð hernaðarvopn og hlutar til þeirra; skotfæri og hlutar til þeirra, þar með talin forhlöð; blýhögl:**	
	10	*Skotfæri til sportvopna*	35%
		Annað:	
	21	Skutlar og skot í hvalveiðibyssur og línubyssur	4%
	22	Skot sérstaklega gerð fyrir fjárbyssur	20%
	29	Annars	35%

XX. flokkur.
Ýmsar vörur.

94. kafli.
Húsgögn og hlutar til þeirra; rúmbotnar, dýnur, púðar og þess háttar stoppaður húsbúnaður.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Dýnur, höfuðpúðar og aðrir púðar, sem fylla má með lofti eða vatni (39., 40. og 62. kafli).
   b. Gólflampar, borðlampar, vegglampar, lampastæði og annar ljósabúnaður, sem flokkast eftir því efni, sem hann er gerður úr (t. d. nr. 44.27, 70.14 og 83.07).
   c. Vörur úr steini eða leir, sem notaðar eru sem stólar, sæti, borð eða súlur í lystigörðum, blómagörðum eða anddyrum (68. og 69. kafli).
   d. Speglar, sem gerðir eru til að standa á gólfi eða jörðu (t. d. hverfispeglar), er teljast til nr. 70.09.
   e. Hlutar til almennra nota samkvæmt skýrgreiningu í 2. athugasemd við XV. flokk, enn fremur peningaskápar, er teljast til nr. 83.03.
   f. Húsgögn sérstaklega gerð sem hlutar af kæliskápum, er teljast til nr. 84.15; húsgögn sérstaklega gerð fyrir saumavélar (nr. 84.41).
   g. Húsgögn sérstaklega gerð sem hlutar af útvarpsgrammófónum, útvarpsviðtækjum og sjónvarpstækjum (nr. 85.15).
   h. Spýtubakkar fyrir tannlæknastofur (nr. 90.17).
   ij. Vörur, sem teljast til 91. kafla (t. d. klukkur og klukkukassar).
   k. Húsgögn sérstaklega gerð sem hlutar af grammófónum, diktafónum eða öðrum hljóðupptöku- og hljóðflutningstækjum, er teljast til nr. 92.13.
   l. Leikfangahúsgögn (nr. 97.03), ballskákarborð og önnur húsgögn sérstaklega gerð fyrir leiki (nr. 97.04) og töfrabrögð (nr. 97.05).
2. Orðin stólar og önnur tæki í nr. 94.01 og 94.02 og húsgögn í nr. 94.02 og 94.03 taka því aðeins til þessara muna, að þeir séu gerðir til að standa á gólfi eða á jörðu.

   Þetta tekur þó ekki til eftirtalinna húsgagna, þótt þau séu gerð til að festast á vegg eða standa hvert ofan á öðru:
   a. Eldhússkápar og þess háttar skápar.
   b. Sambrotsstólar og sambrotsrúm.
   c. Samsetningsbókaskápar og hliðstæð samsetningahúsgögn.
3. Húsgögn, sem eru flutt inn ósamsett, flokkast sem samsett, einnig þótt um sé að ræða plötur, hluta eða fylgihluta úr gleri, marmara o. þ. h., enda séu þessir ósamsettu munir fluttir inn í sömu sendingu.
4. a. Sem hlutar til vöru í 94. kafla teljast ekki plötur úr gleri (þar með taldir speglar), marmara eða öðrum steintegundum, þó að þær séu tilskornar, ef þær eru ekki festar við aðra húsgagnahluta.
   b. Séu vörur, sem teljast til nr. 94.04, fluttar inn sér í lagi, flokkast þær til þess númers, en ekki til nr. 94.01—94.03, enda þótt þær séu fluttar inn sem hlutar til húsgagna, er teljast til nr. 94.01—94.03.

94.01	00	**Stólar og önnur sæti (þar með taldir svefnsófar o. þ. h.) og hlutar til þeirra, þó ekki sæti, er teljast til nr. 94.02**	90%
94.02	00	**Húsgögn fyrir læknisaðgerðir, þar með taldar tannlæknis- og dýralæknisaðgerðir (t. d. skurðarborð, rannsóknarborð, sjúkrarúm með mekanískum útbúnaði); tannlæknastólar og önnur slík sæti með mekanískum lyfti- og öðrum hreyfiútbúnaði; hlutar til þessara húsgagna**	35%
94.03	00	**Önnur húsgögn og hlutar til þeirra:**	
	01	Innréttingar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	60%
	09	Annað	90%
94.04	00	**Rúmbotnar; rúmfatnaður og þess konar húsbúnaður, með fjöðrum eða hólstrun, úr hvers konar efni, einnig úr svampgúmmíi, með eða án yfirklæðis (t. d. dýnur, stungnar ábreiður, sængur, sessur og púðar)**	90%

95. kafli.

Vörur úr útskurðar- og mótunarefnum; unnin útskurðar- og mótunarefni.

Athugasemdir:

Til þessa kafla telst ekki:

a. Vörur, er teljast til 66. kafla (t. d. hlutar til regnhlífa og göngustafa).
b. Blævængir, ekki mekaniskir (nr. 67.05).
c. Vörur, er teljast til 71. kafla (t. d. glysvarningur).
d. Hnífar og aðrar vörur, er teljast til 82. kafla, þótt þær séu með skafti eða öðrum hluta úr útskurðar- eða mótunarefnum. Séu sköftin og aðrir hlutar til þessara vara fluttir inn sér í lagi, teljast þeir þó til þessa kafla.
e. Vörur, er teljast til 90. kafla (t. d. gleraugnaumgerðir).
f. Vörur, er teljast til 91. kafla (t. d. klukku- og úrkassar).
g. Vörur, er teljast til 92. kafla (t. d. hljóðfæri og hlutar til þeirra).
h. Vörur, er teljast til 93. kafla (t. d. vopn og hlutar til þeirra).
ij. Vörur, er teljast til 94. kafla (t. d. húsgögn og hlutar til þeirra).
k. Burstagerðarvörur og aðrar vörur, er teljast til 96. kafla.
l. Vörur, er teljast til 97. kafla (t. d. leikföng, leiktæki og íþróttavörur).
m. Vörur, er teljast til 98. kafla (t. d. hnappar, reykjapípur og greiður).
n. Vörur, er teljast til 99. kafla (t. d. listaverk, safnmunir og forngripir).

95.01	00	**Skjaldbökuskel unnin og vörur úr skjaldbökuskel**	100%
95.02	00	**Perlumóðir unnin og vörur úr perlumóður**	100%
95.03	00	**Fílabein unnið og vörur úr fílabeini**	100%
95.04	00	**Bein unnið og vörur úr beini**	100%
95.05	00	**Horn unnið, kórall (náttúrlegur eða tilbúinn) og önnur útskurðarefni úr dýraríkinu og vörur úr þessum efnum**	100%
95.06	00	**Útskurðarefni úr jurtaríkinu (t. d. fílabeinshnetur), unnin, og vörur úr þeim**	100%
95.07	00	**Harðkol (jet) (þar með harðkoleftirlíkingar úr jarðefnum), raf, merskúm, tilbúið raf og tilbúið merskúm, unnið, og vörur úr þessum efnum**	100%
95.08		**Mótaðar eða útskornar vörur úr vaxi, steríni, kolvetnisgúmmíi úr jurtaríkinu, náttúrlegum harpixum (t. d. kópal eða kólófóníum) eða mótunardeigi, svo og aðrar mótaðar eða útskornar vörur, ót. a.; unnið, óhert gelatín (þó ekki gelatín, er telst til nr. 35.03) og vörur úr óhertu gelatíni:**	
	01	Gelatínbelgir utan um lyf	15%
	09	Annað	100%

96. kafli.

Sópar, penslar, burstar, fjaðrakústar, duftpúðar og sáld.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Vörur, er teljast til 71. kafla.
   b. Burstar sérstaklega gerðir fyrir lyf-, skurð-, tannlæknis-, dýralæknis- eða aðrar læknisaðgerðir (nr. 90.17).
   c. Leikföng, er teljast til 97. kafla.
2. Með orðunum *tilbúin knippi til framleiðslu á sópum og burstum* í nr. 96.03 er einungis átt við óáfest knippi úr dýrahári, jurtatrefjum eða öðru efni, sem án sundurgreiningar eru tilbúin til að festast í bursta eða annað þess háttar, eða þarfnast aðeins smávægilegrar lagfæringar, svo sem límingar eða tilskurðar, til að nota megi þau á þennan hátt.

96.01	00	**Sópar og burstar úr hrísi og öðrum jurtaefnum, aðeins samanbundið en ekki fest á haus, með eða án skafts**	70%
96.02		**Aðrir sópar, penslar og burstar (þar með taldir burstar, sem eru hlutar af vélum), málningarrúllur, gúmmíþurrkur á skafti (aðrar en rúllur) og skaftþvögur o. þ. h.:**	
	01	Málningarpenslar og málningarrúllur	70%
	02	Listmálunarpenslar, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	35%
	03	Burstar og sópar, sem eru hlutar af vélum	35%
	04	Tannburstar	50%
	09	Annars	100%
96.03	00	**Tilbúin knippi til framleiðslu á sópum, penslum og burstum**	35%
96.04	00	**Fjaðrasópar**	100%
96.05	00	**Duftpúðar o. þ. h., úr hvers konar efni**	100%
96.06	00	**Handsíur og handsáld, úr hvers konar efni**	80%

97. kafli.

Leikföng, leiktæki og íþróttavörur og hlutar til þessara vara.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Jólakerti (nr. 34.06).
   b. Flugeldar og skrauteldar o. þ. h. í nr. 36.05.
   c. Garn, einþráðungar, línur, þarmar o. þ. h. til fiskveiða í hæfilegum lengdum, en ekki uppsett, sem telst til 39. kafla, nr. 42.06 eða til XI. flokks.
   d. Íþróttatöskur og aðrar vörur, er teljast til nr. 42.02 og nr. 43.03.
   e. Íþróttafatnaður og grímubúningar úr vefjarefnum, sem teljast til 60. og 61. kafla.
   f. Flögg og flaggdúkur úr vefnaði og segl á báta og farartæki, er teljast til 62. kafla.
   g. Íþróttaskófatnaður (þó ekki skautaskór með áföstum skautum), legghlífar o. þ. h., er telst til 64. kafla, enn fremur höfuðfatnaður til íþróttaiðkana, er telst til 65. kafla.
   h. Klifurstafir, svipur, keyri o. þ. h. (nr. 66.02) og hlutar til þeirra vara (nr. 66.03).
   ij. Gleraugu í brúður eða önnur leikföng, óuppsett, er teljast til nr. 70.19.
   k. Hlutir til almennra nota samkvæmt skýrgreiningu í 2. athugasemd við XV. flokk.
   l. Vörur, sem falla undir nr. 83.11.

m. Sportökutæki (nema rennisleðar (bobsleighs, toboggans) og aðrir svipaðir sleðar), sem teljast til XVII. flokks.
n. Barnahjól með kúlulegum og smíðuð eins og venjuleg hjól fyrir fullorðna (nr. 87.10).
o. Sportbátar, svo sem eintrjáningar og kappróðrarbátar (89. kafli), og árar o. þ. h. til þeirra (44. kafli, ef árarnar eru úr trjáviði).
p. Hlífðargleraugu til íþróttaiðkana og útileikja (nr. 90.04).
q. Tálflautur o. þ. h. (nr. 92.08).
r. Vopn og aðrar vörur, er teljast til 93. kafla.
s. Strengir í boltaspaða, tjöld og annar ferðaútbúnaður, enn fremur hanzkar (flokkast yfirleitt eftir því efni, sem vörurnar eru gerðar úr).

2. Til þessa kafla teljast einnig vörur, sem í eru einhverjir óverulegir hlutar úr perlum, eðalsteinum eða hálfeðalsteinum (náttúrlegum, tilbúnum eða endurgerðum), góðmálmi eða góðmálmspletti.
3. Orðið *brúður* í nr. 97.02 tekur aðeins til slíkra hluta, sem gerðir eru í mannsmynd.
4. Ófullgerðar vörur eða vörur, sem eitthvað vantar á, flokkast eins og samsvarandi vörur fullgerðar eða heilar, ef þær að öllu verulegu líta út eins og fullgerðar vörur.
5. Ef annað er ekki tekið fram í 1. athugasemd hér að ofan, teljast hlutar og fylgihlutar, sem eingöngu eða aðallega eru hæfir og notaðir sem hlutar eða fylgihlutar vara þeirra, er teljast til þessa kafla, til sama númers og varan fullgerð.

97.01	**00**	**Leikfangsökutæki fyrir börn (t. d. hlaupahjól, barnahjól, þríhjól og stignir barnabílar); brúðuvagnar og brúðukerrur**	90%
97.02	**00**	**Brúður**	90%
97.03	**00**	**Önnur leikföng; smálíkön til leikja og skemmtunar**	90%
97.04		**Samkvæmisleiktæki fyrir börn og fullorðna (þar með talin borðleiktæki, ballskákarborð (billardborð), spilaborð (rouletborð) og borðtennisútbúnaður):**	
	01	Taflborð og taflmenn	80%
	02	Spil	100%
	09	Önnur	90%
97.05	**00**	**Grímuballsvörur; skemmtitæki, t. d. til töfrabragða, sjónhverfinga o. þ. h.; jólatrésskraut og annað jólaskraut (t. d. tilbúin jólatré, jólasokkar o. þ. h.)**	100%
97.06		**Áhöld, tæki og útbúnaður til fimleika, aflrauna og annarra íþrótta og útileikja (þó ekki vörur, er teljast til nr. 97.04):**	
	01	Skíði og hlutar til þeirra og skíðastafir	50%
	02	Skautar (þar með hjólaskautar)	50%
	09	Annað	50%
97.07		**Fiskiönglar, fiskistengur og annar útbúnaður til stangaveiði; veiðihafar (t. d. fyrir fisk og fiðrildi), tálfuglar, lerkispeglar og annar þess háttar veiðiútbúnaður:**	
	01	Fiskiönglar venjulegir, eftir nánari skýrgreiningu og ákvörðun fjármálaráðuneytisins	4%
	02	Veiðistengur	50%
	09	Annað	50%
97.08	**00**	**Hringekjur, rólur, skotskífur og annar útbúnaður fyrir skemmtistaði; ferðasirkus, ferðadýrasöfn og ferðaleikhús**	100%

98. kafli.

Ýmsar unnar vörur.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Augnabrúnalitur og aðrir þvílíkir litir (nr. 33.06).
   b. Hnappar, ermahnappar og aðrar vörur, sem taldar eru í nr. 98.01 og 98.12, ef þessar vörur eru gerðar að öllu eða nokkru leyti úr góðmálmi, góðmálmspletti (sjá þó athugasemd 2.a við 71. kafla) eða í þeim eru eðalsteinar eða hálfeðalsteinar (náttúrlegir, tilbúnir eða endurgerðir) eða perlur (71. kafli).
   c. Hlutar til almennra nota eins og þessi orð eru skýrgreind í 2. athugasemd við XV. flokk.
   d. Rissfjaðrir (90.16).
   e. Leikföng, er teljast til 97. kafla.
2. Ef annað leiðir ekki af ákvæðunum í 1. athugasemd hér á undan, teljast til kaflans vörur, sem eru að öllu eða nokkru leyti úr góðmálmum, góðmálmspletti, eðalsteinum og hálfeðalsteinum (náttúrlegum, tilbúnum eða endurgerðum) og náttúrlegum perlum.
3. Öskjur, hylki og aðrar umbúðir, sem eru fluttar inn með vörum í þessum kafla, flokkast í sömu númer og vörurnar sjálfar, ef umbúðirnar eru ætlaðar utan um vörurnar og umbúðir af þessu tagi eru almennt seldar með þessum vörum. Öskjur, hylki og aðrar umbúðir, sem eru fluttar inn sér í lagi, flokkast eftir gerð þeirra og efni.

98.01	00	**Hnappar, flibbahnappar, ermahnappar, smellur, smelluhnappar, hnappamót og hnappaefni, hnappahlutar**	40%
98.02		**Rennilásar og hlutar til þeirra:**	
	01	Málmstykki til framleiðslu á rennilásum	25%
	09	Annað	40%
98.03	00	**Sjálfblekungar, kúlupennar og aðrir slíkir pennar, pennastengur, skrúfblýantar, renniblýantar o. þ. h. og hlutar og fylgihlutar þessara vara (þó ekki vörur, sem teljast til nr. 98.04 og 98.05)**	*50%
98.04	00	**Pennar og pennaoddar**	50%
98.05	00	**Blýantar (aðrir en þeir, er teljast til nr. 98.03); ritblý; litkrít, grifflar, teiknikol, pastel-, rit- og teiknikrít; klæðskera- og billardkrít**	*50%
98.06		**Rit- og teiknispjöld, einnig í ramma:**	
	01	Skólatöflur	35%
	09	Annað	80%
98.07	00	**Innsiglis-, tölusetningarstimplar, dagsetningarstimplar og aðrir handstimplar; letur og leturhaldarar til handstimplunar**	80%
98.08	00	**Ritvéla- og reiknivélabönd o. þ. h., einnig á spólum; stimpilpúðar, einnig í kössum**	80%
98.09	00	**Innsiglislakk og flöskulakk í stöngum, plötum eða öðru svipuðu formi; fjölritunar- og valsamassi o. þ. h. gert aðallega úr gelatíni, einnig á pappírs- eða spunaefnagrunni**	80%
98.10	00	**Vindla- og vindlingakveikjarar og aðrir áþekkir kveikjarar (þar með taldir kemískir kveikjarar og rafmagnskveikjarar) og hlutar til þeirra (þó ekki steinar og kveikir)**	80%
98.11	00	**Reykjarpípur; pípuhausar, munnstykki og aðrir pípuhlutar (þar með talin lauslega formuð trjá- eða rótarstykki); vindla- og vindlingamunnstykki og hlutar til þeirra**	80%
98.12	00	**Greiður, hárkambar o. þ. h.**	100%
98.13	00	**Lífstykkjateinar og aðrir slíkir teinar til fata og fatahluta**	40%

98.14	00	**Ilmsprautuílát til snyrtingar o. þ. h. og úðarar til þeirra**	100%
98.15	00	**Hitaflöskur og önnur hitaeinangrandi ílát, hlutar til þeirra (þó ekki innri glerílátin)**	100%
98.16	00	**Mannslíkön fyrir klæðskera, sýningar o. þ. h.; mekaníska og hreyfanlegur sýningarútbúnaður í búðarglugga o. þ. h.**	90%

XXI. flokkur.

Listaverk, safnmunir og forngripir.

99. kafli.

Listaverk, safnmunir og forngripir.

Athugasemdir:

1. Til þessa kafla telst ekki:
   a. Ónotuð frímerki, stimpilmerki og önnur slík merki, sem eru gild eða verða gild hér á landi (nr. 49.07).
   b. Máluð leiktjöld, máluð baktjöld í myndastofur og annað þess háttar (nr. 59.12).
   c. Náttúrlegar perlur, eðal- og hálfeðalsteinar (nr. 71.01 og 71.02).
2. Með orðunum *myndstungur, prentmyndir og steinprentaðar myndir* í nr. 99.02 er átt við þrykk í svörtu og hvítu eða í litum með einni eða fleiri plötum, gerðum að öllu leyti í höndunum af listamanninum sjálfum og skiptir ekki máli, hvaða aðferð eða efni eru notuð, þó þannig að ekki mega hafa verið notaðar mekaníska aðferðir eða ljósmyndun.
3. Til nr. 99.03 teljast ekki endurgerðir af listaverkum í fjöldaframleiðslu eða handiðnaðarvörur með einkennum verzlunarvöru. Slíkar endurgerðir flokkast eftir efni og annarri gerð.
4. a. Geti vara eftir orðalagi textans í einstökum númerum bæði talizt til þessa kafla og einnig til annars kafla tollskrárinnar, skal hún teljast til þessa kafla, nema annað leiði af ákvæðunum í 1.—3. athugasemd hér að ofan.
   b. Vörur, sem eftir orðalagi textans geta bæði talizt til nr. 99.06 og nr. 99.01—99.05, skulu teljast til nr. 99.01—99.05.
5. Rammar um málverk, teikningar, pastelmyndir, myndstungur, prentmyndir og steinprentaðar myndir skoðast hlutar af verkunum, ef efni og verðmæti rammanna er í samræmi við þau.

99.01	00	**Málverk, teikningar og pastelmyndir gerðar í höndunum að öllu leyti (þó ekki tæknilegir uppdrættir í nr. 49.06, og handskreyttar iðnaðarvörur)**	0
99.02	00	**Myndstungur, prentmyndir og steinprentaðar myndir, enda sé um frumverk að ræða**	0
99.03	00	**Höggmyndir og myndastyttur, úr hvers konar efni, enda sé um frumsmíði að ræða**	0
99.04	00	**Frímerki, stimpilmerki og önnur áþekk merki (þar með talin póststimpilmerki, póststimpluð umslög, bréfkort o. þ. h.), notuð, eða ef ónotuð þá ógild hér á landi**	0
99.05	00	**Dýrafræðileg, grasafræðileg, jarðfræðileg, líffærafræðileg, söguleg, fornfræðileg, steingervingafræðileg, þjóðfræðileg og myntfræðileg söfn og safnmunir**	0
99.06	00	**Forngripir yfir 100 ára gamlir**	20%

2. gr.

Auk þeirra vara, sem eru tollfrjálsar eftir tollskránni í 1. gr., eru eftirtaldar vörur einnig undanþegnar aðflutningsgjöldum:

1. Áhöld og innstæðumunir í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda séu áhöld þessi og innstæðumunir tilheyrandi farartækjunum sjálfum og að dómi tollyfirvalds ekki umfram það, sem hæfilegt má teljast með tilliti til stærðar farartækjanna, hvaða ferðum þau eru í og um hvaða áhöld og muni er að ræða, og áhöld þessi og innstæðumunir verði ekki fluttir hér úr farartækjunum.
2. Vistir og aðrar nauðsynjar, sem eru í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, enda verði vistir þessar og nauðsynjar áfram í farartækjunum til notkunar þeim, svo og áhöfn og farþegum til neyzlu og notkunar, og vistir þessar og nauðsynjar geti talizt hæfilegar og leyfilegar eftir reglum, sem fjármálaráðuneytið setur um þau efni. Einungis farartæki, sem eru í utanlandsferðum, geta þó notið þessarar undanþágu, en fjármálaráðuneytið segir fyrir um það í reglugerð, hvað teljast skuli utanlandsferðir í þessu sambandi.
3. Aðrar vörur, sem ekki á að flytja hér úr farartæki, en eiga að fylgja því aftur til útlanda. Fjármálaráðuneytið getur sett nánari reglur um meðferð þessara vara og hvaða skilyrðum skuli fullnægt, svo að þær verði tollfrjálsar.
4. Vanalegur farangur áhafna í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, en það gildir sem almenn regla, sem fjármálaráðuneytið getur gert undantekningu frá með reglugerðarákvæðum eða fyrirmælum í svipuðu formi, að með vanalegum farangri áhafna er átt við fatnað og aðrar nauðsynjar, sem tilheyra áhöfnum í skipum og öðrum farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, að svo miklu leyti sem tollyfirvald telur farangur þennan til eigin nota áhafnanna sjálfra í farartækinu.
5. Vanalegur farangur ferðamanna, sem koma hingað til lands frá útlöndum, en það gildir sem almenn regla, sem fjármálaráuneytið getur gert undantekningu frá með reglugerðarákvæðum eða fyrirmælum í svipuðu formi, að með orðunum vanalegur farangur ferðamanna er átt við fatnað og aðrar ferðanauðsynjar, sem farþegar í farartækjum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, hafa meðferðis, að svo miklu leyti sem tollyfirvald telur farangur þennan til eigin nota farþeganna á ferðalaginu.
6. Fatnaður og aðrar ferðanauðsynjar hér búsettra manna, sem látizt hafa erlendis, enda beri vörur þessar með sér, að þær séu notaðar.
7. Heimilismunir, sem eru innfluttir af þeim, sem hafa verið búsettir erlendis minnst eitt ár, áður en þeir fluttu hingað til lands. Munirnir séu notaðir heimilismunir þessara manna frá því þeir voru búsettir erlendis það ár og hafi verið í eigu þeirra og notaðir af þeim allt það ár, þessir menn flytji raunverulega hingað til lands og munirnir beri þess merki, að þeir séu notaðir.

   Nánari skilyrði fyrir undanþágu þessari má setja í reglugerð m. a. um það, að hlutaðeigendur leggi fram skilríki fyrir tilskildri dvöl sinni erlendis og að þeir hafi raunverulega notað erlendis hina innfluttu muni, að þeir leggi fram skilríki fyrir búsetuheimild sinni hér og greiði gjald fyrir skoðun munanna. Þá skal og heimilt að ákveða, að undanþágan taki aðeins til heimilismuna að tilteknu verðmæti.

   Bifreiðar, bifhjól og bátar teljast ekki til heimilismuna, né munir, sem notaðir hafa verið við atvinnurekstur innflytjanda.

   Fjármálaráðherra sker úr ágreiningi um það, hvaða vörur skuli teljast til heimilismuna samkvæmt þessum tölulið.
8. Vörur til sendiráða, sendiræðismannsskrifstofa, diplómatískra sendimanna og sendiræðismanna erlendra ríkja, enda
   a. séu vörurnar fluttar inn af þessum aðilum eða keyptar af þeim fyrir milligöngu aðilja, sem fá þær tollafgreiddar fyrir þá,

b. fram hafi verið borin ósk um það við utanríkisráðuneytið, að hlutaðeigandi innflytjandi eða kaupandi njóti hér tollfrelsis,
c. viðkomandi afhendi og undirriti sundurliðaða tollskýrslu á þar til gerð eyðublöð um hina innfluttu eða keyptu vöru, sú skýrsla sé einnig undirrituð af forstöðumanni viðkomandi sendisveitar eða sendiræðismannsskrifstofu, ef annar á í hlut, og jafnan sé skýrslan með embættisstimpli hlutaðeigandi sendisveitar eða sendiræðismannsskrifstofu,
d. og því sé lýst yfir, að vörurnar séu einungis til starfseminnar hér, eigin nota hlutaðeiganda, fjölskyldu hans og/eða fyrir heimilishald hans hér.

Fjármálaráðherra getur sett nánari fyrirmæli um tollfrelsi samkvæmt þessum tölulið, svo sem um merkingu varanna o. þ. h. Enn fremur um að erlend ríki, sem ekki veita íslenzkum sendisveitum og sendimönnum sams konar tollfrelsi, skuli ekki njóta þess hér.

9. Skjaldarmerki, flögg, innsigli, stimplar og áprentuð eyðublöð, sem umbjóðendur kjörræðismanna erlendra ríkja senda þeim, enda beri vörur þessar það með sér, að þær séu ætlaðar til afnota í sambandi við ræðismannsstörfin.
10. Heiðursmerki veitt af erlendum ríkjum, svo og verðlaunagripir fyrir íþróttaafrek og önnur afrek, sem unnin eru erlendis.
11. Vörur, sem endursendar eru hingað frá útlöndum vegna þess, að þær seldust ekki þar, eða endursendar eru hingað af öðrum orsökum, enda séu færðar sannanir eða líkur, sem tollyfirvald tekur gildar, fyrir því, að um sé að ræða vörur útfluttar héðan.

Það er skilyrði fyrir tollfrelsinu, að vörurnar komi hingað innan árs frá því þær fóru héðan. Ráðuneytið má þó víkja frá þessu, ef sérstaklega stendur á.

12. Endursendar tómar umbúðir, enda séu færðar þær sannanir eða líkur, sem tollyfirvald tekur gildar, fyrir því, að um sé að ræða umbúðir utan af útfluttum vörum héðan.

3. gr.

Fjármálaráðuneytinu er heimilt:

1. Að fella niður gjöld af vöru, sem send er hingað til framhaldsflutnings (transit), enda greiði hlutaðeigandi kostnað tollgæzlunnar af eftirliti með henni, geymslu hennar og flutningi og ákvæði laga nr. 47 11. júní 1960, um tollvörugeymslur, eigi ekki við um framhaldsflutninginn, sbr. einkum IV. kafla laganna.
2. Að fella niður gjöld af vöru, sem hefur eyðilagzt, rýrnað eða orðið fyrir skemmdum á leið hingað til lands, við geymslu í vörzlum tollgæzlunnar eða farmflytjanda, enda sé eyðileggingin, rýrnunin eða skemmdirnar ekki viðtakanda að kenna, og vörunni sé fleygt undir tolleftirliti.
3. Að heimila — gegn fjártryggingu um endurútflutning og greiðslu tolla, ef endurútflutningur bregzt — tollfrjálsan innflutning á vörum, sem aðeins verða hér til sýningar eða flutnings um stundarsakir, og með sömu skilyrðum innflutning á vélum, tækjum og öðrum áhöldum, sem aðeins eru send hingað til reynslu um stuttan tíma.
4. Að heimila — með eða án fjártryggingar um endurútflutning og greiðslu tolla, ef endurútflutningur bregzt — tollfrjálsan innflutning um stuttan tíma á tækjum, verkfærum og öðru því líku, sem vísindamenn, vísindaleiðangrar, listamenn, verkfræðingar, iðnaðarmenn, björgunarleiðangrar og aðrir slíkir hafa meðferðis frá útlöndum til afnota við athuganir sínar hér, rannsóknir og starfsemi.
5. Að lækka eða fella niður gjöld af vöru, sem er send hingað til viðgerðar eða annarrar aðvinnslu.
6. Að láta koma til framkvæmda tollfrelsis- og tolllækkunarákvæði í milliríkjasamningum.

7. Að lækka eða fella niður gjöld af heimanfylgju brúða, sem flytjast hingað frá útlöndum og hafa haft þar fasta búsetu minnst 2 ár fyrir brúðkaupið, og enn fremur af venjulegum brúðargjöfum.
8. Að lækka eða fella niður gjöld af notuðum munum, sem hafa fallið í arf erlendis.

   Heimildin tekur ekki til bifreiða, bifhjóla eða báta.
9. Að lækka eða fella niður gjöld af gjöfum, sem sendar eru hingað frá útlöndum og góðgerðarfyrirtæki eða aðrar stofnanir eiga að annast dreifingu á til bágstaddra eða þvílíkra, svo og af notuðum munum til slíkra aðila. Enn fremur af gjöfum, sem aðilar erlendis senda hingað af sérstöku tilefni, þó ekki í atvinnuskyni, allt að 500.00 kr. virði að mati tollyfirvalds.
10. Að heimta ekki aðflutningsgjöld af bifreiðum og bifhjólum, er ferðamenn, sem hafa fasta búsetu erlendis og ekki reka hér atvinnufyrirtæki og ekki hafa hér heimilisfang eða eiginlega launaða atvinnu, flytja hingað til að nota hér um skamman tíma, ef þessum skilyrðum er fullnægt:
    a. Hlutaðeigandi ferðamenn aki sjálfir ökutækjum þessum, eða launaðir ökumenn þeirra, útlendir eða innlendir.
    b. Ökutækin séu ekki lánuð, leigð eða notuð til neins konar flutninga fyrir borgun.
    c. Ferðamennirnir hafi ökutækin með sér til útlanda, þegar þeir fara þangað. Þó verða ökutækin í öllum tilfellum að vera flutt út innan árs frá því að þau voru flutt hingað til lands.
    d. Ferðamennirnir hlíti þeim nánari reglum, sem fjármálaráðuneytið setur um þessi ökutæki og eftirlit með þeim.

    Ef framangreind skilyrði eru rofin eða forsendur fyrir hinum tollfrjálsa innflutningi falla niður að dómi toll- eða lögreglustjóra, mega þeir taka ökutækin þegar í stað úr umferð, og má þá tollyfirvald láta selja farartækin á opinberu uppboði til lúkningar aðflutningsgjöldum og kostnaði, eða hlutast til um endurútflutning þeirra á kostnað innflytjanda.
11. Að endurgreiða, lækka eða fella niður gjöld eða hluta af þeim
